

## Efnisyfirlit - Ársrit RHS v. starfsemi 2003

Stjórnir og/eða formenn aðildarfélaganna RHS 2003 .....	6
Skýrslur starfsmanna	
– Gunnar Ríkharðsson .....	7
– Svanborg Einarsdóttir.....	10
– Anna Margrét Jónsdóttir.....	11
– Guðný Helga Björnsdóttir.....	13
– Guðbjartur Guðmundsson .....	15
Starfsemi í einstökum búgreinum 2003	
– Sauðffjarræktin – Svanborg Einarsdóttir.....	16
– Nautgriparræktin – Guðný Helga Björnsdóttir.....	22
– Hrossarræktin - Gunnar Ríkharðsson .....	27
– Jarðrækt - Anna Margrét Jónsdóttir.....	28
Niðurstöður heysýna 2003 .....	31
Fjöldi búfjár á svæði RHS veturinn 2003-2004.....	32
Fundargerð aðalfundar RHS 27. apríl 2004.....	34
Reikningar RHS 2003 .....	38
Starfsáætlanir fyrir 2004 .....	43
Fundargerðir aðalfunda Búnaðarsambandanna 2004	
– Búnaðarsamband A-Hún .....	46
– Búnaðarsamband V-Hún .....	48
– Búnaðarsamband Strandamanna .....	54
RHS – Starfsárið 2004 .....	57
RHS – Starfsárið 2005 .....	111

Forsíðumynd tók Jón Jónsson, Kirkjubóli

# Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda

Stofnuð 15. ágúst 2001

## Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага RHS 2003

### Stjórn RHS:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður  
Rafn Benediktsson, Staðarbakka, gjaldkeri  
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, ritari

### Skoðunarmenn reikninga RHS

Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu  
Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli

### Stjórnir Búnaðarsambanda á svæði RHS

#### Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður  
Birgir Líndal Ingbórsson, Uppsölum  
Gauti Jónsson, Hvammi

#### Búnaðarsamband V-Húnavatnssýslu

Rafn Benediktsson, Staðarbakka, formaður  
Sigurður Björnsson, Kolugili  
Kristján Ísfeld, Jaðri

#### Búnaðarsamband Strandamanna

Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, formaður  
Þórður Halldórsson, Laugalandi  
Matthías Lýðsson, Húsavík

### Formenn búgreinafélaga á svæði RHS

Félag sauðfjárbænda í A-Hún: Jóhanna Pálmadóttir, Akri  
Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Þorsteinn Sigurjónsson, Reykjum  
Félag sauðfjárbænda á Ströndum: Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum  
Félag kúabænda í A-Hún: Magnús Sigurðsson, Hnjúki  
Nautgriparæktarfélag V-Hún: Skúli Einarsson, Tannstaðabakka  
Samtök hrossabænda í A-Hún, Björn Magnússon, Hólabaki  
Hrossaræktarsamtök V-Hún: Magnús Lárusson, Gauksmýri

### Ráðunautar 2003:

Brynjólfur Sæmundsson  
Guðbjartur Guðmundsson  
Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri  
Guðný Helga Björnsdóttir  
Svanborg Þ. Einarisdóttir  
Anna Margrét Jónsdóttir

**Gunnar Ríkharðsson**  
**Framkvæmdastjóri**

## **Starfsskýrsla 2003**

### **Stjórnun og umsýsla**

Mikill tími fer alltaf í þetta daglega amstur eins og að sinna ýmsum erindum í síma, greiða reikninga, færa bókhald, skipuleggja hitt og þetta osfrv. Þegar dagur er liðinn lítur maður til baka og spyr sjálfan sig – bíddu - hvað var ég að gera í dag ? Ekki vil ég meina að ekkert sé gert en tíminn líður bara oft ótrúlega hratt en það hlýtur líka að merkja að manni leiðist ekki á meðan .

Varðandi almennan rekstur þá er margt farið að ganga auðveldar fyrir sig en það gerði þegar starfsemin hófst, eftir því sem verkefni fara í fastari farveg.

### **Starfsemi og starfsmenn**

Árið 2003 var að ýmsu leyti sérstakt varðandi starfsmenn. Brynjólfur Sæmundsson ráðunautur á Hólmavík veiktist í byrjun ársins og lét síðan af störfum í apríllok, en Brynjólfur varð sjötugur þann 13 jan. 2004. Í framhaldinu ákvað stjórnin svo að flytja starfsstöðina frá Hólmavík inn á Borðeyri og hefur Svanborg starfsaðstöðu þar frá ársbyrjun 2004.

Bæði Svanborg og Guðný Helga ákváðu að fjölga mannkyninu á árinu, þann 2. jan 2003 fæddi Svanborg hana Sigríði Ósk og þann 20. febrúar var komið að Guðnýju Helgu en þá kom Fríða Rós í heiminn. Svanborg og Guðný voru því báðar í fæðingarorlofi hluta úr árinu. Ég var því í meiri vinnu á árinu en áður og niðurstaðan hjá mér varð um 70 % vinnuhlutfall. Anna Margrét var í fullu starfi eins og áður og Guðbjartur í um 0,4. Þá var Kristján Jónsson búfræðikandidat ráðinn til starfa við lambaskoðanir í Strandasýslu í um 3 vikna skeið á haustdögum. Á árinu 2003 voru því unnin ársverk hjá starfsmönnum Ráðunautapjónustunnar um 3,1 en voru um 3,4 árið 2002. Þar fyrir utan er vinna verktaka við sauðfjársæðingar og lambaskoðanir. Áætlun fyrir árið 2004 gerir ráð fyrir 3,8 ársverkum.

Í samþykktum Ráðunautapjónustunnar er gert ráð fyrir að hver búgrein fái þjónustu í sem næstu hlutfalli við hlutdeild búgreinarinnar í búnaðargjaldsstofni á svæðinu. Miðað við búnaðargjald síðustu árin þá er hlutdeild sauðfjárræktarinnar um 54-55%, nautgriparæktar um 38-39%, hrossaræktar um 3-4% og aðrar greinar eins og svína og alifuglarækt, æðardúnn og heysala skila um 3%. Miðað við skiptingu á vinnutíma starfsmanna árið 2003 þá hefur sauðfjárræktin fengið heldur meiri þjónustu en henni ber, nautgriparæktin heldur minni en hrossaræktin nokkuð nálægt lagi. Taka ber þó skýrt fram að marga liði í vinnuskráningu er mjög erfitt að heimfæra beint á ákveðna búgrein. Þetta á við um ýmsa almenna vinnu fyrir hóp af bændum og vinna fyrir blönduð bú svo eitthvað sé nefnt. Til að bæta þjónustu við kúabændur var auglýst starf ráðunauts með aðaláherslu á nautgriparækt og var Þórður Pálsson frá Sauðanesi ráðinn og tekur hann til starfa 1. ágúst 2004.

### **Fundur og námskeið**

Ég mætti á ýmsa fundi hjá búgreinafélögum á svæðinu, aðalfundi hjá afurðasölu-fyrirtækjum og á aðalfundi allra búnaðarsambandanna á svæðinu og greindi þar frá

starfsemi Ráðunautaþjónustunnar. Í febrúarbyrjun sótti ég hefðbundinn ráðunautafund í Reykjavík og þá sótti ég árlegan fund hjá Bændasamtökunum með formönnum og framkvæmdastjórum búnaðarsambanda og leiðbeiningamiðstöðva.

Aðalfundur Ráðunautaþjónustunnar var haldinn á Blönduósi 12. nóv 2003 og var hann vel sóttur og umræður góðar. Voru þar samþykkt drög að leiðbeiningaáherslum í hverri búgrein fyrir sig. Fundartími svo seint á árinu er þó alls ekki heppilegur og því var fundi flýtt núna og næsta ár þarf að stefna að aðalfundi snemma í mars ef vel á að vera.

Á árinu 2003 stóð Ráðunautaþjónustan fyrir fjölmörgum námskeiðum bæði ein og sér og í samstarfi við aðra. Má þar nefna gæðastýringarnámskeið í sauðfjárrækt, tölvunámskeið fyrir bændur, námskeið í dk-Búbót og fleiri.

Í samstarfi við verkefnið “Upplýsingatækni í Dreifbýli” var komið á námskeiðum í tölvunotkun fyrir bændur og einnig námskeiðum í notkun á áburðarforritinu NPK og bókhaldsforritinu dk-Búbót. Nokkrir hnökrar voru á því forriti í byrjun en smám saman hefur það verið að lagast og núna er eindregið hægt að hvetja alla bændur sem möguleika hafa á að færa bókhald sitt sjálfir að verða sér úti um þetta forrit og sækja námskeið í notkun þess. Hver bóndi á rétt á ókeypis aðstoð við bókhald sitt í 4 klst kaupi hann þetta forrit og sækir námskeið um notkun þess.

Á fyrri hluta ársins voru haldin fjölmörg námskeið um “Gæðastýringu í sauðfjárrækt” á öllu svæðinu og einnig sá Anna Margrét um kennslu á slíkum námskeiðum í öðrum héruðum. Voru þau vel sótt af bændum á svæðinu þó skiptar skoðanir séu á meðal bændum um notagildi gæðastýringarinnar yfir höfuð. Markmiðið hlýtur þó alltaf að vera að gera allar skráningar eins einfaldar og hægt er að komast af með, en á sama tíma að tryggja að upplýsingasöfnunin nýtist bóndanum sjálfum sem mest við ákvarðanatöku og eftirlit á sínu eigin búi.

### **Markmiðstengdar búrekstraráætlanir**

Á árinu voru unnar búrekstraráætlanir fyrir 15 bú. Ekki hefur verið nægjanlegur kraftur í þessu starfi hjá okkur fram að þessu aðallega vegna mannfæðar en með ráðningu nýs starfsmanns á árinu 2004 er vonandi hægt að setja meiri kraft í starf á þessu sviði. Í búnaðarsamningi er gert ráð fyrir að 20 milljónir á ári fari í þennan málaflokk hjá búnaðarsamböndunum en hlutdeild hvers og eins í þeim peningum ræðst af fjölda þátttakenda á hverju svæði fyrir sig. Við þurfum því að gera átak í að kynna þetta verkefni fyrir bændum og sjá þá hvort fleiri bændur sjá sér þá ekki hag í því að láta vinna slíka rekstrargreiningu og áætlanagerð fyrir sinn rekstur.

### **Faglegt starf**

Faglegum leiðbeiningum sinni ég helst fyrir kúa- og hrossabændur. Vinna mín beint fyrir kúabændur hefur orðið heldur minni en ég ætlaði í byrjun. Ég hélt þó fjóra fundi með kúabændum um fóðrun mjólkurkúa og sótti aðalfundi þeirra og að sjálfsögðu mjög skemmtilega árshátíð Húnavetskra kúabænda í Víðihlíð. Ég fór í kvíguskoðun í 2 daga með Jóni Viðari seinni partinn í maí. Nýtt merkingarkerfi fyrir nautgripi var

tekið upp á haustdögum og eðlilega þá þurfa menn tíma og aðstoð við að komast inn í breytt vinnulag á þessu sviði.

Það sem ég vinn fyrir hrossabændur tengist skýrsluhaldinu, kynbótasýningum, bókhaldsmálum og aðstoð við ýmsar uppákomur og útgáfu fréttabréfa eins og nánar kemur fram síðar.

### **Búfjárefirlit**

Í ársbyrjun 2003 tók Ráðunautaþjónustan að sér umsjón með búfjárefirliti í A-Hún og frá haustdögum einnig í V-Hún. Með slíkum samningum er tryggt að ráðunautur kemur á alla bæi einu sinni á ári og hlýtur það að vera kostur til að kynnst sem best aðstæðum hvers og eins. Nokkuð mikil skriffinnsla virðist fylgja þessu eftirliti en leita þarf leiða til að einfalda framkvæmd þess bæði vor og haust, en samhliða nýta heimsókn ráðunautarins sem best.

### **Rekstur**

Eins og framkemur í ársreikningum gekk rekstur Ráðunautaþjónustunnar vel á árinu 2003. Hagnaður er um 3,6 milljónir á móti um 170 þúsund krónur hagnaði árið áður. Þessi aukni hagnaður skýrist mest af auknum tekjum af námskeiðahaldi, búfjárefirliti, framlögum vegna nautgripa og hrossa svo og tekjum af markmiðstengdum búrekstraráætlunum. Launakostnaður er mjög svipaður milli ára en ársverkum starfsmanna fækkar um 0,3 á milli ára m.a. vegna fæðingarorlofa.

Að lokum vil ég segja að eftir því sem ég kynnist betur leiðbeiningastarfseminni þá finnst mér æ líklegra að ná mætti bæði faglegum og rekstrarlegum ávinningi með því að reka alla leiðbeiningastarfseminna undir einum hatti á landsvísu. Skiptir þá ekki máli hvort heldur hún væri rekin af “Samtökum búnaðarsambanda” eða bara beint af Bændasamtökunum. Andstaða við slíkar hugmyndir er greinileg hjá stóru búnaðarsamböndunum sem bæði hafa faglegan og rekstrarlegan grunn til að sinna sínu starfi vel, en því má þó ekki gleyma, að með fækkun bænda getur það orðið byggðamál að skipuleggja leiðbeiningaþjónustuna þannig að allir bændur eigi möguleika á sambærilegri faglegri þjónustu á svipuðum kjörum, óháð búsetu.

Að lokum vil ég þakka bændum og samstarfsfólki fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

*Gunnar Ríkharðsson*

**Svanborg P. Einarsdóttir**  
**Sauðfjárræktarráðunautur**

## **Starfsskýrsla 2003**

Mitt fyrsta verk á þessu ári var að fara í fæðingarorlof. Janúar, febrúar og maí var ég í 100 % fæðingarorlofi. Mars, apríl, júní og ágúst var ég í 50 % orlofi. Einn mánuður var geymdur til næsta árs.

Aðalviðfangsefni mín á árinu voru í sauðfjárrækt og ýmis önnur verk, samanber töflu hér að neðan. Taflan sýnir í stórum dráttum hvernig vinnutíminn skiptist milli búgreina og síðan annarra verkefna sem ekki er auðvelt að festa á einstakar búgreinar.

<b>Verkefni</b>	<b>Hlutfall</b>
Félagsleg verkefni	10%
Hrossarækt	3%
Sauðfjárrækt	52%
Bókhald	6%
Ýmis verk	29%
	100%

### **Félagsleg verkefni.**

Undir liðnum félagsleg verkefni vega þyngst úttektir og umsóknir vegna jarðabóta-verkefna. Annað sem fellur undir þennan lið eru fundarsetur, skipulagning námskeiða, upplýsingaöflun og umsóknir.

### **Hrossarækt.**

Að þessu sinni er starf mitt í hrossarækt alfarið tengt skýrsluhaldinu, það er skráning í Worldfeng.

### **Sauðfjárrækt.**

Rúmlega helmingur af vinnutímanum þetta árið fór í sauðfjárrækt. Lambaskoðun að hausti vegur þar þyngst. Námskeið vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt kemur þar fast á eftir. Þá eru alltaf einhverjar leiðbeiningar í sauðfjárrækt, þar er helst að telja rekstrarleiðbeiningar, aðstoð við skýrsluhald, Fjávís og fleira.

### **Bókhald.**

Leiðbeiningar í bókhaldi er að mestum hluta aðstoð við notkun dk-Búbót. Einnig aðstoða ég bændur sem gera sitt framtal sjálfir með því að lesa yfir og ljúka verkinu.

### **Ýmis verk.**

Að lokum eru það verkefni sem ekki eru skráð á einstakar búgreinar. Það eru skrifstofustörf, svo sem sími, ljósritun, tiltekt, hreingerningar, tölvumál og “tölvu-vandræði” sem geta tekið mikinn toll af vinnudeginum.

Anna Margrét Jónsdóttir  
Jarðræktarráðunautur

## Starfsskýrsla 2003

Verkþættir	Hlutfall, %
Félagsleg verkefni	18%
Fagleg verkefni	
<i>Jarðrækt, fóðuröflun</i>	12%
<i>Nautgriparækt</i>	4%
<i>Sauðfjarrækt</i>	27%
<i>Hrossarækt</i>	5%
<i>Landnýting *</i>	7%
Önnur verkefni	
<i>Fréttabréf, ritstörf</i>	6%
<i>Kennsla á gæðastýringarnámskeiðum</i>	11%
<i>Ýmislegt</i>	10%
<i>Alls</i>	100%

\* Verkefni skv. samningi við Landgræðslu ríkisins

### Félagsleg verkefni

Þó svo að stærsti hluti starfsins fari í að sinna faglegum verkefnum fer samt alltaf nokkur tími í að sinna svokölluðum félagslegum verkefnum. Má þar t.a.m. nefna skipulagningu tölvunámskeiða sem ég sá um, en slík námskeið voru haldin á öllu svæðinu og voru afar vel sótt. Einnig fellur hér undir skipulagning ýmissa bændafunda, fundarsetur, endurmenntun, úttektir ýmiss konar, aðstoð við umsóknir og margt fleira.

### Jarðrækt

Á árinu reyndi ég að leggja áherslu á að hvetja menn til að kalka ræktarland, þar sem þess var þörf og var m.a. með erindi þar um á þeim búnaðarfélagafundum sem ég mætti á. Vegna þess hve mikið var tekið af jarðvegssýnum árið 2002 og raunar einnig nokkuð árið 2003, voru fyrir hendi góðar niðurstöður til að leiðbeina út frá í þeim efnum. Talsverð aukning varð í gerð áburðaráætlana í kjölfar jarðræktarátaksins í V-Hún og sá ég um þá vinnu að mestu. Haldið var námskeið í notkun NPK-jarðræktarforritsins í Víðihlíð og tókst það vel með ágætri þátttöku. Ég tók að mér að vinna tunkort fyrir þá sem óskuðu eftir slíku vegna jarðræktarátaksins í V-Hún og fékk til þess aðstoðu á Héraðssetri Landgræðslunnar á Hólum í Hjaltadal. Jarðræktaráttakinu í V-Hún lauk formlega í árslok en talsverð vinna fór í heimsóknir, töku jarðvegssýna og aðra vinnu vegna þess.

### Nautgriparækt

Fremur lítill hluti af mínum tíma fer beint í nautgriparækt. Fyrst og fremst er þar um að ræða gerð rekstraráætlana fyrir kúabændur og er stór hluti þess fyrir Lánasjóð landbúnaðarins. Einnig sé ég um skráningu á sæðingum í A-Hún og fleira smálegt.

**Sauðfjárrækt**

Sem fyrr fór stærsti hluti minnar vinnu á árinu í sauðfjárrækt. Hauststörfin eru þar stærsti liðurinn, þ.e.a.s. ómskoðun og stigun lamba ásamt uppgjöri á afkvæmarannsóknnum í A-Hún. Einnig fór nokkur tími í júní í að aðstoða bændur við að útfylla og skila umsóknum í gæðastýringu í sauðfjárrækt. Ég mætti á fáeina fjárræktarfélagafundi í stað Svanborgar, meðan hún var í fæðingarorlofi. Önnur störf í þágu sauðfjárræktarinnar fela í sér gerð rekstraráætlana, aðstoð við skýrsluhald, kaup og sölu á greiðslumarki og fleira smálegt.

**Hrossarækt**

Sá hluti minnar vinnu sem flokkast undir hrossarækt, felur fyrst og fremst í sér vinnu við flettingar í Worldfeng, grunnskráningar og aðra aðstoð vegna skýrsluhaldsins.

**Landnýting**

Ég sinni nokkrum verkefnum fyrir Landgræðslu ríkisins skv. samningi milli hennar og RHS. Þar má telja heimsóknir til bænda sem eru í “Bændur græða landið” í Austur- og Vestur- Húnavatnssýslum. Einnig hef ég komið að landvottun vegna gæðastýringar í hrossarækt, fyrst og fremst í Skagafirði og fór með starfsmanni L.r. um A-Hún til að taka út jarðir vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt.

**Önnur verkefni**

Talsverður hluti af tíma mínum á árinu fór í gæðastýringu í sauðfjárrækt. Ég tók að mér að leiðbeina á námskeiðum vegna þessa og var því á flestum námskeiðum hér á svæði RHS. Auk þess leiðbeindi ég á öllum gæðastýringarnámskeiðunum í Skagafirði og einu á Hellu, Rangárvallasýslu. Alls leiðbeindi ég því á 21 námskeiði og tók það ásamt undirbúningi eðlilega drjúgan tíma.

Ég hef haft umsjón með Fréttabréfi RHS, séð að mestu um uppsetningu og frágang til prentunar, auk þess að skrifa í það.

Flesta daga fer síðan nokkur tími í óskilgreind verkefni og má þar telja til ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og önnur skrifstofustörf sem flokkast undir ýmislegt.

Að lokum vil ég þakka bændum á starfssvæði RHS fyrir mjög gott samstarf og skemmtilega viðkyrningu á liðnu ári.

*Anna Margrét Jónsdóttir*

**Guðný Helga Björnsdóttir**  
**Nautgriparæktarráðunautur**

## **Starfsskýrsla 2003**

Ég starfa í 25% hlutastarfi hjá RHS. Síðastliðið ár var ég í fæðingarorlofi frá febrúar til ágúst. Á þeim tíma sinnti ég þó skýrsluhaldi í nautgriparæktinni að hluta til. Í þessari skýrslu mun ég stikla á því helsta sem starfssvið mitt spannar, en það er alfarið innan nautgriparæktar.

### **Skýrsluhald**

Mánaðarlegar mjólkurskýrslur frá bændum þarf ég að yfirfara áður en ég sendi þær áfram suður til innsláttar í skýrsluhaldsforritið, þegar nýjar skýrslur koma til bændanna sendi ég bréf með mismiklum fróðleik ásamt þeim til skýrsluhaldsbændanna.

Tvisvar á ári er reiknað út kynbótamat fyrir kýrnar. Ég yfirfer það og reyni að finna út efnilegar nautsmæður með samvinnu bændanna og byggingadóms á kúnum. Bændur eru svo hvattir til að sæða þær með nautsfeðrum og láta vita ef það fæðist nautkálfur. Fyrir nokkra bændur hef ég unnið pörunarskýrslu, þar sem koma fram tillögur að nautum til að halda hverri kú undir. Ég sendi öllum bændum sem eiga kýr með yfir 110 í kynbótamat tillögu um hvaða naut væri heppilegt að nota til að sæða þær með. Ég tók jafnframt saman yfirlit um hvaða naut bændur gætu notað miðað við ákveðna galla hjá kúnum og mæltist það vel fyrir.

Ég hef verið með áróður til þeirra sem nota heimanaut um að þeir skrái þau þannig að dætur þeirra séu ættfærðar þegar þær bera. Margir eru orðnir duglegir við slíka skráningu, en jafnframt hefur þeim bændum fjölgað sem láta sæða kvígurnar og er það mjög gott.

### **Einstaklingsmerkingar búfjár**

Nokkur vinna fór í að leiðbeina mönnum við að panta merki. Þó fór mestur tími í að hringja í þá sem ekki voru búnir að panta og hvetja þá til þess. Nokkurs misskilnings gætti hjá bændum í fyrstu, þeir sem voru í skýrsluhaldi og merktu sína kálfa með eigin merkjum töldu að þeir þyrftu ekki að panta merki, einnig töldu sumir að ekki þyrfti að merkja nautkálfa. Bændur hafa tekið leiðbeiningum mjög vel í þessu efni og eru duglegir að skrá allar upplýsingar sem þurfa að koma fram.

### **Kúaskoðun**

Gunnar fór með Jóni Viðari í lok maí til að dæma kýr. Dæmdar voru 102 kýr á 18 bæjum í A-Hún., en 56 kýr á 10 bæjum í V-Hún. Það er slæmt að það skuli vera innan við helmingur skýrsluhaldsbúanna sem farið er á til að byggingadæma kýr. Einungis er farið á bú þar sem eru til ódæmdar kýr undan óreyndum nautum og því segir þetta okkur að bændur hér séu ekki nógu duglegir að nota óreyndu nautin.

### **Fundir og annað**

Haldnir voru fóðrunarfundir í janúar á Blönduósi og í Ásbyrgi þar sem Gunnar Ríkharðsson fór með bændum yfir niðurstöður heysýna ársins 2002. Fundirnir voru svo seint þar sem niðurstöður heysýnanna bárust mjög seint og því ekki tími til að halda þá fyrir jól. Í nóvember voru svo haldnir samskonar fundir á Blönduósi og í

Víðihlið um niðurstöður heysýna ársins 2003. Á þeim fundum notaði ég tækifærið og kynnti nýjustu efni og fréttir í nautgriparæktinni.

**Rekstraráætlanir**

5 bæir voru í búrekstraráætlunum á mínum vegum árið 2003. Það vantar meiri tíma til að sinna þessum þætti nægilega vel, með tilkomu nýs starfsmanns vonast ég til að betri flötur komist á þennan þátt starfsins.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum og stjórn RHS, stjórnnum kúabændafélaganna, búnaðarsambandanna, bændum, sæðingamönnum og öðrum kærlega fyrir samstarfið.

Bestu kveðjur

*Guðný Helga Björnsdóttir*  
*Nautgriparæktarráðunautur RHS*

**Guðbjartur Guðmundsson**

## **Starfsskýrsla 2003**

Árið var með fremur hefðbundnum hætti. Undirritaður starfaði í 35% starfi.

### **Nautgripærækt**

Safna kúaskýrslum og sendi til bænda í A-Hún. Unnið í samráði við Guðnýju Helgu Björnsdóttur.

### **Sauðfjarrækt**

Vann við ómmælingar og stigun lamba í A-Hún. Vann við skipulagningu sauðfjár-sæðinga í A-Hún.

### **Annað**

Heimsótti á annað hundrað bæi í A-Hún í vorskodun vegna forðagæslu á tímabilinu frá því um miðjan mars og fram í apríl. Sá um töku hey- og jarðvegssýna í A-Hún. Vann við úttekt á jarðabótum og umsjón með jarðabótaumsóknum í A-Hún og Strandasýslu. Skrifaði reikninga vegna Nautgripasæðinga fyrir Búnaðarsamband A-Hún. Auk þess sinnti ég tilfallandi verkefnum, fundarsetu og fleira.

*Guðbjartur Guðmundsson*

# Sauðfjárræktin 2003

Svanborg P. Einarsdóttir  
Sauðfjárræktarráðunautur

## Sauðfjárrækt í Húnaþingi og á Ströndum.

Ekki eru allar upplýsingar vegna ársins 2003 komnar til skila enn, þó þær séu með eindæmum snemma á ferðinni þetta árið. Helsta skýringin á því er væntanlega gæðastýring í sauðfjárrækt en haustuppgjör síðastliðins árs þarf að koma inn ekki síðar en 1. mars árið eftir svo búið teljist með gæðastýrða framleiðslu.

Þetta var gott afurðarár í sauðfjárrækt enda veðráttan fádæma góð.

## Úr skýrslum fjárræktarfélaganna 2003

Í töflu 1 er yfirlit yfir afurðir sauðfjárræktarfélaganna í Húnaþingi og á Ströndum. Þátttaka hefur aukist í skýrsluhaldi milli ára á Ströndum og í Húnaþingi vestra. Austur Húnavetningum hefur fækkað samkvæmt töflu 1 en þess skal getið að ekki eru allar skýrslur komnar úr uppgjöri frá BÍ.

Afurðir hafa aukist í öllum félögum en þó sér í lagi í Austur-Hún. en reiknaður kjötpungi eftir hverja á hefur aukist um eitt kíló.

**Tafla 1. Yfirlit yfir afurðaskýrsluhald sauðfjárræktarfélaganna 2002**

Fjárræktarfélag	Félagar	Fjöldi áa á skýrslu	Reikn. kjötp. á m.lambi	Reikn. eftir kjötp. hverja á	Fædd lömb e. 100 ær	Lömb til nytja e. 100 ær	Fleirl. %	Geldar %
Hólmavíkurepps	6	991	30,6	29,4	184	173	3,7	1,6
Blævur	4	1.075	33,3	31,6	179	169	4,1	3,4
Kaldrananeshrepps	4	806	31,7	30,3	181	171	3,1	2,4
Kirkjubólshrepps	14	2.664	29,9	28,7	187	175	6,4	2,0
Norðri	10	1.667	31,7	30,0	185	173	4,9	3,2
Stefnir	10	4.438	29,1	27,8	181	170	3,3	2,4
Von	10	1.888	29,8	28,2	186	171	6,6	2,0
<b>Strandasýsla 2003</b>	<b>58</b>	<b>13.529</b>	<b>30,3</b>	<b>28,9</b>	<b>183</b>	<b>172</b>	<b>5</b>	<b>2</b>
<b>Strandasýsla 2002</b>	<b>53</b>	<b>12.435</b>	<b>29,7</b>	<b>28,3</b>	<b>184</b>	<b>172</b>	<b>5</b>	<b>2</b>
Staðarhrepps	12	3.41	30,2	28,4	187	174	6,0	2,7
Víðdælinga	10	2.065	28,4	26,6	175	161	3,6	3,5
Ytri-Torfustaðahrepps	17	3.596	29,8	27,8	183	171	5,3	2,5
Fremri-Torfustaðahrepps	9	2.769	28,7	27,1	181	169	4,6	2,1
Þverárhrepps	5	910	28,1	26,6	175	165	5,0	2,9
Kirkjuhvamshrepps	12	2.370	34,6	33,4	194	183	11,0	1,9
<b>V-Húnavatnssýsla 2003</b>	<b>65</b>	<b>15.129</b>	<b>30,1</b>	<b>28,4</b>	<b>184</b>	<b>171</b>	<b>6</b>	<b>3</b>
<b>V-Húnavatnssýsla 2002</b>	<b>61</b>	<b>13.082</b>	<b>29,8</b>	<b>28,0</b>	<b>181</b>	<b>168</b>	<b>6</b>	<b>3</b>
Sveinstaðahreppur	16	4.957	28,0	26,4	178	165	4,1	3,4
Svínavatnshreppur	17	2.997	26,7	24,0	174	161	3,4	4,1

Skagahreppur	7	1.330	27,0	24,3	177	155	4,0	3,1
<b>A-Húnavatnssýsla 2003</b>	<b>40</b>	<b>9.284</b>	<b>27,4</b>	<b>25,3</b>	<b>177</b>	<b>162</b>	<b>4</b>	<b>4</b>
<b>A-Húnavatnssýsla 2002</b>	<b>54</b>	<b>11.101</b>	<b>26,2</b>	<b>24,3</b>	<b>175</b>	<b>160</b>	<b>3</b>	<b>3</b>
<b>RHS 2003</b>	<b>163</b>	<b>37.942</b>	<b>29,5</b>	<b>27,8</b>	<b>182</b>	<b>169</b>	<b>5</b>	<b>3</b>
<b>RHS 2002</b>	<b>168</b>	<b>36.618</b>	<b>28,7</b>	<b>26,9</b>	<b>180</b>	<b>167</b>	<b>5</b>	<b>3</b>

Í töflu 2 eru þau bú sem náðu yfir 28 kílóum af kjöti eftir vetrarfóðraða á og með 100 skýrslufærðar ær eða fleiri árið 2003. Að þessu sinnu eru það 67 bú sem ná þessu marki en þau voru aðeins 52 í fyrra.

**Tafla 2. Afurðahæstu búin með 100 skýrslufærðar ær eða fleiri árið 2003**

Sýsla	Eigendur	Bær	Fjöldi áa	Kjöt kg	Lömb til nytja
Strandir	Indriði og Lóa	Skjaldfönn	213	38,3	177
Strandir	Reynir og Ólöf	Hafnardal	254	37,4	188
V-Hún	Heimir og Þóra	Sauðadalsá	338	37,0	201
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauðá	357	36,7	193
V-Hún	Hjálmar og Guðlaug	Bergsstöðum	326	35,7	190
V-Hún	Tryggvi og Stella	Gröf	152	34,7	181
V-Hún	Guðmundur og Helga	Helguhvammi	290	34,3	182
Strandir	Ragnheiður Jónsdóttir	Gestsstöðum	118	34,2	193
Strandir	Nanna Magnúsdóttir	Kálfanesi II	131	33,0	188
V-Hún	Baldur og Olga	Saurbæ	302	32,9	191
V-Hún	Þóra og Sigvaldi	Urriðaá	313	32,7	179
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrum	266	32,6	179
V-Hún	Elín Anna og Ari	Bergsstöðum	299	32,5	188
V-Hún	Benedikt og Heiðrún	Neðri-Torfustöðum	220	32,1	185
Strandir	Sigurður Jónsson	St-Fjarðarhorni	214	32,0	188
Strandir	Guðjón Jónsson	Gestsstöðum	111	31,9	182
V-Hún	Böðvar Sigvaldi og Ólöf	Tannastöðum	166	31,7	172
V-Hún	Ásgeir og Sverrir	Brautarholti	236	31,5	185
V-Hún	Gunnar og Matthildur	Þóroddsstöðum	322	31,5	187
Strandir	Birna og Ingi	Kaldrananesi	196	31,3	173
Strandir	Björn Torfason	Melum 1	267	31,2	178
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	185	31,2	179
Strandir	Jón Stefánsson	Broddanesi I	304	31,1	169
Strandir	Jóhann og Jóna	Laxárdal	621	31,1	180
Strandir	Hrólfur Guðjónsson	Heiðarbæ	142	31,0	182
A-Hún	Sigursteinn Bjarnason	Stafni	209	31,0	184
V-Hún	Marsibil Ágústsdóttir	Stóru-Borg	117	31,0	191
Strandir	Jón Gústi Jónsson	Steinadal	175	30,8	175

V-Hún	Björn Sigurvaldason	Litlu-Ásgeirsá	273	30,7	174
V-Hún	Haukur og Marina	Haugi	343	30,7	184
Strandir	Einar og Guðbrandur	Broddanesi	204	30,5	174
Strandir	Félagsbúið	Odda	228	30,1	169
V-Hún	Gunnar og Gréta	Efri-Fitjum	488	30,0	173
V-Hún	Þorsteinn og Aðalheiður	Reykjum 2	542	30,0	177
Strandir	Guðbrandur Sverrisson	Bassastöðum	203	29,9	168
Strandir	Svanur Hólm Ingimundarson	Gautshamri	179	29,8	174
A-Hún	Friðrik og Erla	Gili	127	29,8	178
V-Hún	Skúli og Ólöf	Tannstaðabakka	107	29,8	184
V-Hún	Eggert Pálsson	Bjargshóli	308	29,7	179
V-Hún	Jóhann og Þórunn	Akurbrekku	303	29,6	179
V-Hún	Guðmundur Karlsson	Mýrum III	172	29,5	172
A-Hún	Steingrímur og Halldóra	Litlu-Giljá	310	29,5	184
Strandir	Marta Sigvaldadóttir	Stað	229	29,4	179
A-Hún	Ellert Pálmason	Bjarnastöðum	593	29,1	168
Strandir	Bjarni Eysteinnsson	Bræðrabrekku	178	29,1	171
Strandir	Sigursteinn Sveinbjörnsson	Litlu-Ávík	208	29,0	177
Strandir	Gunnar og Þorgerður	Bæ II	515	29,0	177
A-Hún	Ægir og Gerður	Stekkjarðal	148	28,9	165
Strandir	Bragi Guðbrandsson	Heydalsá	171	28,9	175
Strandir	Haraldur Guðmundsson	Stakkanesi	210	28,7	163
A-Hún	Pétur og Lauga	Tjörn	109	28,7	172
V-Hún	Guðmundur Kristjánsson	Syðri-Jaðri	299	28,6	159
Strandir	Fjárþúið	Innra-ósi	209	28,6	169
Strandir	Guðmundur Waage	Skálholtsvík	517	28,6	170
Strandir	Ágúst Gíslason	Steinstúni	155	28,5	177
Strandir	Jón Kristinsson	Klúku	197	28,5	180
V-Hún	Böðvar Sigvaldi og Ólöf	Mýrum II	225	28,4	174
Strandir	Hjalti Guðmundsson	Bæ	321	28,3	165
Strandir	Matthías og Hafdís	Húsavík	343	28,3	174
V-Hún	Ögn og Benedikt	Krossanesi	262	28,3	179
V-Hún	Halldór Línal Jósafatsson	Vatnshóli	228	28,2	166
V-Hún	Sólrun og Börkur	Núpsdalstungu	192	28,2	172
V-Hún	Stefán Böðvarsson	Mýrum II	256	28,1	174
V-Hún	Þorvaldur Pálsson	Ytra-Bjargi	289	28,1	176
Strandir	Halldóra Guðjónsdóttir	Heydalsá	157	28,0	170
Strandir	Hávarður Benediktsson	Kjörvogi	156	28,0	172

Að þessu sinni hefur búum með yfir 20 kg eftir veturgamla á fjölgað um helming eða úr 4 í 8.

**Tafla 3. Bú með mestar afurðir eftir veturgamlar ær.**

Sýsla	Eigendur	Bær	Fjöldi áa	Kjöt kg	Lömb til nytja
V-Hún	Tryggvi og Stella	Gröf	15	26,4	147
V-Hún	Elín Anna og Ari	Bergsstöðum	97	23,8	138
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauðá	74	22,5	122
V-Hún	Heimir og Þóra	Sauðadalsá	78	22,2	127
V-Hún	Guðmundur og Helga	Helguhvammi	42	20,4	107
A-Hún	Kristján og Steinar	Steinnýjarstöðum	11	20,4	118
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrum	60	20,3	124
V-Hún	Hjálmar og Guðlaug	Bergsstöðum	79	20,3	109

Það verður ekki sagt annað en mikil sprenging hafi orðið í kjötmatinu en nú eru 69 bú á þjónustusvæði RHS sem ná yfir 8 fyrir gerð og yfir 1,2 í hlutfall milli gerðar og fitu. Í fyrra voru búin ekki nema 29 sem náðu þessum mörkum.

**Tafla 4. Hæsta kjötmat – yfir 8 fyrir gerð og yfir 1,2 fyrir hlutfall milli gerðar og fitu.**

Sýsla	Eigendur	Bær	Fj. slátur-lamba	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall gerð/fita
Strandir	Ásdís Jónsdóttir	Steinadal	18	17,18	9,83	5,67	1,73
Strandir	Jón Gústi Jónsson	Steinadal	193	17,17	9,51	6,26	1,52
A-Hún	Ægir og Gerður	Stekkjardal	219	17,43	9,62	6,58	1,46
Strandir	Marta Sigvaldadóttir	Stað	397	15,96	8,72	6,03	1,45
Strandir	Jón Kristinsson	Klúku	356	15,58	8,34	5,81	1,44
Strandir	Valgeir Benediktsson	Árnesi II	164	1,25	8,97	6,26	1,43
V-Hún.	Skúli og Ólöf	Tannstaðabakka	182	15,67	8,73	6,10	1,43
Strandir	Kristján Albertsson	Melum II	292	16,41	9,58	6,75	1,42
V-Hún.	Ingvar og Malin	Syðra-Kolugili	193	16,44	10,21	7,25	1,41
Strandir	Reynir Björnsson	Miðdalsgröf	444	15,55	8,40	6,03	1,39
A-Hún	Jón og Eline	Hofi	564	16,02	8,28	5,95	1,39
Strandir	Jón Stefánsson	Broddanesi I	448	17,95	10,29	7,43	1,38
Strandir	Guðjón Sigurgeirsson	Heydalsá	111	15,53	8,68	6,27	1,38
A-Hún	Jón og Kristjana Stella	Stóra-Búrfelli	257	16,71	9,35	6,82	1,37
A-Hún	Ragnar og Aðalbjörg	Bakkakoti	23	16,38	8,00	5,87	1,36
A-Hún	Finnur Karlsson	Víkum	500	15,64	8,70	6,41	1,36
A-Hún	Stefanía og Bjarki	Breiðavaði	284	14,75	8,73	6,46	1,35
Strandir	Halldóra Guðjónsdóttir	Heydalsá	229	15,76	8,85	6,57	1,35
Strandir	Drífa Hrólfsdóttir	Ytra-Ósi	273	15,91	8,74	6,49	1,35
A-Hún	Vignir og Helga Björg	Höfnum	375	15,43	8,59	6,39	1,34
V-Hún.	Guðmundur Kristjánsson	Syðri-Jaðri	452	17,69	10,44	7,77	1,34

V-Hún.	Gunnar og Matthildur	Þóroddsstöðum	465	16,97	10,00	7,49	1,34
A-Hún	Björn og Dagný	Ytra-Hóli	123	16,28	8,95	6,71	1,33
V-Hún.	Hjálmar og Guðlaug	Bergsstöðum	552	18,35	10,52	7,93	1,33
A-Hún	Jónanna og Gunnar	Akri	276	17,16	10,49	7,99	1,31
A-Hún	Sigurður og Þóra	Stóru-Giljá	968	14,81	8,09	6,17	1,31
Strandir	Björn Torfason	Melum 1	457	17,08	9,63	7,36	1,31
A-Hún	Jóhanna og Grímur	Reykjum	211	15,07	8,87	6,78	1,31
A-Hún	Árni og Björg	Sölvabakka	615	16,71	9,07	6,95	1,31
V-Hún.	Hafdís Þorsteinsdóttir	Hvalshöfða	80	15,73	8,30	6,36	1,31
Strandir	Ragnar Bragason	Heydalsá	75	16,09	9,04	6,93	1,30
Strandir	Hrólfur Guðjónsson	Heiðarbæ	261	17,03	9,09	6,99	1,30
A-Hún	Einar og Sigríður	Hjallalandi	736	15,8	8,17	6,29	1,30
V-Hún.	Ingvar Jón Jóhannsson	Víðidalstungu II	406	15,71	8,30	6,40	1,30
Strandir	Rögvaldur Gíslason	Gröf	250	17,85	9,75	7,52	1,30
Strandir	Bragi Guðbrandsson	Heydalsá	234	16,15	9,04	6,99	1,29
Strandir	Sigursteinn Sveinbjörnsson	Litlu-Ávík	366	15,95	8,71	6,74	1,29
Strandir	Hjalti Guðmundsson	Bæ	461	16,72	9,43	7,33	1,29
Strandir	Nanna Magnúsdóttir	Kálfalesi II	221	17,57	9,67	7,54	1,28
Strandir	Bjarni Eysteinnsson	Bræðrabrekku	307	16,74	8,97	7,02	1,28
V-Hún.	Marianna og Garðar	Stórhóli	450	16,03	8,31	6,51	1,28
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrum	411	17,1	9,55	7,51	1,27
V-Hún.	Sigvaldi og Þóra	Urriðaá	499	18,15	10,70	8,45	1,27
V-Hún.	Björn Sigurvaldason	Litlu-Ásgeirsá	458	17,24	8,88	7,03	1,26
A-Hún	Sigursteinn Bjarnason	Stafni	333	16,54	8,65	6,85	1,26
A-Hún	Þorleifur og Kristín	Sólheimum	213	15,43	8,35	6,62	1,26
Strandir	Guðmundur Þorsteinsson	Finnbogastöðum	234	15,8	8,71	6,92	1,26
Strandir	Jón Eysteinn Bjarnason	Bræðrabrekku	92	16,93	9,24	7,36	1,26
Strandir	Sigurður Jónsson	St-Fjarðarhorni	377	16,59	8,37	6,67	1,25
V-Hún.	Konráð Jónsson	Böðvarshólum	136	18,19	9,37	7,47	1,25
Strandir	Bjarni Þ. Sigurðsson	St-Fjarðarhorni	126	16,19	8,19	6,54	1,25
V-Hún.	Tryggvi og Stella	Gröf	293	19,06	9,64	7,74	1,25
Strandir	Einar og Guðbrandur	Broddanesi	344	17,37	8,85	7,14	1,24
Strandir	Guðbrandur Sverrisson	Bassastöðum	311	17,11	9,11	7,36	1,24
A-Hún	Ellert Pálmason	Bjarnastöðum	939	16,9	8,73	7,07	1,23
Strandir	Ólöf og Reynir	Hafnardal	430	19,39	10,51	8,55	1,23
Strandir	Ragnheiður Jónsdóttir	Gestsstöðum	213	17,45	8,87	7,23	1,23
A-Hún	Sigurður Ingi og Birgitta	Syðri-Löngumýri	179	16,38	8,03	6,55	1,23
A-Hún	Kristján og Steinar	Steinnýjarstöðum	110	17,72	9,53	7,83	1,22
V-Hún.	Halldór Líndal Jósafatsson	Vatnshóli	606	17,02	9,43	7,76	1,22
V-Hún.	Benedikt og Heiðrún	N-Torfustöðum	368	17,23	8,89	7,32	1,21

V-Hún.	Elín Anna og Ari	Bergsstöðum	604	17,2	9,90	8,16	1,21
Strandir	Matthías og Hafdís	Húsavík	562	16,17	8,18	6,75	1,21
V-Hún.	Ásgeir og Sverrir	Brautarholti	420	9,11	9,11	7,52	1,21
V-Hún.	Jóhann og Þórunn	Akurbrekku	497	16,36	8,83	7,29	1,21
V-Hún.	Gunnar og Gréta	Efri-Fitjum	813	17,03	9,72	8,04	1,21
Strandir	Guðjón Jónsson	Gestsstöðum	186	17,26	8,84	7,34	1,20
V-Hún.	Haukur og Marína	Haugi	585	16,48	8,91	7,41	1,20

### Lambaskoðun og afkvæmasýningar.

Líflambaskoðun og afkvæmasýningar fóru fram með hefðbundnum hætti árið 2003. Aðeins voru gerðar upp afkvæmarannsóknir sem byggja á kjötmatsupplýsingum og gimbraskoðunum. Gerðar voru upp afkvæmarannsóknir á 22 bæjum í Strandasýslu, alls 180 afkvæmahópar. Í V-Hún voru gerðar upp rannsóknir á 20 bæjum, alls 160 afkvæmahópar og í A-Hún voru gerðar upp slíkar rannsóknir á 14 bæjum, alls 123 afkvæmahópar.

Að þessu sinni fengum við til liðs við okkur Kristján Jónsson frá Ísafirði, búfræðikandidat, sem sá að mestu um lambaskoðun á Ströndum ásamt þeim ómmælingamönnum sem þar hafa starfað undan farin ár.

**Tafla 5. Umfang lambaskoðunar haustin 2002 - 2003**

	2003	2002
A-Hún	4060	2813
V-Hún	4442	3861
Strandir	4768	4838
<b>Samtals</b>	<b>13270</b>	<b>11512</b>

### Sæðingar árið 2003

Að þessu sinni fengum við keypt sæði frá Borgarnesi og Laugardælum. Þátttaka var nokkuð góð þó dregið hafi úr henni í V-Hún. og á Ströndum. En það er með sæðingarnar eins og allt annað í sauðfjárræktinni hjá Austur Húnvetningum, leiðin liggur upp á við.

**Tafla 6. Umfang sæðinga árin 2002 – 2003**

	2003	2002
A-Hún	1144	1089
V-Hún	838	1229
Strandir	463	586
<b>Samtals</b>	<b>2445</b>	<b>2904</b>

## Nautgriparæktin 2003

Guðný Helga Björnsdóttir  
Nautgriparæktarráðunautur

### Bú með yfir 370 fyrir summu mjólkurfitu og -próteins á svæði RHS árið 2003

Raðað eftir samanlögðu magni mjólkurfitu og -próteins.

		Árskýr					
		Fjöldi árskúa	Mjólk	Fitu %	Prót. %	Kjarn- fóður	Summa fitu og próteins
Haraldur Kristinsson	Grund	18,4	6.255	4,18	3,29	1.426	467
Ingi H. Bjarnason	N-Svertingsstöðum	12,5	6.444	3,95	3,22	1.141	462
Elías og Sigríður	Stóru-Ásgeirsá	26,9	6.297	4,06	3,19	1.104	457
Jón og Sigurbjörg	Búrfelli	23,2	6.144	3,96	3,47	1.115	457
Gróa M. Lárusdóttir	Brúsastöðum	45,8	6.005	4,02	3,35	1.283	443
Guðný og Jóhann	Bessastöðum	26,2	6.217	3,99	3,12	1.254	442
Reynir Davíðsson	Harrastöðum	19,0	5.723	4,08	3,22	?	419
Kristján og Steinar	Steinnýjarstöðum	23,6	5.680	4,06	3,31	1.069	418
Pétur og Bjarney	N-Torfustöðum	25,8	5.520	4,09	3,36	782	411
Magnús J. Björnsson	Syðri-Hóli	28,5	5.559	4,04	3,26	1.146	405
Óli og Dagný	Bakka	12,9	5.599	3,92	3,28	1.062	404
Baldvin Sveinsson	Tjörn	23,2	5.411	?	?	1.185	404
Björn Magnússon	Hólabaki	28,7	5.253	?	?	790	389
Sigtryggur Sigurvaldason	Litlu-Ásgeirsá	28,4	5.482	3,71	3,30	929	384
Auðólfstaðabúið	Auðólfstöðum	33,0	5.073	4,13	3,33	?	379
Björn Sigurbjörnsson	Hlíð	13,9	5.181	3,92	3,38	?	378
Jóhannes Torfason	Torfalæk	32,3	5.246	3,81	3,37	1.020	377
Sigurður Björnsson	Kolugili	20,4	4.970	4,16	3,30	861	371
<b>Meðaltal í V-Hún.</b>	<b>Árið 2003</b>	<b>23,4</b>	<b>4.847</b>	<b>3,97</b>	<b>3,29</b>	<b>805</b>	<b>348</b>
<b>Meðaltal í A-Hún.</b>	<b>Árið 2003</b>	<b>21,8</b>	<b>4.842</b>	<b>3,93</b>	<b>3,32</b>	<b>885</b>	<b>350</b>
<b>Landsmeðaltal</b>	<b>Árið 2003</b>	<b>28,4</b>	<b>5.063</b>	<b>4,05</b>	<b>3,37</b>	<b>881</b>	<b>377</b>
Meðaltal í V-Hún	árið 2002	23,2	5.037	3,92	3,32	841	368
Meðaltal í A-Hún.	árið 2002	21,2	4.679	3,95	3,35	889	334
Landsmeðaltal	árið 2002	28,2	5.006	4,03	3,39	911	374
Meðaltal í V-Hún	árið 2001	20,7	4.870	4,00	3,30	785	351
Meðaltal í A-Hún.	árið 2001	22,0	4.541	4,00	3,30	887	331
Landsmeðaltal	árið 2001	26,5	4.894	4,00	3,40	851	362

Taflan hér að ofan raðar nythæstu búum á svæði RHS eftir efnamagni mjólkurinnar, sem ræður verðmæti mjólkurinnar frá afurðastöð. Í töflunni eru öll bú með yfir 370 kg í efnamagni mjólkur. Búin eru tveimur færri en árið 2002.

Austur Húnvetningar standa sig með prýði, þó að tvö af nythæstu búunum hafi hætt framleiðslu, þá hækkar meðalnytin þar um 163 lítra, hins vegar lækkar meðalnytin í V-Hún. um 190 lítra, sem er mjög léleg frammistaða. Í töflunni má sjá að afurðir á landsvísu hafa aukist um 0,8% m.v. efnamagn, en 1,1% m.v. nyt á milli áranna 2002

og 2003. Í V-Hún. hafa afurðirnar minnkað um 5,4% m.v. efnamagn og 3,8% m.v. nyt. Í A-Hún. hafa afurðirnar aukist um 4,8% m.v. efnamagn, en 3,5% m.v.nyt. Árskúm fjölgar á landsvísu um 0,7%, um 0,9% í V-Hún. og um 2,8% í A-Hún.

	Alls hjá RHS	Strandir	V-Hún.	A-Hún.
Greiðslumarkshafar	78 70	3 3	28 26	46 41
Mjólkurframleiðslubú	71 67	2 2	26 25	43 40
Skýrsluhaldsbændur	58 56	1 1	20 20	37 35
Bændur utan skýrsluhalds	13 11	1 1	6 5	6 5
Skipting greiðslumarks	100%	2%	36%	62%
Hlutfall greiðslumarks innan skýrsluhalds	89% 88%	66%	86% 89%	91% 89%

Taflan hér að ofan sýnir upplýsingar um mjólkurgreiðslumark á svæði RHS (*skáletraðar tölur sína stöðuna í ágúst 2003*). Upplýsingarnar byggjast á stöðu greiðslumarks í nóvember 2003, en þá var heildargreiðslumark á svæðinu 6.255.818 lítrar. Greiðslumarkshafar eru fleiri en mjólkurframleiðslubú vegna þess að stundum eru skráðir fleiri en einn greiðslumarkshafi á bú og á sumum búum er geymt greiðslumark, þó ekki sé þar framleiðsla.

### Kýr með yfir 550 fyrir summu mjólkurfitu og -próteins á svæði RHS árið 2003

Raðað eftir samanlögðu magni mjólkurpróteins og mjólkurfitu.

Nafn	Fæð- ingarár	Frá	Faðir Nafn	Mjólk	M.- fita	M.- prót.	Summa fitu og próteins
12 Botna	?	Tjörn	99999 óþekktur	9.066	399	318	717
91 Laufa	1995	Harrastöðum	87003 Daði	8.270	382	263	645
197 Bára	1997	Stóru-Ásgeirsá	90019 Almar	8.273	361	268	630
159 Sóley	1996	N-Torfustöðum	94883	8.075	361	250	611
141 Tröllasæla	1994	Búrfelli	87014 Andvari	8.362	310	295	605
160 Svarta	?	Búrfelli	99999 óþekktur	7.276	322	283	604
388 Pála	1997	Torfalæk	88002 Óli	7.592	325	268	593
63 Laufatía	1999	Súluvöllum	97881 Skjöldur	6.483	349	241	590
207 Dimma	1999	Austurhlíð	96013 Núpur	7.948	318	270	588
176 Gréta	1997	Brúsastöðum	87003 Daði	7.315	325	263	588
233 Silla	1998	Brúsastöðum	99999 óþekktur	7.847	315	266	581
190 Milla	1997	Stóru-Ásgeirsá	89001 Þyrnir	7.166	327	246	573
407 Leysa	?	Torfalæk	99999 óþekktur	7.092	294	266	561
82 Magna	1997	Bessastöðum	88017 Holti	7.653	329	230	559
187 Tobba	1999	Brúsastöðum	90025 Skór	7.590	313	245	558
77 Snögg	1997	Þórukoti	99999 óþekktur	7.340	303	255	558
112 Lauga	1999	Grund	90023 Tuddi	7.134	321	232	554
155 Blökk	1996	Brúsastöðum	88002 Óli	7.686	293	259	552
55 Randalín	1995	N-Svertingsst.	92005 Galmar	7.209	303	251	555
57 Sóley	1995	N-Svertingsst.	92030 Bjarmi	6.805	304	249	554
14 Lukka	1998	Blöndudalshólum	90023 Tuddi	6.705	326	228	554
29 Tugga	1998	Eyjólfstöðum	90035 Stúfur	7.325	324	229	553

Listinn hér fyrir ofan sýnir afurðahæstu kýrnar árið 2003. Þær eru fjórum færri en árið 2002. Ein kýr mjólkar yfir 700 kg af mjólkurfitu og –próteini og 6 kýr alls mjólka yfir 600 kg. Árið 2002 mjólkuðu hins vegar 9 kýr yfir 600 kg og þar af ein yfir 700.

Hér á eftir fer listi yfir þær kýr sem eru með nokkuð öruggan nautsmæðradóm. Á honum eru 33 kýr sem hafa yfir 115 í kynbótamat. Kýr sem hafa kynbótamat frá 110 til 114 koma til greina sem nautsmæður séu þær afburðagripir um júgur- og spenagerð auk góðrar umsagnar um mjaltir og skap. Einnig þurfa þær að hafa jákvætt frávik fyrir eigin afurðir, vera kollóttar og hafa próteinhlutfall yfir 90. Á svæðinu eru 100 kýr með kynbótamat á bilinu 110-114.

### Nautsmæður á svæði RHS árið 2003

Kýr	Frá	Faðir	Kynbótam.			Byggingadómur					Prótein %
			Æ	E	alls	Skr	Júg	Sp	Mj	Ska	
220 Hespera	Auðólfstöðum	96891	116	8	124						105
77 Skessa	Skinnastöðum	89017 Búi	113	10	123						111
75 Sól	N-Svertingsst.	97010 Stígur	119	4	123	28	15	15	18	5 = 81	104
136 Hjálma	Steinnýjarst.	91032 Krossi	115	7	122	28	17	16	19	5 = 85	105
129 Hnísa	Syðra-Hóli	97892 Kynbæti	115	5	120						112
388 Pála	Torfalæk 2	88002 Óli	110	10	120						112
182 Sóla	Auðólfstöðum	88002 Óli	113	7	120	27	16	15	18	3 = 79	107
132 Leysa	Höskuldsst.	99999	97	22	119						105
114 Sóley	Eyvindarst.	89017 Búi	118	0	118	29	17	15	18	5 = 84	98
366 Úa	Sauðanesi	92028 Smellur	114	4	118	28	17	17	17	5 = 84	92
185 Spíra	N-Torfustöðum	91026 Skutur	112	6	118	27	16	17	18	5 = 83	103
120 Stygg	Syðra-Hóli	97892 Kynbæti	111	6	117						110
82 Drottning	Bakka	88022 Sporður	112	5	117	29	16	17	18	5 = 85	87
161 Branda	Stóru-Borg	88002 Óli	112	5	117	28	15	15	18	5 = 81	107
106 Harpa	Hnjúki	90035 Stúfur	108	8	116						96
176 Gryla	Stóru-Borg	87003 Daði	107	9	116	28	16	17	18	5 = 84	101
194 Þruma	N-Torfustöðum	92028 Smellur	112	4	116	28	17	16	18	4 = 83	91
189 Brún	Tannstaðabakka	98882 Silfri	116	0	116	28	17	15	18	4 = 82	100
191 Alma	Auðólfstöðum	90019 Almar	111	4	115	28	15	15	18	5 = 81	110
202 Toppa	Auðólfstöðum	90019 Almar	114	1	115	29	17	16	18	5 = 85	94
194 Lala	Austurhlíð	96027 Hófur	112	3	115	29	17	17	18	5 = 86	104
108 Surtla	Brandaskarði	91032 Krossi	112	3	115	27	16	17	18	5 = 83	95
350 Hera	Sauðanesi	90019 Almar	111	4	115	27	16	17	16	5 = 81	108
121 Skotta	Steinnýjarst.	95025 Glæsir	104	11	115	28	16	15	19	5 = 83	117
129 Dimma	Steinnýjarst.	96013 Núpur	107	8	115	28	16	17	17	4 = 82	125
73 Rósalind	Litlu-Hlíð	86013 Þráður	105	10	115						121
46 Kær	Sólbakka	88026 Mosi	106	9	115						102
71 Gráma	Sólbakka	97016 Brimill	112	3	115	28	16	16	16	5 = 81	99
63 Laufatía	Súluvöllum	97881 Skjöldur	110	5	115						100
100 Nurta	Brautarholti	94030 Þrúður	111	4	115	28	16	16	18	5 = 83	107

183 Nóra	N-Torfustöðum	91002 Negri	111	4	115	27	15	15	18	4 = 79	110
85 Skjóla	Staðarbakka	88002 Óli	109	6	115	28	16	16	16	5 = 81	101
174 Sokka	Tannstaðabakka	90007 Sorti	110	5	115	28	17	18	18	5 = 86	101

Ég sendi sæðingamönnunum og bændunum yfirlit yfir nauksmæðurnar með upplýsingum um byggingadóm þeirra. Sumar kýr á milli 110 og 115 hafa mjög góðan byggingadóm. Koma þær til greina sem nauksmæður, ef bændurnir eru sjálfir ánægðir með þær og þær uppfylla áðurnefnd skilyrði. Gott er fyrir sæðingamennina að hafa slíkt yfirlit hjá sér til að glöggva sig á kúnum. Nauðsynlegt er að sæða efnilegustu nauksmæðurnar með nauksfeðrum til að eiga von á að úr þeim komi góður gripur, annað hvort efnileg kvíga eða naut sem tekið er til uppeldis sem sæðingnaut.

Í maí 2003 fór Gunnar með Jóni Viðari um báðar sýslurnar til að dæma kýr. Byggingadómur kúnna er nauðsynlegur til að við fáum mat á það hvernig kýr nautin gefa. Eftir því sem fleiri kýr eru dæmdar undan hverju nauti, eftir því öruggari verða upplýsingarnar sem við fáum. Því er aldrei of oft hvatt til þess að bændur noti óreyndu nautin á um helming kúnna sinna og vandi ætternisskráningu.

Dæmdar voru 158 kýr á 28 bæjum. Einungis er farið á bæi þar sem eru ódæmdar kýr undan óreyndum nautum.

### Dæmdar kýr árið 2003 með einkunn yfir 85 í byggingardóm á svæði RHS

Byggingardómurinn er reiknaður saman úr fimm tölum. Fyrsta talan er einkunn fyrir skrokk (hæst 35), önnur fyrir júgur (20), þriðja fyrir spena (20), fjórða fyrir mjaltir (20) og fimmta fyrir skap (5).

Kýr	Frá	Faðir Nafn	_Kynbótamat_			Byggingardómur
			ætternis	afurða	alls	
261 Skrauta	Syðsta-Ósi	98005 Dugur	108	2	110	30 17 18 18 5 = 88
111 Tíbrá	Bessastöðum	91022 Skjöldur	99	-1	97	29 17 18 18 5 = 87
262 Branda	Syðsta-Ósi	90007 Sorti	98	2	100	28 18 18 18 5 = 87
271 Þúfa	Syðsta-Ósi	98881 Farsæll	100	0	100	29 18 16 18 5 = 87
243 Frökk	Litlu-Ásgeirsá	96028 Fróði	106	2	108	31 18 17 18 3 = 87
245 Ljóma	Litlu-Ásgeirsá	97037 Rosi	102	4	106	30 18 16 18 5 = 87
78 Skráma	Sólbakka	92028 Smellur	108	0	108	30 17 18 18 4 = 87
291 Snælda	Brúsastöðum	90007 Sorti				29 18 17 18 5 = 87
361 Marta	Sauðanesi	90007 Sorti	94	2	96	29 17 17 19 5 = 87
118 Óla	Brandaskarði	97032 Þverteinn	98	-1	97	30 17 16 19 5 = 87
18 Grýla	Hlíð	91026 Skutur				30 17 17 18 5 = 87
109 Bjóla	Bessastöðum	92028 Smellur	108	3	111	29 17 17 18 5 = 86
239 Flugá	Litlu-Ásgeirsá	90023 Tuðdi	101	2	103	29 17 17 18 5 = 86
211 Vordís	Austurhlíð	90016 Forseti				29 17 17 18 5 = 86
259 Bredda	Stekkjardal	98004 Gambri				29 18 16 18 5 = 86
445 Lukka	Torfalæk	90023 Tuðdi				29 17 17 18 5 = 86
228 Önn	Auðólfstöðum	98017 Sóli	108	-2	106	29 16 17 19 5 = 86
141 Drottning	Árholti	97002 Bylur	109	3	112	29 17 16 19 5 = 86
194 Rönd	Fremstagili	92021 Beri	103	1	104	29 17 17 18 5 = 86
205 Ólafía	Hvammi	97023 Kóri	110	0	110	29 17 17 18 5 = 86
120 Ásta	Grund	91034 Bætir	102	4	106	29 17 17 18 5 = 86
201 Þrá	Fremstagili	92028 Smellur				29 17 17 18 5 = 86
192 Jólárós	Tannstaðabakka	98883 Spuni	102	0	102	29 17 17 18 4 = 85

77 Gína	N-Svertingsst.	98005 Dugur	110	2	112	29 17 16 18 5 = 85
267 Humla	Syðsta-Ósi	98881 Farsæll	105	0	105	27 17 18 18 5 = 85
269 Huppa	Syðsta-Ósi	98881 Farsæll	103	0	103	28 17 17 18 5 = 85
274 Dumba	Syðsta-Ósi	98881 Farsæll	103	0	103	29 17 17 18 4 = 85
102 Snerting	Þórukoti	92005 Galmar	101	2	103	30 16 18 18 3 = 85
77 Perla	Litlu-Hlíð	97023 Kóri	112	0	112	29 17 16 18 5 = 85
75 Sletta	Sólbakka	90007 Sorti	99	-1	98	29 17 18 16 5 = 85
119 Kara	Grund	97032 Þverteinn	105	0	105	28 18 16 18 5 = 85
72 Rauðka	Syðri-Grund	89001 Þymir				29 15 18 18 5 = 85
85 Dumba	Syðri-Grund	92026 Tengill				28 18 16 18 5 = 85
256 Silla	Stekkjardal	92021 Beri	103	0	103	29 17 17 18 4 = 85
364 Torfa	Sauðanesi	90016 Forseti				29 17 16 18 5 = 85
142 Ósk	Árholti	90016 Forseti	97	0	97	29 17 16 18 5 = 85
		97031				
111 Hjálma	Brandaskarði	Hornfirðingur	98	-2	96	29 17 16 18 5 = 85
136 Hjálma	Steinnýjarst.	91032 Krossi	115	7	122	28 17 16 19 5 = 85
216 Rifa	Auðólfssstöðum	92005 Galmar	105	3	108	29 16 17 18 5 = 85
27 Skinna	Blöndudalsh.	97030 Kubbur				30 16 17 18 4 = 85
214 Króna	Austurhlíð	98005 Dugur	108	1	109	29 17 15 19 5 = 85
128 Brandý	Ártúnum	97001 Teinn				30 17 17 16 5 = 85

## Hrossaræktin 2003

**Gunnar Ríkharðsson**  
**Hrossaræktarráðunautur**

Staða hrossaræktar í héraðinu er frekar þung. Útflutningur á lífhrossum hefur dregist mikið saman á landsvísu síðustu árin og hrossakaupendur virðast almennt frekar keyra austur fyrir fjall heldur en norður yfir Holtavörðuheidi. Fáir í héraðinu lifa eingöngu af hrossarækt en sala á lífhrossum, sláturgripum, merarblóði, hagagöngu, tamningum og hestatengdri ferðaþjónustu skapar vissulega verulegar tekjur í héraðinu og styður við aðra starfsemi í sveitunum og styrkir þannig byggðina fyrir utan alla lífshamingjuna sem hrossaræktinni fylgir.

Vinna mín fyrir hrossabændur tengist skýrsluhaldinu, kynbótasýningum, bókhaldsmálum og aðstoð við ýmsar uppákomur og útgáfu fréttabréfa. Sú breyting varð á árinu að Ráðunautaðjónustan tók að sér að sjá um allt skýrsluhald í hrossarækt á svæðinu fyrir Bændasamtökin. Reynslan af þessu er mjög góð og er það örugglega kostur að þeir sem sjá um skýrsluhaldið séu dálítið nálægt hrossaeigendum og þekki þeirra aðstæður. Þannig verður einnig auðveldara að fá til liðs nýja skýrsluhaldara og allar leiðréttingar verða auðveldari. Samhliða þessu fær Ráðunautaðjónustan greiðslur frá BÍ vegna skýrsluhalds en þær runnu áður til hrossaræktarsamtakanna á svæðinu. Á árinu 2003 fá þó samtökin hluta af greiðslunni til sín í samræmi við samþykkt stjórnar RHS. Ég sótti fund með kynbótadómurum á Hellu í apríl og hrossaræktarráðstefnu og fund hjá BÍ um skýrsluhaldið í hrossaræktinni í nóvember.

Í júníbyrjun var haldin kynbótasýning á Hvammstanga og eins og alltaf fór nokkuð mikill tími í skráningar, skipulagningu og framkvæmd hennar. Dómarar voru Ágúst Sigurðsson og Sigurður Oddur Ragnarsson en sú nýbreytni var tekin upp á árinu að nota aðeins tvo dómara í stað þriggja áður. Framkvæmd sýningarinnar gekk vel en veðrið var ekki alveg eins og best verður á kosið, norðan belgingur að mati dómara en hávaðarok að mati sýnenda.

# Jarðræktin 2003

**Anna Margrét Jónsdóttir**  
**jarðræktarráðunautur**

## Fundastarf og námskeið

Töluvert starf fer í jarðræktina á ári hverju. Á árinu 2003 voru reyndar ekki haldnir neinir sérstakir jarðræktarfundir, en á búnaðarfélagsfundum var ég með erindi um jarðræktartengd efni þar sem þess var óskað. Haldið var námskeið í NPK-áburðar- og jarðræktarforriti í Víðihlíð 23. og 24. janúar og voru þátttakendur almennt nokkuð ánægðir með það. Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt, þar sem farið var yfir helstu þætti áburðarfræðinnar og kennd notkun forritsins til hagræðingar við gerð áburðaráætlana.

## Jarðræktaráttak í V-Hún

Jarðræktaráttakið í V-Hún hélt áfram á árinu 2003 og lauk formlega um áramót. Alls tóku 47 bændur þátt áður en yfir lauk og voru áherslur þeirra nokkuð mismunandi eftir efnum og aðstæðum.

Unnin voru túnkort fyrir 34 bændur og vann ég þau sjálf. Til þess fékkst aðstaða hjá héraðssetri Landgræðslunnar á Hólum í Hjaltadal. Unnið var að mestu með litloftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Tekin voru jarðvegssýni á 38 bæjum, alls 119 sýni. Víða kom fram að sýrustig væri alllág í túnum og var talin full þörf á að bæta úr því með kölkun, sér í lagi yngri túna. Brugðust margir bændur strax við því enda einsýnt að nýta jarðabótaframlag sem nú er greitt út á slíkt. Tekin voru heysýni á 31 bæ, alls 134 sýni og voru þau ásamt jarðvegssýnunum nýtt til áburðarleiddbeininga og við vinnu áburðaráætlana.

Nær allir bændur í verkefninu hafa verið heimsóttir á tímabilinu og staða jarðræktar á búum þeirra skoðuð. Talsvert hefur verið unnið af áburðaráætlunum og er von á að fleiri nýti sér það á næstu árum.

## Jarðvegssýni

Alls voru tekin 88 jarðvegssýni á svæði RHS haustið 2003 á alls 26 bæjum. Megnið af þeim var í V-Húnavatnssýslu, vegna jarðræktaráttaksins. Í töflu 1 má sjá niðurstöður jarðvegsefnagreininga. Sýnum í V-Hún er skipt eftir svæðum, en þar sem ekki voru sýni frá nema svo fáum bæjum í hinum sýslunum tveimur, var því ekki skipt nánar niður.

Sýrustig jarðvegs reyndist í nokkrum hluta sýna vera of lágt til að sáðgresi gæti þrífist eðlilega og tún skilað eðlilegri uppskeru en miðað er við að það þurfi að vera vel fyrir ofan pH 5, helst fyrir ofan pH 5,3. Sérstaklega var þetta áberandi á ákveðnum svæðum og voru flest tún á Vatnsnesi sem fyrr áberandi súr. Einnig var talsvert lágt sýrustig í nokkrum túnum í Bæjarhreppnum, og víða í Austur-Húnavatnssýslu. Ástandið í Staðarhreppi hinum forna var upp og ofan, bæði komu fram há og lág pH-gildi. Nær öll sýni í Miðfirðinum komu vel út, hvað sýrustig varðar, eins og í fyrra og er ástæða til að ætla að ástandið sé þar víðast mjög gott. Í Víðidal og Vesturhópi var

ástandið í stórum dráttum gott, þó einstaka spildur hafi komið fram með lágt pH-gildi, og þá fyrst og fremst gömul mýratún og framræstir flóar.

**Tafla 1. Jarðvegssýni í A-Hún, V-Hún og á Ströndum 2003**

Svæði	Bæir	Sýni	pH	P (al)	P (carb)	Ca	Mg	K	Na
Hrútafjörður	5	15	5,32	15,32	5,76	12,45	4,69	1,03	0,95
Miðfjörður og Fitjárdalur	6	23	5,45	21,43	6,61	14,31	6,53	1,29	0,94
Víðidalur og Vesturhóp	4	10	5,43	5,76	3,65	10,56	4,20	1,08	0,74
Vatnsnes	2	5	4,95	29,98	8,72	9,18	3,86	0,84	1,00
<b>V-Hún alls</b>	<b>17</b>	<b>53</b>	<b>5,36</b>	<b>17,40</b>	<b>5,99</b>	<b>12,57</b>	<b>5,29</b>	<b>1,12</b>	<b>0,91</b>
<b>A-Hún alls</b>	<b>5</b>	<b>23</b>	<b>5,06</b>	<b>11,69</b>	<b>4,73</b>	<b>14,18</b>	<b>4,12</b>	<b>0,75</b>	<b>0,86</b>
<b>Strandir alls</b>	<b>4</b>	<b>12</b>	<b>5,22</b>	<b>9,15</b>	<b>4,48</b>	<b>8,92</b>	<b>3,72</b>	<b>0,93</b>	<b>1,02</b>

Þegar á heildina er lítið eru alla jafna háar fosfór-tölur í jarðvegssýnunum en þær teljast háar þegar þær eru komnar yfir 10 (P al) og mjög háar yfir 15. Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlilegt þar sem þær áburðarblöndur sem til boða standa hérlendis eru flestar nokkuð háar í fosfór og íslenskum bændum hefur til langs tíma verið ráðlagt að nota heldur ríflega af fosfór til að ná betri nýtingu á honum í köldum vorum. Enn fremur er stór hluti þeirra túna sem sýni voru tekin úr, gamalræktuð þar sem fosfórforði hefur smám saman byggst upp í jarðveginum. Í mörgum tilfellum er óhætt að ráðleggja mönnum að draga úr fosfór í áburði, altént á eldri tún sem alltaf hafa fengið mikinn skít. Engu að síður sýna jarðvegssýnin glöggt að yngri tún og nýræktir eru oft nokkuð lág í fosfór og þar er mikilvægt að bera vel á af fosfór, til að styrkja rötarkerfið og tryggja góða uppskeru.

Kalí-tölur eru yfirleitt í meðallagi háar, en þær teljast háar þegar komið er upp fyrir 0,8. Kalí er mjög hreyfanlegt í jarðvegi og því gengur hratt á forða þess ef ekkert eða lítið kalí er borið á. Víða er það sérstaklega hátt þar sem jafnan hefur verið borinn á mikill skítur auk þriggils áburðar, en þá getur kalí í heyjum orðið of mikið og komið niður á efnajafnvægi gripanna.

Önnur steinefni; kalsíum, magnesíum og natríum voru yfirleitt í góðu lagi. Þó fer gjarnan saman lágt sýrustig og lítið af þessum efnum. Á því má ráða bót með því að kalka sem auk þess að gefa betri endingu sáðgresis og meiri uppskeru, skilar sér þá einnig í hollari og steinefnaríkara fóðri.

### Jarðabætur

Heldur meira var tekið út af jarðabótum á árinu 2003 heldur en árið áður. Alls voru teknar út framkvæmdir á 47 bæjum á svæðinu öllu. Hreinsun skurða er sem fyrr umfangsmest, en hreinsað var upp úr 14,5 km af skurðum á 15 bæjum sem þó er nær helmingi minna en árið áður. Kornrækt var tekin út á 6 bæjum í A-Hún og er það heldur fjölgun. Kölkun ræktunarlands er greinilega vaxandi og var slíkt tekið út á 10 bæjum í ár. Hagaskýlum fyrir hross fjölgar enn á svæðinu og sömuleiðis er alltaf eitthvað um að menn breyti básum í fjósum.

Sjá má nánar um umfang jarðabótaúttekta í töflu 2 hér að neðan.

**Tafla 2. Jarðabætur sem teknar voru út á svæði RHS árið 2003**

	A-Hún		V-Hún		Strandir	
	Bæir	fj./lengd	Bæir	fj./lengd	Bæir	fj./lengd
Kornrækt	6					
Kölkun	6		2		2	
Bætt aðgengi almennings að landi			1			
Hagaskýli fyrir hross	2		1			
Endurbætur á básum í fjósi	4	70 básar	3	84 básar		
Purrkskurðir	5	4,2 km	9	10,1 km	1	0,2 km
Aðlögun gróðurhúss að lífr. ræktun			1	1.060 m <sup>2</sup>		
<b>Samtals</b>	23		17		3	

Talsvert af umsóknum skilaði sér inn, umsóknum um kölkun ræktunarlands fer enn fjölgandi og er það afar ánægjulegt. Einnig voru nokkrar umsóknir um gerð landnýtingaráætlana og er stefnt á að reyna að halda námskeið í því haustið 2004.

# Niðurstöður heysýna 2003

**Gunnar Ríkharrðsson**

Mun færri sýni komu til efnagreininga haustið 2003 en árið áður og má það vafalítið rekja til þess að illa gekk að efnagreina og skila niðurstöðum haustið 2002 vegna tækjabilana ofl.

Af okkar svæði voru mæld alls 124 sýni og af þessum sýnum eru 6 af grænfóðri, 2 af vothegi, 17 af þurrhegi og 99 sýni úr rúllum. Bæði er um að ræða hirðingarsýni og sýni tekin að lokinni verkun fódursins og sýni af há og fyrri slætti.

Þurrefni í sýnum er svipað nú (54%) og árið áður (53%) og nú sem þá er það lægst á Ströndum. Orkugildi (meltanleiki, Fem/kg) er lægra í A-Hún en árið áður en nokkru hærra í V-Hún og á Ströndum. Hráprótein (16,7 vs 17,3) og PBV gildi (43 vs 48) eru nokkru hærra þetta árið miðað við árið í fyrra.

## 1. tafla Heyefnagreiningar á svæði RHS 2003 – meðaltöl svæða án grænfóðurs.

	A-Hún	V-Hún	Strandir	2003	2002
Fjöldi	91	20	7	118	212
Þurrefni %	58	51	38	56	53
Meltanleiki %	68,5	68,1	70,6	68,5	69,3
Fem / kg þe	0,77	0,77	0,80	0,77	0,79
Hráprótein % þe	17,3	16,7	19,4	17,3	16,7
AAT g/kg þe	73	69	63	72	72
PBV g/kg þe	45	48	85	48	43
Kalsíum (Ca) g/kg þe	3,9	3,7	3,4	3,9	3,8
Fosfór (P) g/kg þe	3,7	3,6	4,3	3,7	3,6
Magnesium (Mg) g/kg þe	2,4	2,4	2,2	2,4	2,3
Kalíum (K) g/kg þe	19	18	23	19	17
Natríum (Na) g/kg þe	1,1	1,3	1,2	1,2	1,5

Ef litið er á mismunandi verkunaraðferðir má sjá að orkugildið (meltanleiki, Fem/kg) er áberandi hærra í rúlluhegi (0,78) en í þurrhegi (0,74). Hugsanleg skýring er að orkutap við verkun aukist eftir því sem meira er þurrkað á velli eða þá hitt að bændur þurrki frekar hey af eldri og lakari tünnum en af þeim nýlegri. Grænfóðrið er þó orkuríkast eins og við var að búast.

## 2. tafla Heyefnagreiningar á svæði RHS 2003 – mismunandi fódurgerðir.

	Grænfóður	Rúlluhey	Vothey	Þurrhey	Alls
Fjöldi	6	99	2	17	124
Þurrefni %	22	52	65	76	54
Meltanleiki %	75,5	69,0	63,0	66,2	68,9
Fem / kg þe	0,88	0,78	0,69	0,74	0,78
Hráprótein % þe	14,4	17,3	14,0	17,8	17,2
AAT g/kg þe	82	70	62	84	72
PBV g/kg þe	1	52	33	29	46
Kalsíum (Ca) g/kg þe	5,3	3,8	4,8	3,9	3,9
Fosfór (P) g/kg þe	3,0	3,7	3,2	4,0	3,7
Magnesium (Mg) g/kg þe	2,5	2,4	3,2	2,4	2,4
Kalíum (K) g/kg þe	19	19	12	19	19
Natríum (Na) g/kg þe	4,5	1,2	1,2	1,0	1,3

## Fjöldi búfjár á svæði RHS veturinn 2003-2004

### Nautgripir á svæði RHS 2003-2004

	Kýr	Holdakýr	Kvígur	Geldneyti	Kálfar
Áshreppur	49	19	20	34	51
Sveinstaðahreppur	82	1	16	158	79
Torfalækjarhreppur	101	14	34	59	82
Blönduósbær	108		22	144	109
Svínavatnshreppur	192	34	30	180	107
Bólstaðarhlíðarhreppur	195		44	152	122
Höfðahreppur				10	4
Skagabyggð	192		21	190	164
<b>A-Hún Samt. 2003</b>	<b>919</b>	<b>68</b>	<b>187</b>	<b>927</b>	<b>718</b>
<b>A-Hún Samt. 2002</b>	<b>1.039</b>	<b>50</b>	<b>371</b>	<b>912</b>	<b>853</b>
<b>Mismunur</b>	<b>-120</b>	<b>18</b>	<b>-184</b>	<b>15</b>	<b>-135</b>

Húnaþing vestra	594	75	117	562	457
<b>V-Hún Samt. 2003</b>	<b>594</b>	<b>75</b>	<b>117</b>	<b>562</b>	<b>457</b>
<b>V-Hún Samt. 2002</b>	<b>597</b>	<b>66</b>	<b>160</b>	<b>504</b>	<b>463</b>
<b>Mismunur</b>	<b>-3</b>	<b>9</b>	<b>-43</b>	<b>58</b>	<b>-6</b>

Árneshreppur	1				2
Kaldrananeshreppur					
Bæjarhreppur	42	1	18	49	72
Broddaneshreppur					
Hólmavíkurhreppur					
<b>Strandir Samt. 2003</b>	<b>43</b>	<b>1</b>	<b>18</b>	<b>49</b>	<b>74</b>
<b>Strandir Samt. 2002</b>	<b>45</b>	<b>0</b>	<b>7</b>	<b>55</b>	<b>46</b>
<b>Mismunur</b>	<b>-2</b>	<b>1</b>	<b>11</b>	<b>-6</b>	<b>28</b>

### Sauðfé á svæði RHS 2003-2004

	Ær	Hrútar	L.gimbrar	L.hrútar	Samtals
Áshreppur	3.901	106	757	47	4.811
Sveinstaðahreppur	5.144	161	1.219	77	6.601
Torfalækjarhreppur	3.221	98	697	45	4.061
Blönduósbær	1.911	71	327	38	2.347
Svínavatnshreppur	4.431	136	729	88	5.384
Bólstaðarhlíðarhreppur	3.278	118	555	64	4.015
Höfðahreppur	143	3	33	4	183
Skagabyggð	3.993	124	768	88	4.973
<b>A-Hún Samt. 2003</b>	<b>26.022</b>	<b>817</b>	<b>5.085</b>	<b>451</b>	<b>32.375</b>
<b>A-Hún Samt. 2002</b>	<b>24.871</b>	<b>814</b>	<b>4.967</b>	<b>399</b>	<b>31.051</b>
<b>Mismunur</b>	<b>1.151</b>	<b>3</b>	<b>118</b>	<b>52</b>	<b>1.324</b>

Húnaþing vestra	21.600	673	4.311	495	27.079
<b>V-Hún Samt. 2003</b>	<b>21.600</b>	<b>673</b>	<b>4.311</b>	<b>495</b>	<b>27.079</b>
<b>V-Hún Samt. 2002</b>	<b>21.476</b>	<b>698</b>	<b>5.179</b>	<b>611</b>	<b>27.964</b>
<b>Mismunur</b>	<b>124</b>	<b>-25</b>	<b>-868</b>	<b>-116</b>	<b>-885</b>

Árneshreppur	2.117	46	461	57	2.681
Kaldrananeshreppur	910	46	196	30	1.182
Bæjarhreppur	6.272	201	1.241	129	7.843
Broddaneshreppur	3.578	102	713	70	4.463
Hólmavíkurreppur	5.294	200	1.005	108	6.607
<b>Strandir Samt. 2003</b>	<b>18.171</b>	<b>595</b>	<b>3.616</b>	<b>394</b>	<b>22.776</b>
<b>Strandir Samt. 2002</b>	<b>18.429</b>	<b>587</b>	<b>3.425</b>	<b>427</b>	<b>22.868</b>
<b>Mismunur</b>	<b>-258</b>	<b>8</b>	<b>191</b>	<b>-33</b>	<b>-92</b>

**Hross á svæði RHS 2003-2004**

	<b>Hryssur</b>	<b>Hestar</b>	<b>Tryppi</b>	<b>Fölöld</b>	<b>Samtals</b>
Áshreppur	291	152	155	57	655
Sveinstaðahreppur	446	203	286	85	1.020
Torfalækjarhreppur	281	133	184	56	654
Blönduósbær	389	190	157	50	786
Svínavatnshreppur	455	218	174	85	932
Bólstaðarhlíðahreppur	324	138	110	49	621
Höfðahreppur	68	66	19	14	167
Skagabyggð	269	139	103	34	545
<b>A-Hún Samt. 2003</b>	<b>2.523</b>	<b>1.239</b>	<b>1.188</b>	<b>430</b>	<b>5.380</b>
<b>A-Hún Samt. 2002</b>	<b>2.499</b>	<b>1.290</b>	<b>1.208</b>	<b>505</b>	<b>5.502</b>
<b>Mismunur</b>	<b>24</b>	<b>-51</b>	<b>-20</b>	<b>-75</b>	<b>-122</b>

Húnaþing vestra	1.348	763	667	295	3.073
<b>V-Hún Samt. 2003</b>	<b>1.348</b>	<b>763</b>	<b>667</b>	<b>295</b>	<b>3.073</b>
<b>V-Hún Samt. 2002</b>	<b>1.549</b>	<b>938</b>	<b>790</b>	<b>274</b>	<b>3.551</b>
<b>Mismunur</b>	<b>-201</b>	<b>-175</b>	<b>-123</b>	<b>21</b>	<b>-478</b>

Árneshreppur	5				5
Kaldrananeshreppur	13	7	5	3	28
Bæjarhreppur	75	81	34	8	198
Broddaneshreppur	15	27	7		49
Hólmavíkurreppur	59	53	2	5	119
<b>Strandir Samt. 2003</b>	<b>167</b>	<b>168</b>	<b>48</b>	<b>16</b>	<b>399</b>
<b>Strandir Samt. 2002</b>	<b>160</b>	<b>159</b>	<b>62</b>	<b>13</b>	<b>394</b>
<b>Mismunur</b>	<b>7</b>	<b>9</b>	<b>-14</b>	<b>3</b>	<b>5</b>

## Aðalfundur RHS haldinn á Staðarflöt Þriðjudaginn 27. apríl 2004

Þriðjudaginn 27. apríl 2004 var aðalfundur RHS haldinn að Staðarflöt í Hrútafirði. Dagskrá fundarins er svohljóðandi

1. Formaður setur fund og skipar starfsmenn
2. Könnun á mætingu
3. Skýrsla stjórnar – Jón Gíslason formaður
4. Skýrsla framkvæmdastjóra og reikningar RHS – Gunnar Ríkharðsson
5. Umræður um skýrslur og reikninga
6. Starfsemi í einstökum búgreinum 2003
  - Sauðfjárræktin – Svanborg Einarsdóttir
  - Nautgriparæktin – Guðný Helga Björnsdóttir
  - Jarðrækt og landnýting - Anna Margrét Jónsdóttir
  - Hrossaræktin - Gunnar Ríkharðsson
7. Umræður um skýrslur
8. Kaffi
9. Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda - Nefndarstörf
  - Fagmálanefnd : Starfsáætlun hvernar búgreinar  
Aðrar tillögur
  - Allsherjarnefnd : Reikningar 2003 og fjárhagsáætlun fyrir 2004  
Aðrar tillögur
10. Afgreiðsla mála
11. Kosningar (skoðunarmaður)
12. Önnur mál
13. Fundarslit

Eftirtaldir aðilar voru boðaðir til fundarins

Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu	Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum
Félag sauðfjárbænda í V- Hún	Þorsteinn Sigurjónsson, Reykjum
Nautgriparæktarfélag í V- Hún	Skúli Einarsson, Tannstaðabakka
Hrossaræktarsamtök í V- Hún	Elías Guðmundsson, Stóru Ásgeirsá
Félag sauðfjárbænda í A- Hún	Jóhanna Pálmadóttir, Akri
Félag kúabænda í A-Hún	Magnús Sigurðsson, Hnjúki
Samtök hrossabænda í A- Hún	Björn Magnússon, Hólabaki
Búnaðarsamband A-Hún:	Jón Gíslason, Stóra Búrfelli Gauti Jónsson, Hvammi Birgir Ingþórsson, Uppsölum
Búnaðarsamband V-Hún:	Rafn Benediktsson, Staðarbakka Sigurður Björnsson, Kolugili Kristján Ísfeld, Jaðri
Búnaðarsamband Strandamanna:	Jóhann Ragnarsson, Laxárdal Matthías Lýðsson, Húsavík

Þórður Halldórsson, Laugalandi

Skoðunarmenn reikninga

Stefán Jónsson, Kagaðarhóli  
Ólafur Óskarsson, Víðidalstungu

Einning voru mættir starfsmenn RHS þeir Gunnar Ríkharðsson, Svanborg Þ. Einarsdóttir, Guðný H. Björnsdóttir, Anna Margrét Jónsdóttir, Guðbjartur Guðmundsson og Þórður Pálsson.

#### 1. Fundarsetning og skipan starfsmanna.

Formaður Jón Gíslason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og stakk upp á Matthíasi Lýðssyni sem fundarstjóra og Rafni Benediktssyni sem fundarritara og var það samþykkt.

#### 2. Fundarstjóri fór yfir hverjir voru mættir á fundinn

#### 3. Jón Gíslason flutti skýrslu stjórnar RHS.

Fór yfir tillögur síðasta aðalfundar og sagði frá hvernig þær voru meðhöndlaðar. Taldi að starfsemin hefði gengið vel á síðasta ári. Um þessar mundir væru starfsmenn í óða önn að klára forðagæsluverkefnið sem innt eru af hendi í báðum Húnavatns-sýslum Jón bauð nýráðinn ráðunaut, Þórð Pálsson velkominn en hann mun hefja störf 1. ágúst n.k. Ræddi um hugsanlega samvinnu við Skagfirðinga á ráðunautasviðinu. Sagði frá heimsókn ráðunauta og stjórnar RHS til Búnaðarsamtaka Vesturlands að Hvanneyri á dögnum, þar hefði einnig verið rætt um samstarf og þá ef til vill helst á sviði hagfræðileiðbeininga.

Sú breyting hefur verið gerð að í stað þess að hafa starfsstöð á Hólmavík er hún nú á Borðeyri og er Svanborg þar ca. 4 daga í viku og 1 dag á Hvammstanga. Þessi gjörningur hefur það í för með sér að breyta þarf samþykktum RHS og kynnti Jón hugmynd að þeirri breytingu, sem síðan yrði afgreidd á næsta aðalfundi.

#### 4. Gunnar Ríkharðsson flutti skýrslu framkvæmdastjóra.

Taldi að síðasta ár hefði rúllað heldur léttar í gegn heldur en árið á undan, þar sem ýmis atriði væru nú komin á fastan grunn. Árið 2003 var vinnuframlag starfsmanna RHS um 3,1 stöðugildi. Brynjólfur hætti störfum vegna veikinda á árinu og Svanborg og Guðný eignuðst báðar dætur á árinu og voru þar af leiðandi í fæðingarorlofi hluta ársins.

Töluvert var um námskeið á árinu sem ráðunautar komu að sem leiðbeinendur m.a. v. gæðastýringar í sauðfjárrækt. Um 15 bú voru í verkefninu um markmiðstengdan búrekstur á árinu. Þá sagði Gunnar frá því helsta sem á dagana hefur drifið í sínu starfi, sem var um 70 % vinnuhlutfall á árinu. Þá fór Gunnar yfir og útskýrði reikninga RHS árið 2003. Rekstrartekjur voru 23.416.527 kr, rekstrargjöld voru 19.790.397 kr og hagnaður af reglulegri starfsemi 3.642.163 kr. Skuldir og eigið fé samtals 8.540.927 kr. Gunnar taldi að sér fyndist æ rökréttara að reka ætti alla leiðbeiningastarfsemi landsins undir einum hatti.

#### 5. Umræður um skýrslur og reikninga.

Ólafur B. Óskarsson tók til máls og bar lof á vinnubrögð Gunnars sem reikningshaldara RHS og sagði reksturinn hafa gengið vel. Þakkaði sem bóndi fyrir góð störf ráðunauta á árinu.

Birgir Ingþórsson þakkaði góða útkomu hjá RHS, bauð nýráðinn ráðunaut velkominn.

Spurði hver hefði tekið ákvörðun um hvar væri búfé talið við búfjárefirlit, því það væri talið sums staðar og annars staðar ekki, út af því væri viss óánægja.

Gunnar Ríkharðsson svaraði og sagði að talning væri ekki framkvæmd eftir neinu vissu kerfi, gerð væri stikkprufa á tölum hér og þar en vaxandi kröfur væru um nákvæmar talningar .

Skúli Einarsson þakkaði framlagðar skýrslur og góða útkomu. Ræddi um líklega þróun í leiðbeiningaþjónustunni í framtíðinni og þá hvort leiðbeiningastöðvar í landinu muni verða þrjár eða kanski bara ein. Bauð Þórð Pálsson velkominn til starfa á svæðinu.

Guðbjartur Guðmundsson ræddi um forðagæslustarfið, lagði ekki svo mikið upp úr talningu en vildi að ferðirnar nýttust til þess að leiðbeina bændum .

Svanborg tók til máls , sagðist yfirleitt telja búféð í sínum forðagæsluferðum, en þó ekki alltaf.

Guðbrandur Sverrisson þakkaði fyrir skýrslur og reikninga. Taldi sig ekki svo ósáttan við að starfsstöðin var flutt frá Hólmavík að Borðeyri, en ekki væri hægt að segja það sama um alla bændur þar nyrðra. Sagði að lambaskoðun hefði gengið nokkuð vel í haust þó Brynjólfur hefði ekki getað komið að því verki. Sagði að eftirlitsmenn yrðu að telja þar sem bændur væru í 0.64 reglunni og þar sem menn mættu einungis hafa ákveðinn fjárfjölda.

Gunnar Ríkharðsson svaraði og sagði að í fyrrnefndum tilfellum sem Guðbrandur nefndi, væri alltaf talið.

Jón Gíslason sagði frá því að stefnt væri að því að hafa sæðingahrúta einungis í Borgarnesi en ekki á Möðruvöllum eins og verið hefur annað hvort ár. En þetta væri eitthvað sem þyrfti að ná samkomulagi um.

#### 6. Starfsemi í einstökum búgreinum 2003

##### a. Sauðfjárræktin 2003 – Svanborg Þ. Einarsdóttir.

Svanborg sagði að sauðfjárrækt væri mjög öflug á starfssvæðinu, miðað við landsmeðaltal. Þá fór hún yfir starfsáætlun fyrir sauðfjárrækt á árinu og hvernig til hefði tekist. Fjölrituðum starfsskýrslum um störf ráðunauta var dreift til fundarmanna.

##### b. Nautgriparæktin 2003 – Guðný Helga Björnsdóttir.

Fór yfir starfsáætlun í nautgriparækt og það helsta sem hún var að fást við í starfi.

##### c. Jarðrækt og landnýting – Anna Margrét Jónsdóttir.

Fór yfir sína starfsskýrslu og starfsáætlun.

##### d. Hrossaræktin 2003. – Gunnar Ríkharðsson.

Gunnar fór yfir sína starfsskýrslu og starfsáætlun.

Sagði að það væri mun erfiðara að fá væntanlega kaupendur á hrossum til að koma hingað norður heldur en t.d. austur fyrir fjall.

Þá tók til máls nýráðinn ráðunautur, Þórður Pálsson og sagði nokkur deili á sínum högum.

#### 7. Umræður um skýrslur.

Magnús Sigurðsson þakkaði framlagðar skýrslur, taldi að oft væru þau námskeið sem haldin væru slaklega sótt en það væri oftast en ekki vegna fámennis og mikilla anna í sveitum, en vilji manna væri að hafa kost á sem flestum námskeiðum. Sagðist álíta að góður starfsandi ríkti hjá RHS, sem væri mikils virði. Bauð Þórð Pálsson velkominn til starfa.

Því næst skipaði fundarstjóri mönnum í nefndir og fól þeim að taka til starfa eftir kaffihlé.

8. Kaffihlé.

9. Nefndarstörf. Fagmálanefnd var skipuð formönnum búgreinafélaganna og Allsherjarnefnd var skipuð stjórnarmönnum búnaðarsambandanna.

10. Afgreiðsla mála.

a) Allsherjarnefnd, framsögumaður Jón Gíslason.

Ræddi um reikninga 2003 og fjárhagsáætlun fyrir 2004 og lagði til að hvorutveggja yrði samþykkt.

Skúli Einarsson spurði hvort stjórn hugsaði sér að ráða starfskraft til að vinna að rekstrarleiðbeiningum.

Gunnar sagði að stefnt væri að því að Þórður tæki að sér hluta af þessu verkefni. Velti því fyrir sér hvort það væri endilega rétt að sérmerkja rekstrarleiðbeiningunum 20 milljónir af þeim um 80 milljónum sem kæmu til leiðbeininga í héraði skv. búnaðarlagasamningi.

Reikningar 2003 og fjárhagsáætlun 2004 borin upp og samþykkt.

b) Fagmálanefnd,

Svanborg Þ.Einarsdóttir v/ sauðfjárræktar.

Var hún með þrjú atriði til viðbótar starfsáætlun fyrir 2004, en þau eru: Sæðingadagar ákveðnir fyrr, hafa stuttar árstíðabundnar áminningar í fréttabréfi, hafa sæðingarnámskeið, þannig samþykkt.

Guðný Helga Björnsdóttir v/ nautgriparæktar.

Óskað var eftir að bæta einu atriði við starfsáætlun í nautgriparækt en það er að í haust verði haldið námskeið eða fundur um aðbúnað kálfa og uppeldi kvígna, þannig samþykkt.

Starfsáætlanir í hrossarækt og jarðrækt voru samþykktar óbreyttar

11. Kosningar: Skoðunarmaður til 2 ára í stað Stefáns Á. Jónssonar.

Stungið var upp á Stefáni og var það samþykkt.

12. Önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs.

13. Fundarstjóri þakkaði mönnum fundarsetuna og sleit fundi.

# Reikningar RHS 2003

<b>Rekstrarreikningur RHS árið 2003</b>			
	Skýr.	2003	2002
<b>Rekstrartekjur:</b>			
<b>Seldar vörur og þjónusta:</b>			
Nautgriparækt	1	96.000	96.000
Sauðfjárrækt	2	1.434.928	1.649.234
Hrossarækt	3	224.527	272.646
Landnýting	5	587.100	710.700
Búfjárfertilit	7	665.000	0
Ýmisleg þjónusta	8	39.000	0
Sauðfjárrækt - vörusala	10	867.808	1.037.343
Námskeið og kennsla	12	1.950.050	114.400
<b>Seldar vörur og þjónusta alls</b>		<b>5.864.413</b>	<b>3.880.323</b>
Húsaleigutekjur		216.350	270.200
Akstur m vsk		145.934	57.541
<b>Framlög og styrkir</b>			
BÍ-v. Búnaðarsjóður		7.384.538	7.177.846
BÍ-v. Grunnframlag		6.914.082	6.342.502
BÍ-v. Jöfnunarframlag		856.915	879.700
Framlag v. nautgriparæktar		457.701	90.714
Framlag v. sauðfjárræktar		271.814	230.720
Framlag v. hrossaræktar		390.800	0
Framlög v búrekstraráætlana		900.000	38.560
Framlög v. búfjárfertilit		13.980	0
<b>Framlög og styrkir</b>		<b>17.189.830</b>	<b>14.760.042</b>
<b>Rekstrartekjur alls</b>		<b>23.416.527</b>	<b>18.968.106</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Vörur til endursölu	14	1.094.729	998.241
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	17	13.659.350	13.735.288
Aðkeypt þjónusta til endursölu	18	2.055.296	1.136.794
Húsnæðiskostnaður:	19	903.634	1.020.921
Rekstur áhaldna og tækja:	20	138.911	213.258
Skrifstofukostnaður:	21	870.671	838.549
Ýmiss kostnaður	22	1.060.987	890.500
Búfjárfertilit	23	6.819	0
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>19.790.397</b>	<b>18.833.551</b>
<b>Hagnaður (tap) án fjármagnsliða</b>		<b>3.626.130</b>	<b>134.555</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Vaxtatekjur	25	79.260	48.012
Vaxtagjöld og innheimtukostnaður	26	-63.227	-11.265
		16.033	36.747
<b>Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi</b>		<b>3.642.163</b>	<b>171.302</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		<b>3.642.163</b>	<b>171.302</b>

<b>Efnahagsreikningur RHS 31. des. 2003</b>			
	Skýr.	2003	2002
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
<b>Veltufjármunir:</b>			
Skammtímakröfur	30	2.896.022	4.991.398
Handbært fé	32	5.644.905	1.133.542
<b>Veltufjármunir alls</b>		<b>8.540.927</b>	<b>6.124.940</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>8.540.927</b>	<b>6.124.940</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé:</b>			
Óráðstafað fé frá fyrra ári		171.302	0
Hagnaður (tap) ársins		3.642.163	171.302
Eigið fé alls		3.813.465	171.302
<b>Langtímaskuldir:</b>			
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir	35	3.015.678	5.025.810
Ógreitt vegna starfsfólks	36	1.349.575	1.013.020
Virðisaukaskattur		230.859	-140.319
Skammtímaskuldir	37	131.350	55.127
<b>Skammtímaskuldir alls</b>		<b>4.727.462</b>	<b>5.953.638</b>
<b>Skuldir alls</b>		<b>4.727.462</b>	<b>5.953.638</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>8.540.927</b>	<b>6.124.940</b>

<b>Sundurliðanir</b>			
		<b>2003</b>	<b>2002</b>
<b>1. Nautgriparækt</b>			
V.Nautgripasæðinga		96.000	96.000
Nautgriparækt alls		96.000	96.000
<b>2. Sauðfjárrækt</b>			
Lambaskoðun, ráðunautar		626.002	738.001
Lambaskoðun, aðstoðarmenn		182.225	122.991
Sauðfjársæðingar		421.667	482.278
Sauðfjársvampanir		205.034	281.304
Þjónusta v. sauðfjárræktar		0	24.660
Sauðfjárrækt alls		1.434.928	1.649.234
<b>3. Hrossarækt</b>			
Kynbótadómar		123.695	153.000
Vallargjöld		28.000	51.000
Leiga á sónartækjum v hrossa		72.832	68.646
Hrossarækt alls		224.527	272.646
<b>5. Landnýting</b>			
Sérfr.þjónusta v landnýtingar		587.100	684.000
Sérfr.þjónusta v landmælinga		0	26.700
Landnýting alls		587.100	710.700
<b>7. Búfjáreftilit</b>			
Sérfræðiþjónusta v búfjáreftilits		665.000	0
Búfjáreftilit alls		665.000	0
<b>8. Ýmislegt</b>			
Ýmis sérfræðiþjónusta		39.000	0
Ýmislegt þjónusta alls		39.000	0
<b>10. Vörusala - Sauðfjárrækt</b>			
Sæði		628.562	734.508
Svampar		239.246	277.835
Sæðingataeki		0	25.000
Sauðfjárrækt alls		867.808	1.037.343
<b>12. Námskeið og kennsla</b>			
Kennsla án vsk		1.331.800	72.000
Þátttökugjöld v. námskeiða án vsk		346.000	32.000
Fæði á námskeiðum		0	10.400
Kennsluefni (vsk. 14%)		272.250	0
Námskeið og kennsla alls		1.950.050	114.400
Sundurliðanir			
<b>14. Vörur til endursölu:</b>			
Vörukaup v. vörusölu (vsk. 14%)		269.122	0
Vörunotkun - Sauðfjárrækt			
Hrútasæði		604.100	684.400
Svampar		219.604	269.627
Sæðingataeki		-15.567	44.214
Ýmislegt til endursölu		17.470	0
		825.607	998.241
Vörunotkun alls		1.094.729	998.241

	2003	2002
<b>17. Laun og starfsmannatengdur kostnaður:</b>		
Laun og launatengd gjöld:		
Heildarlaun og yfirvinna	9.007.460	9.219.053
Tryggingargjald	684.281	627.101
Tryggingargjald frá fyrra ári	-13.387	0
Lífeyrissj. séreign mófr. v ríkis 0,2%	11.590	0
Lífeyrissj. séreign móframlag 2%	144.838	137.136
Lífeyrissjóður móframl. 6-11,5%	938.933	930.254
Sjúkra- og orlofssjóðsgjald	101.110	130.498
Laun og launatengd gjöld	10.874.825	11.044.042
Starfsmannatengdur kostnaður		
Tryggingar starfsfólks	48.200	51.840
Námskeið starfsmanna án vsk	48.496	134.600
Vinnufatnaður	12.437	8.031
Akstur (í staðgr.)	373.421	356.575
Akstur (undanþ. staðgr.)	1.516.171	1.358.600
Dagpeningar	785.800	781.600
	2.784.525	2.691.246
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	13.659.350	13.735.288
<b>18. Aðkeypt þjónusta til endursölu:</b>		
Aðkeypt þjónusta v sauðfjár m/vsk	662.596	766.080
Aðkeypt þjónusta v sauðfjár án vsk	10.500	9.350
Aðkeypt þjónusta v hrossa m/vsk	57.067	260.309
Aðkeypt þjónusta v hrossa án vsk	58.860	101.055
Aðkeypt þjónusta v bændabókhalds m vsk	330.265	0
Aðkeypt þjónusta v bændabókhalds án vsk	92.455	0
Ymis aðkeypt þjónusta m vsk	3.753	0
Ymis aðkeypt þjónusta án vsk	839.800	0
Aðkeypt þjónusta til endursölu	2.055.296	1.136.794
<b>19. Húsnæðiskostnaður:</b>		
Rafmagn 24,5 % vsk	62.226	36.595
Hiti 14% vsk	21.953	22.052
Hiti án vsk	12.587	12.477
Rekstur sameignar	0	38.000
Húsaleiga	794.996	889.896
Hreinlætisvörur	11.872	21.901
	903.634	1.020.921
<b>20. Rekstur áhalda og tækja:</b>		
Gjaldfærð áhöld og tæki	0	110.930
Gjaldfærður hugbúnaður	0	23.826
Gjaldfærður húsbúnaður m.vsk	130.920	71.319
Vátryggingar v tækja	7.991	7.183
	138.911	213.258
<b>21. Skrifstofukostnaður:</b>		
Sími og net Hvammstangi	96.099	97.843
Sími og net Blönduós	127.879	151.500
Sími og net Hólmavík	38.471	51.128
Sími ofl án vsk	0	72.000
Sími stofngjöld ofl	102.114	0
Burðargjöld án vsk	129.009	152.895
Burðargjöld m vsk	28.339	16.790
Innlendar bækur, blöð og tímarit	28.509	37.542
Rekstrarvörur v skrifstofu	55.984	54.705
Pappír, prentun og ritföng	100.622	174.146
Rekstur tölvukerfis	163.645	30.000
	870.671	838.549

	2003	2002
<b>22. Ýmis kostnaður:</b>		
Námskeið haldin af RHS kostn. án vsk	120.100	59.669
Námskeið haldin af RHS kostn. m/vsk	25.000	11.000
Ferðakostnaður	139.153	205.187
Kaffikostnaður	43.999	20.915
Eftirlaunaskuldbindingar	370.648	389.665
Auglýsingar m/vsk	35.405	17.357
Auglýsingar án vsk	17.000	0
Annar kostnaður m 24,5% vsk	3.211	8.897
Annar kostnaður m 14% vsk	41.147	5.348
Annar kostnaður án vsk.	0	10.900
Óendurkræfur innskattur	265.324	161.562
Ýmiss kostnaður	1.060.987	890.500
<b>23. Búfjárefirlit - kostnaður</b>		
Búfjárefirlit 24,5% vsk	6.819	0
Búfjárefirlit	6.819	0
<b>25. Vaxtatekjur og verðbætur:</b>		
Vaxtatekjur	52.880	1.554
Dráttarvextir (fengnir)	26.380	0
Gengishagnaður	0	46.458
Vaxtatekjur og gengismunur alls	79.260	48.012
<b>26. Vaxtagjöld:</b>		
Innheimtu og þjónustugjöld banka	-59.307	-11.265
Dráttarvextir	-3.920	0
Vaxtagjöld og innheimtukostnaður alls	-63.227	-11.265
<b>30. Skammtímafröfur:</b>		
Viðskiptamenn	2.350.022	4.864.810
Kröfur um áramót	546.000	126.433
Fjármagnsskattur	0	155
Skammtímafröfur alls	2.896.022	4.991.398
<b>32. Handbært fé:</b>		
Tékkareikningur 2650	106.094	1.133.542
Markaðsreikningur 300565	5.538.811	0
Handbært fé alls	5.644.905	1.133.542
<b>35. Viðskiptaskuldir:</b>		
Lánardrottinnar	-32.933	172.439
Ógreiddir reikn. um áramót	1.571.111	3.603.371
Ógreitt v Jarðræktarv. V-Hun	1.177.500	1.250.000
Ógreitt v hrossaræktar	300.000	0
Viðskiptaskuldir alls	3.015.678	5.025.810
<b>36. Ógreitt vegna starfsfólks:</b>		
Ógreidd laun	609.869	605.456
Ógreiddur lífeyrissjóður	206.127	147.109
Ógreidd staðgreiðsla	533.579	260.455
Ógreitt vegna starfsfólks alls	1.349.575	1.013.020
<b>37. Aðrar skammtímaskuldir:</b>		
Ógreitt tryggingargjald	131.350	55.127
Skammtímaskuldir alls	131.350	55.127

## Starfsáætlanir fyrir árið 2004

### Starfsáætlun fyrir nautgriparækt

Skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar verði sinnt með það að markmiði að:

- efla kynbætur (fjölga nautsmæðrum, efla ætternisskráningu)
- fjölga bændum sem taka þátt í því
- fjölga bændum með Ískú

Lögð verði áhersla á leiðbeiningar í ræktun grænfóðurs, og öðru er að jarðrækt lýtur, ráðgjöf um heyverkun og fóðrun, bútækni og rekstrarráðgjöf. Markmiðið sé að auka afurðir kúnna (nyt og prótein), án þess að auka tilkostnað verulega.

Allir bændur verði heimsóttir.

Haldnir verði rabbfundir um hin ýmsu málefni, á tveimur til fjórum stöðum á svæðinu. Áhersluatriði verði pörun, kálfauppeldi og kvíguval.

Bændur verði hvattir til að taka þátt í búrekstraráætlunum.

Með tilkomu hertari krafna um mjólkurgæði verði bændum bent á leiðir til að lækka frumutölu og líftölu gerla.

---

### Starfsáætlun fyrir sauðfjarrækt

#### Ræktunarstarf

- Aðstoða nýja aðila í skýrsluhaldi
- Fjölga Fjávísnotendum
- Líflambaval – uppgjörsfundur í lok nóvember
- Sæðingar – endurskoða framboð á sæðingadögum m.t.t. kostnaðar við akstur fyrir fáar kindur.
- Fundir með öllum fjárræktarfélögum

#### Rekstrarráðgjöf

- Bændur verði hvattir til að taka þátt í búrekstraráætlunum.

#### Gæðastýring

- Markmið RHS að allir bændur sem þess óska komist í gæðastýringu

#### Annað

- Fjávís námskeið (þegar nýja Fjávís kemur)
- Kynbótanámskeið
- Fjárhundanámskeið
- Rúningsnámskeið
- Auka leiðbeiningar í fréttabréfi

---

### Starfsáætlun í hrossarækt

#### Skýrsluhald

Ráðunautaþjónustan sér um allt skýrsluhald fyrir hrossaræktina í héraðinu. Greiðslur til RHS frá BÍ miðast við skráð folöld og því skal reynt með öllum tiltækum ráðum að fá sem flesta hrossaeigendur til að taka þátt í skýrsluhaldinu

**Kynbótasýningar**

Ráðunautapjónustan sér um að halda kynbótasýningar hrossa í héraðinu. Staðarval og tíma skal ákveða í samráði við BÍ og Samtök hrossabænda í héraðinu.

**Námskeiðahald**

Stefnt skal að því að halda námskeið og fræðslufundi fyrir hrossaræktendur í samstarfi við Samtök hrossabænda í héraðinu.

**Almennar leiðbeiningar og aðstoð**

Hrossabændum er eins og öðrum bændum boðið upp á alla almenna þjónustu og aðstoð. Má þar nefna leiðbeiningar vegna skýrsluhalds, rekstrar, fóðrunar, ræktunar og uppeldis gripa svo eitthvað sé nefnt. Athuga þarf með aðgengi félagsmanna að heimasíðu, fréttabréfi og ómsjá.

**Starfsáætlun í jarðrækt****Átaksverkefni**

Kanna þarf möguleika á að koma jarðræktaráttaki af stað á Ströndum og í A-Hún. svipað því sem hefur verið í V-Hún

- Verið er að kanna hvort hægt sé að nota fjármuni úr Ræktunarsambandi A-Hún í slíkt
- Kanna hvort slíkur sjóður sé hugsanlega á Ströndum
- Kanna með styrk frá sveitarfélögum

Með slíku verkefni er hægt að nálgast marga þætti jarðræktarinnar með einstaklingsbundinni ráðgjöf, t.a.m.

- Vinna markvissar að því að aðstoða menn við að skipuleggja hjá sér jarðræktina.
- Hvetja til endurræktunar túna þegar mikill heyforði er fyrir og hægt að fórna einhverjum hekturum í flag án þess að skjólsá.
- Leggja áherslu á að beitarskipulag hjá kúabændum, græn fóður- og eða túnbeit nýtist allt sumarið
- Nánari leiðbeiningar varðandi tegundaval í græn fóðurrækt
- Meiri vinna lögð í greiningu á kostnaði við jarðrækt og hagnað af henni
- Aukin áhersla á kostnaðargreiningu við heyskap og leiðir til hagræðingar þar
- Hugsanlega yrði reynt að fá bændur til að gera tilraun með ræktun vetrarrúgs í samstarfi við Hvanneyri/Rala
- Auknar áburðarleiðbeiningar

**Námskeið**

Reynt verður að halda jarðræktar- og plæginganámskeið. Síðast virtist vera áhugi fyrir hendi, en tímaskortur stoppaði menn af. Leiðbeiningar varðandi hina praktísku hlið jarðvinnslunnar kæmi t.d. fram þar, mun fleira en bara varðandi plægingar.

NPK-námskeið. Hefur þýðingu sem kennsla á forritið sem nýtist við gerð áburðaráætlunar og fyrir gagnavörslu. Hefur þó ekki síður þýðingu sem upprifjun á áburðarfræði og vettvangur fyrir skoðanaskipti á þeim vettvangi.

Námskeið í gerð landnýtingaráætlana (Beta bú). Verður reynt að halda í samstarfi við Landgræðsluna og LBH.

**Kölkun**

Auka þarf umræðu um kölkun ræktunarlands

- Skrif í fréttabréf
- Erindi á fundum

Reynt verður að ná hagkvæmari flutningi á skeljasandi til bænda á svæði RHS.

- Verið er að skoða hvort hægt sé að dæla beint úr skipi hér á svæðinu
- Reynt verður að safna saman skeljasandspöntunum bænda til að láta bjóða út flutninginn.

**Jarðvegssýni**

Reynt verður að koma á skipulegu kerfi við jarðvegssýnatöku.

## Fundargerð aðalfundar BSAH árið 2004

Aðalfundur Búnaðarsambands A-Hún haldinn 4. maí 2004 að Húnabraut 13, Blönduósi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.  
Fundarstjóri var skipaður Birgir Ingbórsson, ritari Gauti Jónsson.

### Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skipan starfsmanna
3. Álit kjörbréfanefndar
4. Skýrsla formanns
5. Umræður
6. tillögur lagðar fram og afgreiddar
7. Kosingar
  - a. 1 maður í stjórn í stað Birgis Ingbórssonar
  - b. 3 varamenn í stjórn til eins árs
  - c. 1 skoðunarmaður í stað Páls Þórðarsonar
  - d. Varaskoðunarmaður í stað Stefáns Á. Jónssonar til tveggja ára
  - e. 3 menn í kjörbréfanefnd í stað Páls Þórðarsonar, Gísla Geirssonar og Guðmundar Valtýssonar til eins árs
  - f. 3 varamenn í kjörbréfanefnd
8. Skýrslur starfsmanna Ráðunautaðjónustunnar
9. Önnur mál
10. Fundarslit

3. Páll Þórðarson gerði grein fyrir álitum kjörbréfanefndar. Eftirtaldir fulltrúar eiga rétt á setu á fundinum skv. framlögðum kjörbréfum sem borist höfðu.

### *Búnaðarfélag Áshrepps*

Aðalmenn: Arní Bragason, mætti, Ingbór Kristmundsson, mætti

Varamenn: Jón Gíslason, Eline Schrijver

### *Búnaðarfélag Engihlíðarhrepps*

Aðalmenn: Gauti Jónsson, mætti, Kristín Jónsdóttir, mætti

Varamenn: Einar Guðmundsson, Ragnar Sigtryggsson

### *Búnaðarfélag Torfalækjarhrepps*

Aðalmenn: Júlíus Óskarsson, mætti, Páll Þórðarson, mætti

Varamenn: Sigurður Erlendsson, Grímur Guðmundsson

### *Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps*

Aðalmenn: Gunnar Ellertsson, mætti, Einar Svavarsson, mætti

Varamenn: Ragnar Bjarnason, Jón Pálmason

### *Búnaðarfélag Skagahrepps*

Aðalmenn: Guðjón Ingimarsson, mætti, Baldvin Sveinsson, mætti

Varamenn: Kristján Kristjánsson, Rafn Sigurbjörnsson

### *Félag sauðfjárbænda*

Aðalmenn: Birgir Ingbórsson, mætti, Gísli Geirsson, mætti, Jakob Sigurjónss., mætti

Varamenn: Einar Svavarsson, Sigríður Hermannsdóttir, Jóhanna Pálmadóttir

### *Samtök hrossabænda*

Aðalmenn: Björn Mgnússon, mætti, Jón K. Sigmarsson, Magnús Jósefsson, mætti  
Varamenn: Ægir Sigurgeirsson, mætti, Jón Gíslason, Hofi, Tryggvi Björnsson  
*Félag kúabænda*

Aðalmenn: Halldór Guðmundsson, mætti, Pétur Pétursson, Jens Jónsson, mætti  
Varamenn: Jóhannes Torfason, Magnús Sigurðsson, Valgarður Hilmarsson

Frá Búnaðarfélagi Svínavatnshrepps og Búnaðarfélagi Bólstaðarhlíðarhrepps og Búnaðarfélagi Vindhælishrepps bárust engin kjörbréf og engir fulltrúar mættir.

#### 4. Skýrsla formanns.

Jón Gíslason formaður ræddi um starfsemi BSAH á síðasta ári. Formaður lagði fram reikninga Búnaðarsambandsins og Búfjárræktardeildar fyrir árið 2993, fór hann yfir einstaka liði sem hann útskýrði fyrir fundarmönnum. Var reikningum dreift meðal fundarmanna. Hagnaður af starfsemi BSAH árið 2003 var rúmar 330. þúsund og af rekstri kúasæðinga um 570 þúsund.

Formaður lagði fram og kynnti þær tillögur sem stjórn leggur fyrir aðalfund. Því næst reifaði hann hugmyndur um breytingar á samþykktum BSAH. Einnig ræddi hann um störf Búnaðarþings.

#### 5. Umræður.

Enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar síðan upp reikninga BSAH og kúasæðinga til afgreiðslu og voru þeir samþykktir samhljóða.

#### 6. Tillögur lagðar fram og afgreiddar.

##### Tillaga 1

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir að félagsgjöld BSAH 2004 sé 3.000 kr.

Samþykkt samhljóða.

##### Tillaga 2

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir að hlutur BSAH í uppgjöri Ræktunarfélags Norðurlands 237.000 kr. verði lagður í jarðræktarsjóð BSAH  
Samþykkt samhljóða.

##### Tillaga 3

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir aðfela stjórn að taka 40.000 kr. tilboði í flekamót BSAH

Samþykkt samhljóða

##### Tillaga 4

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir að fjármunir Byggingarsamtaka BSAH verði lagðir í jarðræktarsjóð BSAH og Byggingasamtökin lögð niður

Samþykkt samhljóða

##### Tillaga 5

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir að fela stjórn að vinna tillögur til breytinga á samþykktum BSAH með það að markmiði að hætta fulltrúakjöri á aðalfundi og hafa hann opinn öllum félagsmönnum og stjórn verði

skipuð fjórum mönnum, þremur tilnefndum af stjórnnum búgreinafélaganna og formanni kosnum á aðalfundi. Tillögurnar verði lagðar fyrir aðalfund 2005.  
Samþykkt samhljóða

#### Tillaga 6

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir eftirfarandi reglur fyrir jarðræktarsjóð BSAH. Hlutverk sjóðsins er að styrkja átak í skipulagðri heildarnýtingu jarða í Austur-Húnavatnssýslu með gerð landnýtingarkorta til vinnslu, endurræktunar og landbótaáætlana. Óskað verði eftir stuðningi Ráðunautaþjónustunnar, sveitarfélaga, búnaðarfélaga og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við þetta verkefni.  
Samþykkt samhljóða

#### Tillaga 7

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir að lækka allar kúasæðingar um kr. 300 en fyrirkomulag óbreytt að öðru leyti.  
Samþykkt samhljóða

#### Tillaga 8

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun vegna ársins 2004.

#### Tekjur

Félagsgjöld	375.000
Húsaleiga	480.000
	855.000

#### Gjöld

Jarðanefnd	50.000
Endurskoðun, bókhald	75.000
Stjórnarlaun	110.000
Auglýsingar, fundarkostnaður	75.000
Rekstur húss	130.000
Vaxtagjöld og bankakostn.	50.000
Afborganir láns	340.000
Hagnaður	375.000
	855.000

Samþykkt samhljóða

#### Tillaga 9

Aðalfundur BSAH haldinn á Blönduósi 4. mars 2004 samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun vegna búfjárræktardeildar 2004.

#### Tekjur

Mjólkurgjald	2.700.000
Sæðingagjöld	2.000.000
Opinber framlög	1.000.000

Vaxtatekjur	50.000
	5.750.000
<b>Gjöld</b>	
Sæði	1.100.000
Verktaki 1.200 kýr + fangskoðun	4.250.000
Bókhald o.fl.	200.000
Lífeyrisskuldbindingar	80.000
Hagnaður	120.000
	5.750.000

Samþykkt samhljóða

Tillögur afgreiddar, nokkrar fyrirspurnir komu frá fundarmönnum sem stjórnarmenn svöruðu.

#### 7. Kosningar

- a. 1 maður í stjórn í stað Birgis Ingþórssonar. Kosinn var Birgir Ingþórsson.
- b. 3 varamenn í stjórn til eins árs. Kosnir voru Ægir Sigurgeirsson, Valur Magnússon og Þorleifur Ingvarsson.
- c. Skoðunarmaður til tveggja ára í stað Páls Þórðarsonar. Kosinn var Páll Þórðarson.
- d. Varaskoðunarmaður til tveggja ára í stað Stefáns Á. Jónssonar. Kosinn var Stefán Á. Jónsson.
- e. 3 menn í kjörbréfanefnd í stað Páls Þórðarsonar, Gísla Geirssonar og Guðmundar Valtýssonar til eins árs. Kosnir voru Páll Þórðarson, Gísli Geirsson og Guðmundur Valtýsson.
- f. 3 varamenn í kjörbréfanefnd. Kosnir voru Gróa Lárusdóttir, Magnús Sigurðsson og Jóhanna Pálmadóttir.

8. Gunnar Ríkharðsson framkvæmdastjóri RHS skýrði frá starfsemi Ráðunautaþjónustunnar á síðasta ári. Fram kom m.a. að tekin hefur verið yfir framkvæmd á forðagæslu og búfjárefirliti í Austur- og Vestur Hún. Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn Þórður Pálsson frá Sauðanesi og hefur hann störf 1. ágúst 2004. Reksturinn kom vel út fjárhagslega á síðasta ári.

#### 9. Önnur mál.

Til máls tóku Halldór Guðmundsson, Jakob Sigurjónsson, Einar Svavarsson, Páll Þórðarson, Birgir Ingþórsson, Jón Gíslason. Ræddu menn m.a. um framkvæmd forðagæslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

## Fundargerð aðalfundar BSVH árið 2004

Sunnudaginn 2. maí 2004 var aðalfundur Búnaðarsambands V- Hún. haldinn í Ásbyrgi og hófst fundur kl. 13.10.

Formaður BSVH, Rafn Benediktsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Kristján Ísfeld sem fundarstjóra og var það samþykkt. Fundarritarar voru ráðnir Jóhannes Björnsson og Ólafur B. Óskarsson. Eftirtaldir sátu fundinn:

*Frá búnaðarfélagi Víðdælinga:*

Ólafur Benediktsson formaður. Örn Óli Andrésson fulltrúi. Ingvar Jóhannsson fulltrúi.

*Frá búnaðarfélagi Kirkjuhvammshrepps:*

Loftur S. Guðjónsson varaformaður.

*Frá búnaðarfélagi Miðfirðinga:*

Gísli G. Magnússon formaður. Kristófer Jóhannesson fulltrúi. Jón Eiríksson fulltrúi.

*Frá búnaðarfélagi Staðarhrepps:*

Kristján Ísfeld formaður. Ásgeir Sverrisson fulltrúi.

*Frá búgreinasamtökum:*

Elías Guðmundsson Hrossaræktarsamtökum V-Hún.

Pétur Sigurvaldason Nautgriparæktarfélagi V-Hún.

Stjórnarmenn BSVH sem ekki eru jafnframt fulltrúar: Rafn Benediktsson og Sigurður Björnsson. Einnig sátu fundinn Gunnar Þórarinnsson, reikningshaldari RSVH, skoðunarmenn reikninga: Jóhannes Björnsson og Ólafur B. Óskarsson.

Frá Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda Gunnar Ríkharðsson.

Búnaðarþingsfulltrúi Gunnar Sæmundsson.

Lögð var fram svohljóðandi dagskrá fundarins:

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna.
2. Skýrsla formanns og reikningar BSVH.
3. Reikningar RSVH.
4. Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda, Gunnar Ríkharðsson.
5. Erindi Búnaðarþingsfulltrúa, Gunnars Sæmundssonar.
6. Kosningar:
  - a) Stjórnarmaður til 3 ja ára í stað Sigurðar Björnssonar
7. Málum vísað til nefnda.
8. Nefndarstörf.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

Var þá gengið til dagskrár.

2. Rafn Benediktsson flutti skýrslu stjórnar og las upp og skýrði reikninga sambandsins.

Skýrslu stjórnar og reikningum var dreift fjölrituðum til fundarmanna.

Rekstrartekjur BSVH árið 2003 voru kr. 952.359.00. Rekstrargjöld kr. 810.690.00. Hagnaður fyrir óreglulega liði kr. 141.669.00. Niðurfærsla hlutafjár í Höfðabraut 34 ehf. 4.750.000. Tap ársins kr.4.608.331. Eigið fé alls samkvæmt efnahagsreikning kr. 7.020.663.00. Rekstrartekjur kúasæðinga kr.4.375.068.00. Rekstrargjöld kr. 4.072.771.00. Hagnaður af þeim rekstri kr.718.603.00.

### 3. Reikningar RSVH.

Gunnar Þórarinnsson fór yfir reikninga RSVH og skýrði þá. Rekstrartekjur voru kr. 60.000.00. Rekstrargjöld kr. 54.499.00. Fjármagnstekjur kr. 53.707.00. Fjármagnstekjuskattur kr. 12.719.00. Hagnaður ársins kr. 46.489.00. Eigið fé alls samkvæmt efnahagsreikning kr. 2.107.138.00.

Að loknum framsögum um skýrslu stjórnar og reikninga var orðið gefið laust til umræðna, en engar umræður um þessa dagskrárliði.

### 4. Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda.

Gunnar Ríkharðsson flutti erindi um starfsemi ráðunautaþjónustunnar. Fram kom í máli hans m.a.

Breytingar urðu í starfsmannahaldi á árinu. Brynjólfur Sæmundsson hætti störfum á árinu og var starfsstöð flutt frá Hólmavík til Borðeyrar og þar starfar Svanborg Einarsdóttir. Guðný Helga og Svanborg voru í barnsburðarleyfi hluta af árinu. Í byrjun árs 2004 var ráðinn nýr ráðunautur til starfa, Þórður Pálsson frá Sauðanesi og tekur hann til starfa 1. ágúst n.k. Ársverk voru 3,1 á s.l. ári, en stefna í að verða 3,8 á yfirstandandi ári. Rætt hefur verið við Búnaðarsamtök Vesturlands og búnaðarsamband Skagfirðinga um samstarf á vissum sviðum. Mörg námskeið voru í gangi á árinu, bókhaldsnámskeið, gæðastýring í sauðfjárrækt o.fl. Ráðunautaþjónustan hefur tekið að sér búfjárefntilvit og forðagæslu í Húnavatnssýslum báðum. Þá tók ráðunautaþjónustan að sér skýrsluhald í hrossarækt. Reksturinn kom vel út á árinu og var hagnaður af rekstrinum töluvert meiri en árið áður. Þá taldi hann rétt að sameina ráðunautaþjónustu meira en gert hefur verið.

### 5. Erindi búnaðarþingsfulltrúa, Gunnars Sæmundssonar.

Hann þakkaði skýrslu og reikninga sem flutt hafa verið. Hann ræddi um þann mjólkursamning sem í gangi er við ríkisvaldið og sagði líkur til að hann yrði töluvert breyttur frá því sem nú er. Peningalegar stærðir í væntanlegum samningi væru til umræðu þessa dagana og samningar gætu strandað á því. Ræddi um lífeyrissjóðsréttindi og endurskoðun búnaðarlagasamnings og taldi líklegt að þar yrði m.a. rætt um styrki út á ræktun. Þá ræddi hann um kjötmarkaðinn, sagði svínabændur ætluðu að flytja úr landi hluta af sinni framleiðslu og ná með því verði á framleiðslu sinni upp í kr. 240 pr. kg. Í kjúklingaframleiðslu væru birgðir enn að vaxa, en í nautakjötsframleiðslu væri frekar vöntun á kjöti á markaðinn. Sala á dillkakjöti hefur gengið nokkuð vel að undanförunu en afkoma sláturleyfishafa væri ekki nógu góð. Slátrun á hausti komanda þyrfti að skipuleggja með góðum fyrirvara, hífa þyrfti upp verð á dillkakjöti til bænda á næsta hausti a.m.k. um það sem það var lækkað á s.l. hausti. Ræddi um Ístex og það markaðsátak sem þar var í gangi á s.l. ári. Taldi að þeir markaðsráðgjafar sem þar væru við störf skiluðu ekki miklu og Ístex hefði verið rekið með 11 millj. kr. tapi á s.l. ári og eigið fé væri uppuríð. Umræður væru um að flytja sem mest af starfseminni úr landi, einkum væri framkvæmdastjórinn fylgjandi því. Sagði að starfsemi í ullariðnaði á Hvammstanga yrði sennilega eingöngu þrjónaskapur í framtíðinni. Taldi rétt að setja ráðunautaþjónustu í landinu undir einn hatt. Taldi rétt að leggja RSVH niður og athugandi væri að stokka upp búnaðarfélagin.

Að loknum erindunum var orðið gefið laust til umræðna um þau.

Jón Eiríksson: Taldi rétt að kúabændur tækju að sér kúasæðingar og taldi að þá væri lítið eftir af starfsemi búnaðarsambandanna. Vildi færa störfin meira til búgreina-

félaganna. Ræddi um búnaðarlagasamninga. Vildi að ráðunautaþjónusta yrði á landsvísu og vildi að ráðunautaþjónustan aðstoðaði við bókhald hjá bændum.

Rafn Benediktsson: Ræddi um kjötsölu, opinbera verðlagningu mjólkurvara og vitnaði í forystugrein Morgunblaðsins um það mál. Taldi nauðsyn að ná fram hækkun á dilkakjöti til framleiðenda á næsta hausti. Taldi rétt að taka fyrir í nefnd, stöðu RSVH í framtíðinni. Taldi gott ef ráðunautaþjónustan gæti aðstoðað bændur við frágang framtala.

Ingvar Jóhannsson: Gagnrýndi ráðstöfun fjármuna til skýrsluhalds í hrossarækt. Ræddi einnig útflutning á dilkakjöti.

Ólafur Benediktsson: Var fylgjandi því að bændur fengju meiri styrki út á ræktun. Ræddi einnig um gæðastýringu í sauðfjárrækt.

Jón Eiríksson: Ræddi um sameiningu búnaðarsambanda. Til greina kæmi að aðalfundur búnaðarsambands yrði bara sem almennur bændafundur. Þá vildi hann ekki að gert væri að skyldu að fylla út skýrslur sem engan tilgang hefðu t.d. vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt.

Gunnar Ríkharðsson og Gunnar Sæmundsson fóru yfir ýmis atriði sem fram höfðu komið hjá ræðumönnum og svöruðu fyrirspurnum.

## **6. Kosningar:**

Kosinn stjórnarmaður til þriggja ára í stað Sigurðar Björnssonar og var hann endurkosinn með 10 atkvæðum.

## **7. Málum vísað til nefnda.**

Lögð var fram svohljóðandi tillaga að nefndarskipun á fundinum:

### **Fjárhagsnefnd:**

Sigurður Björnsson, Jón Eiríksson, Gunnar Þórarinnsson, Jóhannes Björnsson, Ólafur B. Óskarsson.

### **Allsherjarnefnd:**

Kristján Ísfeld, Elías Guðmundsson, Örn Óli Andrésson, Kristófer Jóhannesson.

### **Búnaðarmálanefnd:**

Loftur S. Guðjónsson, Ingvar Jón Jóhannsson, Pétur Sigurvaldason, Gísli G. Magnússon, Ásgeir Sverrisson, Ólafur Benediktsson.

Tillagan samþykkt og var þá gefið fundarhlé kl. 16.40. meðan nefndir störfuðu.

## **8. Að loknum nefndarstörfum kl. 17.30. var fundi framhaldið og nefndarálit lögð fram.**

### **1. Frá Allsherjarnefnd:**

Framsögumaður Elías Guðmundsson:

Aðalfundur BSVH haldinn í Ásbyrgi 2.maí 2004. Beinir því til stjórnar að komið verði á félagsmálanámskeiði meðal bænda næsta vetur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Aðalfundur BSVH haldinn í Ásbyrgi 2.maí 2004. Beinir því til stjórnar að haldin verði uppskeruhátíð með búgreinafélögum í V-Hún.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Aðalfundur BSVH haldinn í Ásbyrgi 2.maí 2004. Felur stjórn að athuga um endurútgáfu á Húnaþingi í samvinnu með Austur-Húnavetningum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Frá reikninganefnd:

Framsögumaður Sigurður Björnsson:

1. Aðalfundur BSVH haldinn í Ásbyrgi 2.maí 2004. Leggur til að reikningar BSVH og RSVH verði samþykktir eins og þeir liggja fyrir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Aðalfundur BSVH haldinn í Ásbyrgi 2.maí 2004. Samþykkir að þóknun til formanns, fyrir vinnu, notkun á síma, tölvu og aðra aðstöðu sem til þarf verði 5 % af rekstrartekjum kúasæðinga auk þess kr. 6.650- fyrir hvern fund auk aksturskostnaðar. Þóknun til annarra stjórnarmanna verði kr. 3.325- fyrir hvern fund auk aksturskostnaðar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Aðalfundur BSVH haldinn í Ásbyrgi 2.maí 2004. Samþykkir að rekstur RSVH verði sameinaður BSVH. Stjórn BSVH verði falið að koma með tillögur að ráðstöfun eigna RSVH og leggja fyrir aðalfund BSVH 2005.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Framsögumaður Rafn Benediktsson:

Áætlun v/ kúasæðinga árið 2004.

**Rekstrartekjur:**

Sæðingargjöld	1.850.000-
Sæðingargjöld % af mjólk.	1.700.000-
Framlag á sæddar kýr.	220.000-
Endurgreidd laun.	<u>570.000-</u>
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b><u>4.340.000-</u></b>

**Rekstrargjöld:**

Verktakagreiðslur	3.100.000-
Lífeyrisskuldbindingar frjótækna	40.000-
Þátttaka í skrifstofukostnaði.	270.000-
Nautastöð, sæði.	700.000-
Rekstrarvörur v/ sæðinga.	30.000-
Sími m/vsk.	7.000-
Ýmis kostnaður án/vsk.	20.000-

**Rekstrargjöld alls.**

**4.114.000-**

**Hagnaður ársins.**

**226.000-**

**9. Önnur mál.**

Rafn Benediktsson fór yfir nokkur mál sem fram höfðu komið á fundinum. Þakkaði fundarmönnum fyrir góða fundarsókn .Fleira var ekki fyrir tekið, fundargjörð upplesin og samþykkt.

Kristján Ísfeld þakkaði fundarmönnum fyrir góða fundarsetu og sagði fundi slitið kl.18.10.

Jóhannes Björnsson. ( sign )

Ólafur B. Óskarsson. ( sign )

## Fundargerð aðalfundar BSS árið 2004

Fimmtudaginn þann 10. júní 2004 var haldinn aðalfundur BSS í Félagsheimilinu í Trékyllisvík.

### 1. Fundarsetning:

Jóhann Ragnarsson formaður setti fund kl. 14:00. Hann bauð fundarmenn velkomna. Hann skipaði Þórð Halldórsson fundarstjóra og Matthías Lýðsson fundarritara.

### 2. Rannsókn kjörbréfa:

Lögð voru fram kjörbréf frá Búnaðarfélagi Kaldrananeshrepps og Búnaðarfélagi Bæjarhrepps.

Fundarmenn samþykktu að tillögu fundarstjóra að rétt til setu á þessum fundi hefðu eftirfarandi:

Fyrir Búnaðarfélag Bæjarhrepps:

Jóhann Ragnarsson

Fyrir Búnaðarfélag Kirkjubólshrepps:

Matthías Lýðsson

Fyrir Búnaðarfélag Nauteyrarhrepps:

Þórður Halldórsson

Fyrir Búnaðarfélag Kaldrananeshrepps:

Arlín Óladóttir

Magnús Rafnsson

Fyrir Búnaðarfélag Árneshrepps:

Sigursteinn Sveinbjörnsson

Björn Torfason

### 3. Lagðir fram reikningar:

Þórður Halldórsson las reikninga ársins 2003. Stjórn skýrði reikninga og svaraði spurningum.

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða með fyrirvara um yfirferð skoðunarmanna.

### 4. Skýrsla stjórnar

Jóhann Ragnarsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Hann ræddi um starf búnaðarfélaga og kynnti tillögu stjórnar um breytta skipan félagssvæða. Hann ræddi um þróun á kjötmarkaði og hver staðan er í dag og í framhaldi af því byggðapróun og atvinnuhorfur í Strandasýslu. Jóhann greindi frá því að Brynjólfur Sæmundsson hefði látið af störfum og Svanborg ráðunautur hefði nú flutt aðsetur sitt að Borðeyri. Að lokum þakkaði Jóhann samstarf og óskaði öllum búsældar á komandi árum.

### 5. Skýrsla búnaðarþingsfulltrúa:

Jóhann Ragnarsson greindi frá störfum sínum á Búnaðarþingi. Hann kynnti samþykktir um sjúkrasjóð bænda og stjórn og nýtingu veiðihlunninda. Hvað varðar störf Búnaðarþings vísaði Jóhann til búnaðarþingsblaðs Freys.

**6. Ávörp gesta:**

Engir gestir voru mættir en að loknum þessum fundi verður almennur Bændafundur.

**7. Umræður.****8. Nefndaskipan og málum vísað til nefnda:**

Fram kom tillaga frá formanni um að í fjárhagsnefnd væru: Arnlín Óladóttir, Sigurður Kjartansson, Björn Torfason og Þórður Halldórsson og í allsherjarnefnd Sigursteinn Sveinbjörnsson, Magnús Rafnsson og Matthías Lýðsson. Tóku nú nefndir til starfa.

**9. Afgreiðsla mála:**

Frá fjárhagsnefnd: Framsögumaður Arnlín Óladóttir

- a) Nefndin leggur til að stjórnarlaun verði þannig: Formaður 50.000.- og aðrir stjórnarmenn 15.000.- hvor.
- b) Árgjald verði 2.000.- á félag. Hjón og sambúðarfólk greiði 1 árgjald.

Ofanritaðar tillögur samþykktar samhljóða.

Frá allsherjarnefnd: Framsögumaður Matthías Lýðsson

- a) Aðalfundur Búnaðarsambands Strandamanna haldinn að Árnesi 10.6.2004 samþykkir þau tilmæli til allra aðildarféлага að þau hefji í fullri alvöru athugun á sameiningu svo félagsmannafæð standi starfi búnaðarfélaganna ekki fyrir þrifum. Til hliðsjónar mætti hafa í huga að félagssvæði markist af sauðfjárveikivarnarlínum. Stjórn Búnaðarsambandsins er falið að vinna að kynningu og framgangi málsins.

Samþykkt samhljóða.

**10. Önnur mál:**

Arnlín Óladóttir kvaddi sér hljóðs og kynnti starf sitt hjá Skjólskógum á Vestfjörðum. Hún svaraði svo fyrirspurnum fundarmanna.

**11. Kosningar:**

Úr stjórn BSS átti að ganga Jóhann Ragnarsson og var hann endurkjörinn með lófataki.

Fleira ekki fyrir tekið  
Fundu slitið

Þórður Halldórsson  
Jóhann Ragnarsson  
Matthías Lýðsson

# **RHS**

## **Starfsárið 2004**

## Efnisyfirlit - Ársrit RHS v. starfsemi 2004

Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага og starfsmenn RHS 2004.....	58
Skýrslur starfsmanna	
– Gunnar Ríkharðsson .....	59
– Svanborg Einarsdóttir.....	63
– Anna Margrét Jónsdóttir.....	65
– Guðný Helga Björnsdóttir.....	67
– Þórður Pálsson .....	69
– Guðbjartur Guðmundsson .....	71
Starfsemi í einstökum búgreinum 2004	
– Sauðfjárræktin – Svanborg Einarsdóttir.....	72
– Nautgriparæktin – Guðný Helga Björnsdóttir.....	75
– Hrossaræktin - Gunnar Ríkharðsson.....	82
– Jarðræktin - Anna Margrét Jónsdóttir.....	83
Niðurstöður heysýna 2004 .....	85
Fjöldi búfjár á svæði RHS .....	86
Fundargerð aðalfundar RHS 3. maí 2005 .....	88
Reikningar RHS 2004 .....	92
Starfsáætlanir fyrir 2005 .....	97
Fundargerðir aðalfunda Búnaðarsambandanna 2005	
– Búnaðarsamband A-Hún .....	100
– Búnaðarsamband V-Hún .....	104
– Búnaðarsamband Strandamanna .....	109

# Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda

Stofnuð 15. ágúst 2001

## Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага RHS 2004

### Stjórn RHS:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður  
Rafn Benediktsson, Staðarbakka, gjaldkeri  
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, ritari

### Endurskoðendur RHS

Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu  
Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli

### Stjórnir Búnaðarsambanda á svæði RHS

#### Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður  
Birgir Líndal Ingþórsson, Uppsölum  
Gauti Jónsson, Hvammi

#### Búnaðarsamband V-Húnavatnssýslu

Rafn Benediktsson, Staðarbakka, formaður  
Sigurður Björnsson, Kolugili  
Kristján Ísfeld, Jaðri

#### Búnaðarsamband Strandamanna

Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, formaður  
Þórður Halldórsson, Laugalandi  
Matthías Lýðsson, Húsavík

### Formenn búgreinafélaga á svæði RHS

Félag sauðfjárbænda í A-Hún: Birgir Ingþórsson, Uppsölum  
Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Ari G. Guðmundsson, Bergsstöðum  
Félag sauðfjárbænda á Ströndum: Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum  
Félag kúabænda í A-Hún: Magnús Sigurðsson, Hnjúki  
Nautgriparéktarfélag V-Hún: Skúli Einarsson, Tannstaðabakka  
Samtök hrossabænda í A-Hún, Björn Magnússon, Hólabaki  
Hrossaréktarsamtök V-Hún: Elías Guðmundsson, Stóru-Ásgeirsá

### Ráðunautar:

Guðbjartur Guðmundsson  
Gunnar Ríkhartsson, framkvæmdastjóri  
Guðný Helga Björnsdóttir  
Svanborg Þ. Einarasdóttir  
Anna Margrét Jónsdóttir  
Þórður Pálsson

**Gunnar Ríkharðsson**  
**Framkvæmdastjóri**

## Starfsskýrsla 2004

### Stjórnun og umsýsla

Mikill tími fer hjá mér í það sem kalla má daglegt amstur þ.e. að sinna ýmsum tilfallandi verkefnum sem koma upp á jafnt og þétt. Einnig hef ég séð um að færa og gera upp bókhald félagsins og senda út og greiða reikninga og allt tekur þetta sinn tíma. Hins vegar leiðir þetta til þess að ég veit nokkuð vel í hvað peningarnir fara og hvaðan þeir eru að koma.

### Starfsemi og starfsmenn

Á vordögum árið 2004 var auglýst laust til umsóknar starf héraðsráðunauts hjá Ráðunautaþjónustunni. Fimm umsóknir bárust og var Þórður Pálsson frá Sauðanesi í Torfalækjarhreppi ráðinn til starfa. Á árinu 2004 var vinna starfsmanna Ráðunautaþjónustunnar tæp fjögur ársverk og skiptust þau á sex ráðunauta. Þetta er aukning frá fyrri árum því árið 2003 voru ársverkin um 3,1 og árið 2002 um 3,4. Anna Margrét og Svanborg voru báðar í fullu starfi á árinu, ég var í um 75% starfi, Guðbjartur í 35%, Guðný Helga í 25% og Þórður Pálsson var í fullu starfi frá 1. ágúst að telja og hefur hann aðsetur á Blönduósi. Hans áherslusvið eru nautgriparækt og markmiðstengdar búrekstraráætlanir.

Frá ársbyrjun hefur Svanborg haft vinnuaðstöðu á Borðeyri en hefur verið einn dag í viku á skrifstofunni á Hvammstanga. Brynjólfur Sæmundsson var ekki í starfi hjá okkur á árinu 2004 og hann andaðist síðan á Þorláksmessu. Brynjólfur var héraðsráðunautur á Ströndum um áratugaskeið og starfsmaður Ráðunautaþjónustunnar á árunum 2002 og 2003.

Í samþykktum Ráðunautaþjónustunnar er gert ráð fyrir að hver búgrein fái þjónustu í sem næstu hlutfalli við hlutdeild búgreinarinnar í búnaðargjaldsstofni. Miðað við búnaðargjald síðustu árin þá er hlutdeild sauðfjárræktarinnar um 54-55%, nautgriparæktar um 38-39%, hrossaræktar um 3-4% og aðrar greinar eins og svína-og alifuglarækt, æðardúnn og heysala skila um 3%.

Vinnutímaskráning starfsmanna árið 2004 sýnir eftirfarandi niðurstöður:

Ýmislegt	30 %
Sauðfjárrækt	26 -
Nautgriparækt	17 -
Búfjáreftilit	9 -
Hrossarækt	7 -
Jarðrækt	6 -
Símenntun	5
<hr/>	
Alls	100 %

Eins og sést er ekki unnt að skipta um 30% af vinnutímanum á milli búgreina eða fagverkefna og er þar inni t.d. stjórnun og umsýsla, bókhald, ýmsir almennir fundir

ofl. sem ekki tilheyrir einni búgrein umfram aðra. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að nautgriparæktin á sennilega stærstan hluta af jarðræktinni þá virðist vinnuhlutfallið á milli sauðfjárræktar og nautgriparæktar nálgast það sem það er í búnaðargjaldinu. Hins vegar þyrfti að taka tillit til þess að sauðfjárræktin greiðir að stórum hluta aukalega fyrir þá vinnu sem innt er af hendi varðandi lambaskoðanir á haustin svo sá tími ætti strangt til tekið ekki að teljast með varðandi þessa vinnuskiptingu í tengslum við búnaðargjaldið og nýtingu þess. Sérmerkt framlög til ákveðinna búgreina ættu á sama hátt að auka hlutdeild þeirra í vinnupottinum. Þessa skiptingu held ég þó að sé aðeins hægt að hafa til hliðsjónar þó að í samþykktum RHS segi: “Umfang Ráðunautaþjónustunnar í hverri búgrein taki mið af skiptingu búnaðargjalds milli búgreina”.

Af mínum vinnutíma fór um 69 % í ýmis verkefni sem ekki er hægt að skipta á milli búgreina, 6 % í búfjárefirlit, 8 % í nautgriparækt og 17 % í hrossarækt.

### **Fundir og námskeið**

Ég mætti á ýmsa fundi hjá búgreinafélögum á svæðinu, aðalfundi hjá afurðasölu-fyrirtækjum og á aðalfundi búnaðarsambanda í Húnavatnssýslum svo einhverjir séu nefndir. Í febrúarbyrjun sótti ég hefðbundinn ráðunautafund í Reykjavík og þá sótti ég árlegan fund hjá Bændasamtökunum með formönnum og framkvæmdastjórum búnaðarsambanda og leiðbeiningamiðstöðva í lok nóvember. Þá fór ég með um 20 ráðunautum í kynnis og fræðsluferð til Írlands í lok ágúst og var sú ferð ákaflega fróðleg og skemmtileg.

Aðalfundur Ráðunautaþjónustunnar var haldinn í Staðarflöt 27. apríl 2004 og var hann vel sóttur og umræður góðar.

Á árinu 2004 stóð Ráðunautaþjónustan fyrir nokkrum námskeiðum og fræðslufundum fyrir bændur bæði ein og sér og í samstarfi við aðra. Má þar nefna nokkur námskeið í dk-Búbót, jarðrækt og námskeið um fóðrun nautgripa og fóðuröflun þar sem þeir bræður Gunnar og Bjarni Guðmundssynir miðluðu fróðleik. Í flestum tilfellum sýna bændur slíku starfi áhuga.

### **Faglegt starf**

Vinna mín fyrir kúabændur tengist mest fóðuráætlanagerð og leiðbeindi ég um 20 –25 bændum á því sviði á síðasta ári. Þurfum við að auka þetta og fá fleiri bændur til að taka hirðingarsýni af heyjum sínum en þá þarf einnig að vera nokkuð tryggt að niðurstöður berist á skikkanlegum tíma, en nokkur misbrestur hefur verið á því undanfarin ár.

Það sem ég vinn fyrir hrossabændur tengist skýrsluhaldinu, kynbótasýningum, bókhaldsmálum og aðstoð við ýmsar upptakomur og útgáfu fréttabréfa. Nánar er fjallað um það síðar.

Þá hef ég aðstoðað bændur dálítið með dk-Búbót bókhaldsforritið.

### **Búfjárefirlit**

Í ársbyrjun 2003 tók Ráðunautaþjónustan að sér umsjón með búfjárefirliti í A-Hún og frá haustdögum 2003 einnig í V-Hún. Frá og með haustinu 2004 bættist svo Bæjarhreppur í Strandasýslu við ásamt nokkrum bæjum í Bitru þ.e. þeim sem eru í sama varnarhólfi og Bæjarhreppurinn. Samkomulag er um að ráðunautur sem sinnir

vorskoðun í þessu hólf klári það alveg áður en hann fer á önnur svæði. Lögum skv. eigum við síðan að taka við og yfirfara haustskýrslur af öllu starfssvæði Ráðunautapjónustunnar þ.e. einnig úr allri Strandasýslu þótt við sinnum ekki eftirlitinu þar.

Vorskoðun 2004 gekk nokkuð vel en þó komu fram gagnrýnisraddir sérstaklega í V-Hún á að búfé hefði ekki verið talið nægjanlega nákvæmlega á þeim svæðum þar sem fjöldinn á skýrslu myndar grunn til gjaldtöku. Einnig sáum við um úttekt á gæðastýringu í sauðfjárræktinni og fengum til okkar þær greiðslur sem komu frá Framkvæmdanefnd búvörusamninga vegna þess þ.e. 1.000 kr á hvern bæ en 182 sauðfjárbú voru með í gæðastýringu í Húnavatnssýslum.

Haustið 2004 og fram yfir áramótin hafa verið sendar út um 440 forðagæsluskýrslur á okkar eftirlitssvæði þar af um 230 í A-Hún, 190 í V-Hún og um 25 í Strandasýslu. Of mikill tími fer í að ná inn skýrslum að haustinu og þurfum við að auka ábyrgð búfjáreiganda á skýrsluskilum og taka upp gjaldtöku sé skilum ekki sinnt innan ákveðins tíma. Þegar við tókum að okkur búfjárefirlitið þá var það m.a. til að tryggja að ráðunautur kæmi á alla bæi a.m.k. einu sinni á ári og gæti þá nýtt ferðina til að sjá aðstæður bóndans og ræða við hann um þau mál sem efst væru í huga bóndans. Reynslan frá vorinu 2005 sýnir okkur að mikill tími og mikill akstur fer í að sinna þessu svo vel sé. Einnig þarf að framkvæma þetta á þeim tíma sem mikið álag er oft á ráðunautum vegna ýmissa funda og námskeiða. Er því á mörkunum að við komumst yfir þetta og gæti því þurft að endurskoða eitthvað skipulag á þessu. Einnig er ljóst að þær greiðslur sem við fáum frá sveitarfélögunum vegna þessa eru mun lægri en gerist í kringum okkur og því er endurskoðunar þörf fyrir næsta tímabil.

Vorskoðunin 2005 sýnir okkur að í langflestum tilfellum er fóðrun og aðbúnaður gripa með miklum ágætum. Í stöku tilfellum má þó betur gera t.d. varðandi gamalær og gemlinga, aðbúnað og fóðrun kálfa og fóðrun tryppa og folaldsmera. Margir bændur hafa orðið rúm tún og þurfa ekki að nýta þau öll til hámarksuppskeru. Þá freistast sumir til að bera ekkert á hluta túnanna og láta þau spretta langt fram í ágúst og heyja svo í hrossin og jafnvel plasta ekki rúllurnar. Þó þetta fóður étist yfir vetrartímam þá er þetta oft ákaflega létt fóður og virðist ekki duga tryppum til vaxtar né fylfullum merum til að halda holdum, nema þá að gripirnir fái að standa í þessu allan sólarhringinn.

### **Rekstur**

Á árinu 2003 var niðurstaða rekstrarreiknings um 3,6 milljónir í hagnað. Ástæða þess var fyrst og fremst mikil útseld vinna við námskeiðahald og samdráttur í þjónustu þar sem tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi hluta ársins. Niðurstaða rekstrarreiknings 2004 sýnir um 350 þús kr hagnað, en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir hallalausum rekstri. Þessi breyting milli ára skýrist mest af því að vinnuframlag eykst úr um 3,1 í um 4,0 ársverk á árinu 2004.

Skv. skilningi forsvarsmanna Bændasamtakanna þá eiga þeir peningar sem koma inn með Búnaðargjaldinu og sem framlag frá BÍ að standa undir grunnrekstri og sameiginlegum leiðbeiningum sem nýtast öllum bændum jafnt. Hins vegar má taka sérstakt gjald fyrir þá þjónustu sem nýtist bóndanum bara sjálfum t.d. vinna við fóðrunar- og áburðaráætlanir, ýmsar fjárhags og rekstrargreiningar, bókhaldsvinnu ofl. Á þessum sömu forsendum hefur verið tekið gjald af sauðfjárbændum fyrir lambaskoðanir að haustinu. Ljóst er að ef auka á umfang starfsemi Ráðunautapjónustunnar þá þarf að auka tekjurnar og því þarf aðalfundur og stjórn að

ræða hvort taka eigi upp gjaldtöku fyrir ýmsa sérhæfða þjónustu sem nú er veitt án endurgjalds.

Að flestu leyti er ég ánægður með starfið hjá RHS á árinu 2004. Ljóst er þó að alltaf má gera betur. Þannig hefur dregist of lengi að koma heimasíðu í gagnid og sömuleiðis hefur okkur ekki tekist að koma ársriti út á skikkanlegum tíma. Auka þarf enn frekar áherslu á markmiðstengda áætlanagerð fyrir bændur og þá er full þörf á að flýta aðalfundi og halda hann t.d. í lok febrúar.

Að lokum vil ég þakka bændum og samstarfsfólki mínu fyrir ánægjulegt samstarf á árinu 2004.

**Svanborg P. Einarsdóttir**  
**Sauðfjárræktarráðunautur**

## Starfsskýrsla 2004

Ég var í 100 % starfi hjá RHS árið 2004. Einn mánuður var eftir af fæðingarorlofi frá síðasta ári og var hann tekinn út í maí.

Aðalviðfangsefni mín á árinu voru í sauðfjárrækt og ýmis önnur verk, samanber töflu hér að neðan. Taflan sýnir í stórum dráttum hvernig vinnutíminn skiptist milli búgreina og síðan annarra verkefna sem ekki er auðvelt að festa á einstakar búgreinar.

Verkefni	Hlutfall
Félagsleg verkefni	10%
Hrossarækt	9%
Sauðfjárrækt	50%
Forðagæsla	9%
Bókhald	6%
Ýmis verk	16%
	100%

### Félagsleg verkefni.

Undir liðnum félagsleg verkefni vega þyngst úttektir og umsóknir vegna jarðabótaverkefna. Annað sem fellur undir þennan lið eru fundarsetur, skipulagning námskeiða, upplýsingaöflun og umsóknir.

### Hrossarækt.

Ég starfaði mest að skýrsluhaldinu, það er skráning í Worldfeng. Einnig var ég starfsmaður á kynbótasýningu á Hvammstanga í júní.

### Sauðfjárrækt.

Helmingur af vinnutímanum þetta árið fór í sauðfjárrækt. Lambaskoðun og uppgjör afkvæmarannsóknna vegur þyngst. Töluverður tími fór í aðstoð við útfyllingu á gæðahandbók og vorbók sauðfjár. Önnur störf í sauðfjárræktinni eru þá helst rekstrarleiðbeiningar, Fjárvis, fóðrun, námskeið og fleira. Ekki er alltaf augljóst hvort vinna við gæðahandbók og leiðbeiningar við fóðrun tengist forðagæsli eða leiðbeiningum í sauðfjárrækt.

### Bókhald.

Leiðbeiningar í bókhaldi er að mestum hluta aðstoð við notkun dk-Búbót og námskeið. Einnig aðstoða ég bændur sem gera sitt framtal sjálfir með því að lesa yfir og ljúka verkinu. Þessi hluti fer alltaf minnkandi hjá mér, sem skýrist að mestu á því að ég hef ekki mikinn tíma og því reynt að vísa því annað. En töluverð eftirspurn er eftir þessari þjónustu.

**Ýmis verk.**

Að lokum eru það verkefni sem ekki eru skráð á einstakar búgreinar. Það eru skrifstofustörf, svo sem sími, ljósritun, tiltekt, hreingerningar, flutningur um skrifstofu, tölvumál og “tölvuvandræði” sem geta tekið mikinn toll af vinnudeginum og þeirri vinnu sem unnin hefur verið.

*Svanborg Þ. Einarsdóttir*

Anna Margrét Jónsdóttir  
Jarðræktarráðunautur

## Starfsskýrsla 2004

Verkþættir	Hlutfall
<b>Fagleg verkefni</b>	
<i>Sauðfjárrækt</i>	37%
<i>Nautgriparækt</i>	6%
<i>Hrossarækt</i>	6%
<i>Jarðrækt</i>	9%
<i>Landnýting</i>	8%
<b>Önnur verkefni</b>	
<i>Fréttabréf og ársrit</i>	6%
<i>Endurmenntun</i>	4%
<i>Búfjárefirlit</i>	9%
<i>Félagsleg verkefni</i>	6%
<i>Ýmislegt</i>	9%

### Jarðrækt

Á árinu hélt ég áfram að hvetja menn til að kalka ræktarland þar sem þess er þörf. Virðist einhver aukning hafa orðið í þeim efnum með tilkomu jarðabótastyrks út á slíkar framkvæmdir, þó vissulega mætti betur gera. Ég mætti á búnaðarfélagafundi þar sem þess var óskað og fjallaði einkum um tegundaval og áburðarskammta í grænfóðurrækt.

Ég sá um að skipuleggja umræðufund um jarðrækt í Víðhlíð í apríl, þar sem Þóroddur Sveinsson, tilraunastjóri á Möðruvöllum og Ingvar Björnsson, jarðræktarráðunautur á Búgarði, Eyjafirði komu og héldu erindi.

Nokkuð var tekið af jarðvegssýnum á svæðinu og reyndi ég að leiðbeina mönnum um áburðarnotkun og kölkunarþörf út frá því.

Áburðaráætlanagerð var að mestu á minni könnu og var svipað umfang á henni á árinu eins og árið áður.

### Nautgriparækt

Fremur lítill hluti af mínum tíma fer beint í nautgriparækt. Fyrst og fremst er þar um að ræða gerð rekstraráætlana fyrir kúabændur og er stór hluti þess fyrir Lánasjóð landbúnaðarins. Einnig sé ég um skráningu á sæðingum í A-Hún og fleira smálegt.

### Sauðfjárrækt

Sem fyrr fór stærsti hluti minnar vinnu á árinu í sauðfjárrækt. Hauststörfin eru þar stærsti liðurinn, þ.e.a.s. ómskoðun og stigun lamba ásamt uppgjöri á afkvæmarannsóknnum í A-Hún. Drjúgur tími fór í að aðstoða þá bændur sem voru að byrja í sauðfjárskýrsluhaldi en þeir voru nokkuð margir, sér í lagi í A-Hún. Ég mætti ásamt

Svanborgu á nokkra fjárræktarfélagafundi. Önnur störf í þágu sauðfjárræktarinnar fela í sér gerð rekstraráætlana og ýmislegt minni háttar.

### **Hrossarækt**

Sá hluti minnar vinnu sem flokkast undir hrossarækt, felur fyrst og fremst í sér vinnu við flettingar í Worldfeng, grunnskráningar og aðra aðstoð vegna skýrsluhaldsins.

### **Landnýting**

Undir þennan lið falla fyrst og fremst þau verkefni sem ég sinni fyrir Landgræðslu ríkisins skv. samningi milli hennar og RHS. Þar má telja heimsóknir til bænda sem eru í "Bændur græða landið" og einnig fór ég með starfsmanni L.r. um V-Hún til að taka út jarðir vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt.

Auk þess fellur undir þennan lið vinna við tveggja daga námskeið í gerð landnýtingaráætlana (Beta bú) sem haldið var í Staðarflöt í október og nóvember síðastliðnum. Þar leiðbeindi ég ásamt Bjarna Maronssyni, héraðsfulltrúa Landgræðslunnar. Þátttakendur komu frá 12 bæjum og tókst námskeiðið afar vel. Allir bændur á námskeiðinu voru heimsóttir milli námskeiðsdaga til að aðstoða við vinnuna sem fylgir slíkri áætlanagerð. Þátttakendur voru almennt mjög ánægðir með námskeiðið og var afar ánægjulegt að ná að halda það, þar sem það hefur lengið staðið til en ekki fyrir náðst næg þátttaka.

### **Önnur verkefni**

Ég hef haft umsjón með Fréttabréfi RHS, séð að mestu um uppsetningu og frágang til prentunar, auk þess að skrifa í það. Einnig sá ég um uppsetningu á ársriti RHS fyrir 2002 sem kom út á árinu og safnaði auglýsingum.

Undir endurmenntun fellur Fræðaðing landbúnaðarins, auk nokkurra námskeiða og endurmenntunarfunda sem ég sótti á árinu.

Nokkur tími fór í búfjárefirlit og innslátt á forðagæsluskýrslum.

Félagsleg verkefni eru ætíð nokkur, má þar telja aðstoð við umsóknir í Bjargráðasjóð, Framleiðnisjóð og önnur umsóknavinna. Einnig vinna við ýmiss konar úttektir, fundarsetur, skipulagning ýmissa funda og fleira þess háttar.

Flesta daga fer síðan nokkur tími í óskilgreind verkefni og má þar telja til ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og önnur skrifstofustörf sem flokkast undir ýmislegt.

Að lokum vil ég þakka bændum á starfssvæði RHS fyrir mjög gott samstarf á liðnu ári.

*Anna Margrét Jónsdóttir*

**Guðný Helga Björnsdóttir**  
**Nautgriparéktarráðunautur**

## Starfsskýrsla 2004

Síðastliðið ár var ég í 25% hlutastarfi hjá RHS. Í þessari skýrslu mun ég stikla á því helsta sem starfssvið mitt spannar, en það er að mestu innan nautgriparéktar. Ég er ekki með fasta viðveru á skrifstofunni á Hvammstanga, en stundum koma bændur inn ef þeir sjá bílinn minn fyrir utan skrifstofuna.

Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig þessi 25% vinnan skiptist hlutfallslega á milli verkþátta.

<u>Verkþættir</u>	<u>Hlutfall,%</u>
Skýrsluhald	34
Kynbótastarf	11
Fundir og námskeið	20
Rekstrarráðgjöf	15
Fréttabréf og pistlar	10
Forðagæsla	3
Ýmislegt	7

### Hefðbundin skýrsluhaldsvinna

Mánaðarlegar mjólkurskýrslur frá bændum þarf ég að yfirfara áður en ég sendi þær áfram suður til innsláttar í skýrsluhaldsforritið. Þar er helst að yfirfara ættfærslur nýrra kúa á skýrslum og stundum þarf að hringja í menn ef þeir hafa gleymt að skrá einhver atriði. Mjög mikið hefur þurft að hafa afskipti af einstaklingsmerkjaskráningunni. Bændur hafa verið gleymnir á að skrá númer kálfanna og jafnvel kyn og afdrif. Þórður sinnir þessu eftirliti með skýrslunum í A-Hún. Mánaðarlega sendi ég bréf með mismiklum fróðleik ásamt nýjum mjólkurskýrslum til skýrsluhaldsbændanna.

Tvisvar á ári er reiknað út kynbótamat fyrir kýrnar. Ég yfirfer það og reyni að finna út efnilegar nautsmæður með samvinnu bændanna og byggingadóms á kúnum og sendi bændunum jafnvel uppástungur um naut til að sæða þær með. Bændur eru svo hvattir til að láta vita ef það fæðist nautkálfur undan nautsmóður og nautsföður. Fyrir nokkra bændur hef ég unnið pörunarskýrslu, þar sem koma fram tillögur að nautum til að halda hverri kú undir.

Ég hef reynt að vera með áróður um að menn skrái þau heimanaut sem þeir nota þannig að dætur þeirra séu ættfærðar þegar þær bera. Auðvitað viljum við helst að menn noti ekki heimanaut heldur sæði kýrnar, en þar sem þau eru notuð, er nauðsynlegt að þau séu skráð til að dætur þeirra verði virkar í kynbótastarfi nautgriparéktarinnar á landsvísu.

### Ískýr

Lítið fjölgar þeim bændum sem nota skýrsluhaldsforritið Ískú. Í haust buðum við upp á námskeið í forritinu. Einungis tveir bændur höfðu samband og því ekki grundvöllur

til að halda námskeið. Þeir fengu hins vegar prufueintak af forritinu og fría áskrift í þrjá mánuði. Jafnframt höfðu þeir möguleika á aðstoð frá RHS ef illa gengi með forritið.

Hins vegar urðu samskiptaerfiðleikar á milli Ískýr og Windows XP í haust þannig að nokkrir bændur gátu ekki notað forritið í 2-3 mánuði og eru samskiptin ekki enn komin í lag hjá sumum þeirra, en það er þá vegna þess að ekki hefur gengið að ná í rétta uppfærslu.

### **Fundir og annað**

Í mars fór ég á aðalfundi kúabændafélaganna í A-Hún. og V-Hún. og hélt erindi um niðurstöður skýrsluhaldsins og fleira. Jafnframt sótti ég Ráðunautafund að hluta og sat aðalfund RHS.

Í apríl var haldið, í Víðihlíð, námskeið fyrir kúabændur á starfssvæði RHS um uppeldi ásetningskvígna.

Í desember var haldinn fundur á Blönduósi fyrir kúabændur á starfssvæði RHS. Hann var ágætlega sóttur. Þar var Gunnar með erindi um fóðrun, ég með erindi um internetið og hvernig hægt er að nýta það og tölvuna við búskapinn og Þórður með erindi um búrekstraráætlanir.

Nokkur tími fer af og til í að rita pistla í fréttabréf RHS eða til að senda með mjólkurskýrslum. Jafnframt ljósrita ég stundum fréttabréfið og kem því í póst, annars hefur það yfirleitt verið Svanborg, sem hefur fengið þann heiður.

### **Rekstraráætlanir**

3 bæir voru á mínum vegum í búrekstraráætlunum.

### **Forðagæsla**

Til stóð að ég færi í forðagæslu á flest mjólkurframleiðslubú í A-Hún., en af persónulegum ástæðum tókst það ekki. Það endaði með því að ég fór ekki á nema um 10 bæi og þykir mér það miður að vera ekki enn búin að koma til allra mjólkurframleiðenda á svæðinu.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum og stjórn RHS, stjórnnum kúabændafélaganna, búnaðarsambandanna, bændum, sæðingamönnum og öðrum kærlega fyrir samstarfið.

Bestu kveðjur

*Guðný Helga Björnsdóttir*

**Þórður Pálsson**  
**Nautgriparéktarráðunautur**  
**Markmiðstengdar búrekstraráætlanir**

## Starfsskýrsla 2004

Rekstrarráðgjöf	53%
Nautgriparékt	15%
Sauðfé	16%
Hross	5%
Jarðrækt	8%
Ýmislegt	3%

Ég hóf störf hjá RHS þann 1. ágúst síðast liðinn. Nokkurn tíma tók að koma sér inni starfið og læra á hlutina og vil ég nota tækifærið og þakka samstarfsmönnum mínum og bændum þá þolinmæði sem þeir/þau hafa sýnt mér. Á þessum tíma hefur megnið af mínum tíma farið í rekstrarráðgjöf eða um 53% af tímanum. Í verkefninu “Betri bú” eru nú 15 bú sem skilað var rekstraráætlun fyrir. Inn hafa komið ný bú en önnur dottið út í staðinn og ekki er því um breyttan fjölda að ræða frá fyrra ári. Það er umhugsunarvert hve fá sauðfjárbú eru í rekstraráætlunum þar sem mikið er talað um bága stöðu sauðfjárbúa og mætti því ætla að þau hefðu ekki minni ávinning en kúabúin af þátttöku í svona áætlunum t.d. í vinnu við skuldbreytingar og endurfjármögnun. Kannski hefur þessu starfi ekki verið haldið nógu mikið að sauðfjárbændum og einnig það að þeir eru minna í framkvæmdum heldur en kúabændur og finna því ekki sama hvatann til að taka þátt. Auka þarf vægi á öðrum áætlunum en rekstraráætlunum og tengja þær rekstraráætlunum t.d. endurræktunaráætlunum, áburðaráætlunum og svo framvegis og tengja þær síðan saman í eina búrekstraráætlun þar sem þær vinna saman að einu markmiði þannig að útkoman sé bættur rekstur og betri afurðir.

Venjulegur ferill í markmiðstengdum búrekstraráætlunum er einhvernveginn svona: Bóndi skilar inn bókhaldsgögnum, ráðunautur gerir rekstrargreiningu og rekstraráætlun í framhaldinu byggða á rekstrargreiningunni og þeim framkvæmdum sem bóndinn sér fyrir á næstu árum. Í áætluninni kemur fram greiðslubyrði lána og skuldastaða á hverju ári fyrir sig (án verðbólgu). Síðan gerir ráðunautur greinargerð þar sem niðurstöður áætlunarinnar eru teknar saman og bent er á það sem gott er og hvað hægt er að gera betur. Bent er á leiðir til að bæta búreksturinn og sett markmið í samvinnu við bóndann. Næsta ár eru niðurstöður þess árs bornar saman við árið á undan og einnig út frá þeim markmiðum sem sett hafa verið. Lagt er mat á þær leiðir sem valdar hafa verið til að ná markmiðum sem sett hafa verið og þær endurskoðaðar ef þurfa þykir.

Það sem mér finnst þurfa að bæta í okkar vinnuferli er að auka samstarf bónda og ráðunautar t.d. við markmiðssetningu og úrlausnir þeirra vandamála sem bóndinn stendur frammi fyrir hverju sinni. Við þurfum að gera fleira en að grufla í bókhaldi bóndans við þurfum að hjálpa bóndanum að bæta sinn búskap á öllum sviðum. Einnig þarf að leggja vinnu í það að finna út hvernig búið stendur í samanburði við aðra bændur á þessu svæði.

Um áramót tók ég við umsjá skýrsluhalds í nautgriparækt í A-Hún en Guðbjartur Guðmundsson hafði sinnt þeim störfum fram að þeim tíma. Einnig fór ég í kvígudóma með Jóni Viðari Jónmundssyni í desember og skoðuðum við kvígur á öllu starfssvæði RHS. Lambadómar tóku drjúgan tíma á haustmánuðum og ómskoðaði ég stærstan hluta af lömbunum í A-Hún og einnig nokkuð í V-Hún. Önnur stór verkefni sem ég hef unnið að eru heysýnataka, jarðvegssýnataka og skráning í Worldfeng.

***Þórður Pálsson***

**Guðbjartur Guðmundsson**

## **Starfsskýrsla 2004**

Árið var með fremur hefðbundnum hætti. Undirritaður starfaði í 35% starfi.

### **Nautgriparækt**

Safnaði kúaskýrslum og sendi til bænda í A-Hún. Unnið í samráði við Guðnýju Helgu Björnsdóttur og Þórð Pálsson.

### **Sauðfjarrækt**

Vann við ómmælingar og stígun lamba í A-Hún. Vann við skipulagningu sauðfjár-sæðinga í A-Hún.

### **Annað**

Heimsótti yfir hundað bændur í A-Hún og V-Hún í vorkoðun vegna forðagæslu á tímabilinu frá því um miðjan mars og fram í apríl. Sá um töku hey- og jarðvegssýna í A-Hún. Vann við úttekt á jarðabótum og umsjón með jarðabótaumsóknum í A-Hún og Strandasýslu. Skrifaði reikninga vegna autgripasæðinga fyrir Búnaðarsamband A-Hún. Auk þess sinnti ég tilfallandi verkefnum, fundarsetu og fleira.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka bændum á svæðinu fyrir gott samstarf á liðnum árum.

*Guðbjartur Guðmundsson*

## Sauðfjárræktin 2004

Svanborg P. Einarsdóttir  
Anna Margrét Jónsdóttir

### Sauðfjárrækt í Húnaþingi og á Ströndum.

Vel flestar upplýsingar vegna ársins 2004 eru komnar til skila. Allir sem ætluðu að skila vegna gæðastýringar skiluðu á tilsettum tíma en vegna anna hjá BÍ eru ekki allar bækur komnar til baka.

Þetta var gott afurðaár í sauðfjárrækt í Vestur-Húnavatnssýlu og á Ströndum enda veðráttan góð. Fyrir Austur-Húnavatnssýlu var þetta heldur þurrt sumar og kom það fram á afurðum margra búa þar.

### Úr skýrslum fjárræktarfélaganna 2004

Í töflu 1 er yfirlit yfir afurðir sauðfjárræktarfélaganna í Húnaþingi og á Ströndum. Þátttaka hefur aukist í skýrsluhaldi milli ára og sér í lagi í Austur-Húnavatnssýslu.

Tafla 1.

Fjárræktarfélag	Félagar	Fjöldi áa á skýrslu	Reikn. kjötp. eftir á m.lambi	Reikn. kjötp. eftir hverja á	Fædd lömb e. 100 ær	Lömb til nytja e. 100 ær	Fleirl. %	Geldar %
Hólmavíkurehrepps	6	1045	30,3	29	181	170	4,1	3,1
Blævur	4	1.104	31,4	29,1	181	165	7,1	2,9
Kaldrananeshrepps	4	876	31	29,8	181	172	3,9	2,1
Kirkjubólshrepps	13	2.807	30,5	29,1	192	178	9,3	2,2
Norðri	12	2.162	31,3	30,2	187	177	6,3	2,3
Stefnir	14	5.597	28,7	27,1	182	170	4,5	3
Von	10	1.926	30,6	28,8	184	171	5,4	2,8
<b>Strandasýsla 2004</b>	<b>63</b>	<b>15.517</b>	<b>30,5</b>	<b>29,0</b>	<b>184</b>	<b>172</b>	<b>5,8</b>	<b>2,6</b>
<b>Strandasýsla 2003</b>	<b>58</b>	<b>13.529</b>	<b>30,3</b>	<b>28,9</b>	<b>183</b>	<b>172</b>	<b>5</b>	<b>2</b>
<b>Strandasýsla 2002</b>	<b>53</b>	<b>12.435</b>	<b>29,7</b>	<b>28,3</b>	<b>184</b>	<b>172</b>	<b>5</b>	<b>2</b>
Staðarhrepps	12	3.561	29,5	27,3	185	169	5,9	2,6
Víðdælinga	12	2.480	28,6	26,7	180	165	3,5	2,7
Ytri-Torfustaðahrepps	19	4.082	28,6	26,4	183	166	6	3,1
Fremri-Torfustaðahrepps	14	4.268	28	26,3	181	167	5,4	3,1
Þverárhrepps	7	1370	29,1	26,9	172	160	3,8	5,1
Kirkjuhvamshrepps	15	3.465	33,7	32	192	178	10,4	2,3
<b>V-Húnavatnssýsla 2004</b>	<b>79</b>	<b>19.226</b>	<b>29,6</b>	<b>27,6</b>	<b>182</b>	<b>168</b>	<b>5,8</b>	<b>3,2</b>
<b>V-Húnavatnssýsla 2003</b>	<b>65</b>	<b>15.129</b>	<b>30,1</b>	<b>28,4</b>	<b>184</b>	<b>171</b>	<b>6,0</b>	<b>3,0</b>
<b>V-Húnavatnssýsla 2002</b>	<b>61</b>	<b>13.082</b>	<b>29,8</b>	<b>28</b>	<b>181</b>	<b>168</b>	<b>6,0</b>	<b>3,0</b>
Sveinstaðahreppur	26	8.033	26,6	24,3	176	160	4,1	4,2
Svínavatnshreppur	26	4.764	26,7	22,7	170	154	3,1	6
Skagahreppur	13	2.889	27	23,7	170	154	2,6	3,1
Engihlíðahreppur	3	857	26,5	24,7	179	159	3,1	2,5
<b>A-Húnavatnssýsla 2004</b>	<b>68</b>	<b>15.686</b>	<b>26,7</b>	<b>23,9</b>	<b>174</b>	<b>157</b>	<b>3,2</b>	<b>4,0</b>
<b>A-Húnavatnssýsla 2003</b>	<b>40</b>	<b>9.284</b>	<b>27,4</b>	<b>25,3</b>	<b>177</b>	<b>162</b>	<b>4,0</b>	<b>4,0</b>
<b>A-Húnavatnssýsla 2002</b>	<b>54</b>	<b>11.101</b>	<b>26,2</b>	<b>24,3</b>	<b>175</b>	<b>160</b>	<b>3,0</b>	<b>3,0</b>
<b>RHS 2004</b>	<b>210</b>	<b>50.429</b>	<b>28,9</b>	<b>26,8</b>	<b>180</b>	<b>165</b>	<b>5,0</b>	<b>3,2</b>
<b>RHS 2003</b>	<b>163</b>	<b>37.942</b>	<b>29,5</b>	<b>27,8</b>	<b>182</b>	<b>169</b>	<b>5,0</b>	<b>3,0</b>
<b>RHS 2002</b>	<b>168</b>	<b>36.618</b>	<b>28,7</b>	<b>26,9</b>	<b>180</b>	<b>167</b>	<b>5,0</b>	<b>3,0</b>

Í töflu 2 eru fimm efstu búin í hverri sýslu með 100 skýrslufærðar ær eða fleiri árið 2004.

**Tafla 2. Fimm afurðahæstu búin í hverri sýslu fyrir sig með 100 skýrslufærðar ær eða fleiri árið 2004**

Sýsla	Eigendur	Bær	Fjöldi áa	Kjöt kg e. hv. á	Lömb til nytja
Strandir	Indriði og Lóa	Skjaldfönn	218	38,9	1,82
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrum	252	34,6	1,87
Strandir	Reynir og Ólöf	Hafnardal	252	34,4	1,87
Strandir	Sigurður Jónsson	St-Fjarðarhorni	215	33,6	1,93
Strandir	Jón Stefánsson	Broddanesi I	291	33,6	1,79
V-Hún	Heimir og Þóra	Sauðadalsá	348	38,2	1,96
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauðá	362	37,6	1,98
V-Hún	Tryggvi og Stella	Gröf	133	37	1,83
V-Hún	Hjálmar og Guðlaug	Bergsstöðum	338	36,3	1,9
V-Hún	Guðmundur og Helga	Helguhvammi	270	33,7	1,79
A-Hún	Sigursteinn Bjarnason	Stafni	220	30,5	180
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	182	30,2	181
A-Hún	Pétur og Lauga	Tjörn	109	29,3	176
A-Hún	Friðrik og Erla	Gili	114	28,2	173
A-Hún	Jón og Eline	Hofi, Vatnsdal	321	28,2	170

Í töflu 3 eru fimm efstu bú í hverri sýslu fyrir gerð á fleiri en 100 dilkum.

**Tafla 3. Hæsta kjötmat – yfir 8 fyrir gerð og yfir 1,2 fyrir hlutfall milli gerðar og fitu.**

Sýsla	Eigendur	Bær	Fj. slátur-lamba	Fallþungi	Gerð	Fita
Strandir	Jón og Erna	Broddanesi	487	18,1	10,33	7,51
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrum	4002	17,8	10,15	7,42
Strandir	Reynir og Ólöf	Hafnardal	478	18,1	9,97	7,35
Strandir	Rögnvaldur Gíslason	Gröf	265	18	9,96	7,45
Strandir	Björn Tofrason	Melum 1	435	17,5	9,94	6,81
V-Hún.	Hjálmar og Guðlaug	Bergsstöðum	612	18,9	11,03	7,6
V-Hún	Þóra og Sigvaldi	Urriðaa	473	18,3	10,59	8,26
V-Hún.	Elín Anna og Ari G	Bergsstöðum	632	17	10,23	8,15
V-Hún	Tryggvi og Stella	Gröf	241	20,2	10,1	8

V-Hún	Ásgeir og Sverrir	Brautarholti	370	17,2	9,8	7,77
A-Hún	Ægir og Gerður	Stekkjardal	185	18,97	10,72	7,36
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	306	16,37	10,32	7,31
A-Hún	Pétur og Lauga	Tjörn	204	16,6	9,18	7,32
A-Hún	Sigursteinn Bjarnason	Stafni	361	16,81	8,82	7,08
A-Hún	Sævar og Anna Margrét	Sölvabakka	618	16,31	8,79	6,87

### Lambaskoðun og afkvæmasýningar.

Líflambaskoðun og afkvæmasýningar fóru fram með hefðbundnum hætti árið 2004. Aðeins voru gerðar upp afkvæmarannsóknir sem byggja á kjötmatsupplýsingum og gimbraskoðunum. Gerðar voru upp afkvæmarannsóknir á 31 bæ í Strandasýslu. Í V-Hún voru gerðar upp rannsóknir á 21 bæ og í A-Hún voru gerðar upp slíkar rannsóknir á 17 bæjum. Töluverð aukning hefur orðið, bæði á skoðun líflamba og afkvæmarannsóknum á öllu svæðinu og er það ánægjuleg þróun.

**Tafla 4. Umfang lambaskoðunar haustin 2002 - 2004**

	2004	2003	2002
A-Hún	4.255	4.060	2.813
V-Hún	4.296	4.442	3.861
Strandir	5.321	4.768	4.838

### Sæðingar árið 2004

Að þessu sinni fengum við keypt sæði frá sæðingastöðinni í Borgarnesi. Einnig var sætt með djúpfrystu sæði á Ströndum en við höfum ekki tölur um notaða skammta af því þegar þessi orð eru rituð.

**Tafla 6. Umfang sæðinga með fersku sæði árin 2002 – 2004**

	2004	2003	2002
A-Hún	1.378	1144	1089
V-Hún	1.174	838	1229
Strandir	338	463	586
<b>Samtals</b>	<b>2.890</b>	<b>2445</b>	<b>2904</b>

## Nautgripæræktin 2004

Guðný Helga Björnsdóttir  
Nautgripæræktarráðunautur

Taflan hér að neðan sýnir upplýsingar um mjólkurgreiðslumark á svæði RHS í febrúar 2005 (*skáletraðar tölur sína stöðuna í nóvember 2003*). Þá var heildargreiðslumark á svæðinu 6.351.370 lítrar, sem er 1,5% meira en í nóvember árið 2003. Greiðslumarkshafar eru fleiri en mjólkurframleiðslubú vegna þess að stundum eru skráðir fleiri en einn greiðslumarkshafi á bú og á sumum búum er geymt greiðslumark, þó ekki sé þar framleiðsla.

Febrúar 2005	Alls hjá RHS	Strandir	V-Hún.	A-Hún.
Greiðslumarkshafar	70 67	3 3	26 25	41 38
Mjólkurframleiðslubú	67 62	2 2	25 24	40 37
Skýrsluhaldsbændur	56 56	1 1	20 19	34 34
Bændur utan skýrsluhalds	11 11	1 1	5 5	4 3
Skipting greiðslumarks	100%	2% 2,2%	36% 35,4%	62% 62,4%
Hlutfall greiðslumarks innan skýrsluhalds	88% 90,3%	66% 67,7%	86% 89,2%	91% 91,8%

Taflan á næstu síðu raðar nythæstu búum á svæði RHS eftir efnamagni mjólkurinnar, en það ræður verðmæti mjólkurinnar frá afurðastöð. Í töflunni eru öll bú á svæðinu sem eru með yfir 370 kg í efnamagni mjólkur. Búin eru sjö fleiri en árið 2003, sem eru ágætir framfarir.

Þau standa sig betur á landsvísu en árið 2003. Meðalafurðir m.v. nyt á landsvísu eru 3,28% hærra en árið 2003, í A-Hún. eru þær 4,03% hærra og í V-Hún. 6,09% hærra. Miðað við efnamagn er meðaltal á landinu 3,45% hærra en árið 2003, í A-Hún. 5,71% hærra og í V-Hún. 7,18% hærra. Það er því greinilegt að kýrnar í Húnavatnssýslum eru að bæta sig meira í afurðum og efnainnihaldi mjólkur en aðrar kýr á landinu. Hins vegar eigum við dálítið í land með að ná meðaltalinu og þurfum við að stefna að því að vera ekki undir landsmeðaltali. Austur-Húnvetningar eru með 3,67% lægri nyt og 5,13% minna efnamagn í mjólkinni en landsmeðaltalið. Vestur-Húnvetningar eru með 1,66% lægri nyt og 4,36% minna efnamagn í mjólkinni en landsmeðaltalið.

**Bú með yfir 370 fyrir summu mjólkurfitu og –próteins á svæði RHS árið 2004**

Raðað eftir samanlögðu magni mjólkurfitu og -próteins.

		Árskýr					
		Fjöldi árskúa	Mjólk	Fitu %	Prótein %	Kjarn- fóður	Summa fitu og próteins
Jón og Sigurbjörg	Búrfelli	22,4	6.537	3,94	3,48	1.465	484
Gróa M. Lárusdóttir	Brúsastöðum	47,8	6.197	4,23	3,33	1.244	468
Elías og Sigríður	Stóru-Ásgeirsá	26,7	6.414	3,96	3,18	1.004	458
Ingi H. Bjarnason	N-Svertingsstöðum	12,9	6.281	3,94	3,26	1.055	453
Guðný og Jóhann	Bessastöðum	27,8	6.206	4,01	3,20	1.170	448
Kristján og Steinar	Steinnýjarstöðum	22,8	5.743	4,26	3,35	1.101	436
Haraldur Kristinsson	Grund	19,3	5.901	4,12	3,24	1.155	434
Magnús J. Björnsson	Syðra-Hóli	31,2	5.851	4,12	3,27	1.046	432
Óli og Dagný	Bakka	14,4	5.773	3,94	3,40	940	423
Pétur og Bjarney	N-Torfustöðum	26,3	5.737	4,04	3,32	809	423
Jón Gíslason	Stóra-Búrfelli	25,7	5.484	4,11	3,37	1.061	411
Reynir Davíðsson	Harrastöðum	20,2	5.515	4,07	3,31		407
Sigurður Björnsson	Kolugili	24,5	5.300	4,31	3,30	1.022	403
Björn Magnússon	Hólabaki	28,3	5.501	3,86	3,40	758	400
Auðólfstaðabúið	Auðólfsstöðum	29,0	5.329	4,11	3,29		394
Baldvin Sveinsson	Tjörn	25,6	5.224			1.041	388
Ingimar Skaftason	Árholti	18,4	5.185	3,93	3,47	1.001	384
Björn Pétursson	Stóru-Borg	18,9	5.257	3,94	3,28	668	380
Ægir Jóhannesson	Jörfa	51,5	5.150				380
Skúli og Ólöf	Tannstaðabakka	33,5	5.248	3,89	3,30	806	377
Ægir Sigurgeirsson	Stekkjardal	21,2	5.139	3,89	3,42	815	376
Ólafur Kristjánsson	Höskuldsstöðum	31,4	5.440	3,60	3,30	994	375
Vignir Vigfússon	Skinnastöðum	6,9	5.276	3,82	3,29	1082	374
Sigurður I Guðmundsson	S-Löngumýri	25,8	5.251	3,85	3,26	1025	373
Magnús Sigurðsson	Hnjúki	24,3	5.111	3,83	3,43	694	371
<b>Meðaltal í V-Hún.</b>	<b>Árið 2004</b>	<b>23,8</b>	<b>5.142</b>	<b>4,00</b>	<b>3,30</b>	<b>919</b>	<b>373</b>
<b>Meðaltal í A-Hún.</b>	<b>Árið 2004</b>	<b>23,9</b>	<b>5.037</b>	<b>3,99</b>	<b>3,33</b>	<b>954</b>	<b>370</b>
<b>Landsmeðaltal</b>	<b>Árið 2004</b>	<b>29,3</b>	<b>5.229</b>	<b>4,05</b>	<b>3,36</b>	<b>942</b>	<b>390</b>
Meðaltal í V-Hún.	Árið 2003	23,4	4.847	3,97	3,29	805	348
Meðaltal í A-Hún.	Árið 2003	21,8	4.842	3,93	3,32	885	350
Landsmeðaltal	Árið 2003	28,4	5.063	4,05	3,37	881	377
Meðaltal í V-Hún	árið 2002	23,2	5.037	3,92	3,32	841	368
Meðaltal í A-Hún.	árið 2002	21,2	4.679	3,95	3,35	889	334
Landsmeðaltal	árið 2002	28,2	5.006	4,03	3,39	911	374
Meðaltal í V-Hún	árið 2001	20,7	4.870	4,00	3,30	785	351
Meðaltal í A-Hún.	árið 2001	22,0	4.541	4,00	3,30	887	331
Landsmeðaltal	árið 2001	26,5	4.894	4,00	3,40	851	362

Listinn hér fyrir neðan sýnir afurðahæstu kýrnar árið 2004. Þær eru 12 fleiri en árið 2003. Ein kýr mjólkar yfir 700 kg af mjólkurfitu og –próteini og 15 kýr mjólka milli

600 og 700 kg. Árið 2003 mjólkuðu hins vegar 6 kýr yfir 600 kg og þar af ein yfir 700.

### Kýr með yfir 550 fyrir summu mjólkurfitu og -próteins á svæði RHS árið 2004

Raðað eftir samanlögðu magni mjólkurpróteins og mjólkurfitu.

Nafn	Fæð- ingarár	Frá	Faðir Nafn	Mjólk	Fitu%	Prótein %	Summa fitu og próteins
79 Ljómálin	1998	Bakka	96001 Glói	9.199	4,16	3,90	742
293 Blíð	1999	Brúsastöðum	97016 Brimill	8.569	4,63	3,50	696
155 Blökk	1996	Brúsastöðum	88002 Óli	8.966	4,43	3,21	685
194 Grásíða	1999	Búrfelli	99999	9.662	3,76	3,22	674
237 Brúska	1999	Brúsastöðum	99999	7.859	5,29	3,15	664
71 Pála	1995	Bessastöðum	92022 Tjakkur	8.733	4,41	3,13	658
141 Tröllasæla	1994	Búrfelli	87014 Andvari	8.917	3,84	3,53	657
192	1998	Kolugili	96017 Narfi	8.498	4,51	3,19	654
194 Ronja	1999	Brúsastöðum	97032 Þverteinn	7.720	5,46	2,97	650
142 Kló	2000	Steinnýjarstöðum	92026 Tengill	7.391	5,03	3,58	637
228 Bigga	1998	Brúsastöðum	99999	7.668	4,62	3,45	619
197 Bára	1997	Stóru-Ásgeirsá	90019 Almar	8.010	4,43	3,20	612
233 Silla	1998	Brúsastöðum	99999	7.843	4,49	3,32	612
106 Anastasía	2000	Bessastöðum	92014 Poki	9.556	3,42	2,93	607
16 Hringeyra	1995	Tjörn	99999	8.163	4,00	3,40	604
26 Þúfa	1999	Tjörn	99999	8.107	4,00	3,40	600
139 Grýla	2000	Steinnýjarstöðum	97039 Tumi	6.824	5,27	3,47	596
156 Halla	1999	Eyvindarstöðum	97001 Teinn	7.101	5,22	3,16	595
80 Lukka	1997	Bessastöðum	89015 Selás	8.238	4,09	3,07	590
186 Ljómálin	1999	Brúsastöðum	97001 Teinn	7.417	4,59	3,37	590
200 Skrauta	1998	Hvammi	88026 Mosi	6.819	5,25	3,31	584
85 Auðlind	1997	Þórukoti	88006 Tónn	7.108	4,88	3,32	583
225 Fjóla	2000	Stóru-Ásgeirsá	99999	8.416	3,98	2,93	582
407 Leysa	?	Torfalæk	99999	7.357	4,23	3,65	580
169 Torfa	1996	Auðólfstöðum	93025 Torfi	8.034	4,06	3,15	580
12 Botna		Tjörn		7.297	4,40	3,51	577
183 Nóra	1999	N-Torfustöðum	91002 Negri	7.176	4,46	3,53	574
103 Stjarna	1997	Harrastöðum	88021 Haki	7.185	4,63	3,32	571
175 Smábúra	1997	Búrfelli	88022 Sporður	6.755	4,52	3,90	569
142 Branddís	1998	Syðra-Hóli	90025 Skór	7.580	4,29	3,20	568
132 Leysa	1998	Höskuldsstöðum		7.686	3,82	3,55	567
181 Kolrögg	1998	Búrfelli	96015 Kalli	7.695	3,69	3,64	564
122 Skvetta	2000	Hlaðhamri		7.283	4,47	3,23	561
345 Ágústa	1999	Sauðanesi	90035 Stúfur	7.658	3,96	3,36	560
184 Róla	1999	Búrfelli		6.617	4,45	3,96	556

Hér á eftir fer listi frá því í mars 2005 yfir þær kýr sem eru með nokkuð öruggan nautsmæðradóm. Á honum eru 37 kýr sem hafa yfir 115 í kynbótamat og er það 12 fleira en árið áður. Kýr sem hafa kynbótamat frá 110 til 114 koma til greina sem nautsmæður séu þær afburðagripir um júgur- og spenagerð auk góðrar umsagnar um mjaltir og skap. Einnig þurfa þær að hafa jákvætt frávik fyrir eigin afurðir, vera kollóttar og hafa próteinhlutfall yfir 90. Á svæðinu eru 91 kýr með kynbótamat á bilinu 110-114 og eru það 10 færri en árið áður.

### Nautsmæður á svæði RHS árið 2004.

Kýr	Frá	Faðir	_Kynbótamat_			Byggingadómur		
			ætt.	afurða	alls	prótein%		
75	Sól	N-Svertingsst.	97010 Stígur	121	4	125	104	28 15 15 18 5 = 81
249	Alda	Stóru-Ásgeirsá	94017 Kaðall	117	6	123		27 16 16 17 4 = 80
184	Hláka	Sólheimum	98005 Dugur	115	7	122		28 16 15 18 5 = 82
116	Hrefna	Brautarholti	91002 Negri	114	7	121		28 15 17 18 4 = 82
136	Hjálma	Steinnýjarst.	91032 Krossi	115	6	121	105	28 17 16 19 5 = 85
388	Pála	Torfalæk 2	88002 Óli	110	10	120	111	
82	Drottning	Bakka	88022 Sporður	114	5	119	87	29 16 17 18 5 = 85
132	Leysa	Höskuldsst.	99999	97	22	119	105	
366	Úa	Sauðanesi	92028 Smellur	115	4	119	93	28 17 17 17 5 = 84
129	Hnísa	Syðra-Hóli	97892 Kynbætir	114	5	119	112	
149	Skvísa	Syðra-Hóli	98027 Fontur	117	2	119		29 15 17 18 5 = 84
74	Blanda	Holti	98008 Meitill	116	2	118		30 17 18 18 5 = 88
185	Spíra	N-Torfustöðum	91026 Skutur	113	5	118	103	27 16 17 18 5 = 83
194	Þruma	N-Torfustöðum	92028 Smellur	113	5	118	91	28 17 16 18 4 = 83
211	Dís	N-Torfustöðum	93026 Blakkur	113	5	118	91	28 16 16 18 4 = 82
185	Járnbrá	Sólheimum	98005 Dugur	114	4	118		27 16 15 18 5 = 81
127	Hrönn	Árholti	93026 Blakkur	113	4	117	94	29 15 16 18 5 = 83
145	Búbót	Árholti	98007 Vagn	111	6	117		28 17 16 18 5 = 84
90	Kaníka	Bakka	93026 Blakkur	114	3	117		28 16 17 18 3 = 82
207	Smella	Brúsastöðum	92028 Smellur	113	4	117		30 17 16 16 5 = 84
161	Branda	Stóru-Borg	88002 Óli	112	5	117		
120	Stygg	Syðra-Hóli	97892 Kynbætir	111	6	117	111	
198	Dís	Tannstaðabakka	99883 Flumbri	115	2	117		29 17 17 18 4 = 85
235	Smella	Auðólfssstöðum	92028 Smellur	115	1	116		29 17 17 17 5 = 85
85	Skjóla	Staðarbakka	88002 Óli	110	6	116	101	28 16 16 16 5 = 81
72	Von	Steiná 3	97004 Stekkur	112	4	116		
242	Irpa	Stóru-Ásgeirsá	94003 Sokki	112	4	116		27 15 16 18 5 = 81
183	Frekja	Stóru-Borg	91032 Krossi	113	3	116		
139	Smella	Höskuldsst.	92028 Smellur	112	3	115	105	
245	Ljóma	Litlu-Ásgeirsá	97037 Rosi	108	7	115		30 18 16 18 5 = 87
385	Salka	Sauðanesi	94017 Kaðall	112	3	115		27 16 17 19 5 = 84
46	Kær	Sólbakka	88026 Mosi	105	10	115	102	
121	Skotta	Steinnýjarst.	95025 Glæsir	106	8	115	117	28 16 15 19 5 = 83

143	Táta	Steinnýjarst.	98898	112	3	115		28 15 15 18 5 = 81
123	Ólína	Stóra-Búrfelli	88002 Óli	114	1	115	95	29 17 16 19 5 = 86
197	Bára	Stóru-Ásgeirsá	90019 Almar	115	0	115	98	
189	Brún	Tannstaðabakka	98882 Silfri	115	0	115	100	28 17 15 18 4 = 82

Ég sendi sæðingamönnunum og bændunum yfirlit yfir nautsmæðurnar með upplýsingum um byggingadóm þeirra. Sumar kýr á milli 110 og 115 hafa mjög góðan byggingadóm. Koma þær til greina sem nautsmæður, ef bændurnir eru sjálfir ánægðir með þær og þær uppfylla áðurnefnd skilyrði. Gott er fyrir sæðingamennina að hafa slíkt yfirlit hjá sér til að glöggva sig á kúnum. Nauðsynlegt er að sæða efnilegustu nautsmæðurnar með nautsfeðrum til að eiga von á að úr þeim komi góður gripur, annað hvort efnileg kvíga eða naut sem tekið er til uppeldis sem sæðinganaut.

4. Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda, Gunnar Ríkharðsson.
5. Erindi Búnaðarþingsfulltrúa, Gunnars Sæmundssonar.
6. Kosningar:
  - a) Stjórnarmaður til 3ja ára í stað Kristjáns Ísfelds.
  - b) 1.varamaður stjórnar til 3ja ára í stað Skúla Einarssonar
  - c) 2.varamaður stjórnar til 3ja ára í stað Gunnars Þórarinssonar.
  - d) 2 skoðunarmenn til 3ja ára í stað Jóhannesar Björnssonar og Ólafs B. Óskarssonar.
  - e) 1.varamaður skoðunarmanna til 3ja ára í stað Stefáns Böðvarssonar.
  - f) 2.varamaður skoðunarmanna til 3ja ára í stað Hauks Stefánssonar.
7. Málum vísað til nefnda.
8. Nefndarstörf.
9. Lagabreytingar.
10. Önnur mál.
11. Fundarslit.

Var þá gengið til dagskrár.

## 2. Skýrsla formanns og reikningar BSVH

Rafn Benediktsson flutti skýrslu stjórnar. Í upphafi minntist hann Kristjáns Ísfelds, sem lengi starfaði innan BSVH og sat í stjórn þess um árabíl. Kristján lést á s.l. vetri. Fundarmenn vottuðu hinum látna virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Rafn skýrði reikninga sambandsins. Þeim var ásamt skýrslu stjórnar dreift fjölrituðum til fundarmanna.

Rekstrartekjur BSVH árið 2004 voru kr. 1.179.497. Rekstrargjöld kr. 637.340. Hagnaður fyrir óreglulega liði kr. 542.157. Niðurfærsla hlutafjár kr. 172.877. Hagnaður ársins kr. 369.280. Eigið fé alls samkvæmt efnahagsreikning kr. 7.925.877. Rekstrartekjur kúasæðinga kr.4.447.386. Rekstrargjöld kr. 3.993.452. Hagnaður af þeim rekstri kr. 453.934.

Reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

### **3. Reikningar RSVH.**

Gunnar Þórarinsson fór yfir reikninga RSVH og skýrði þá. Rekstrartekjur voru kr. 57.317.00. og var þar eingöngu um vaxtatekjur og verðbætur að ræða. Rekstrargjöld kr. 35.726. Eignaskattur kr.12.772. Hagnaður ársins kr. 8.818.

Reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

Að loknum framsögum um skýrslu stjórnar og reikninga var orðið gefið laust til umræðna, en engar umræður um þessa dagskrárlíði.

### **4. Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda.**

Gunnar Ríkharðsson flutti erindi um starfsemi ráðunautaþjónustunnar.

Hann fór yfir starfsemi Ráðunautaþjónustunnar á árinu 2004. Niðurstaða rekstrar á árinu taldi hann væri nálægt núlli, en ekki væri búíð að ganga frá reikningum.

### **5. Erindi búnaðarþingsfulltrúa, Gunnars Sæmundssonar.**

Hann ræddi um störf búnaðarþings 2005. Meðal mála sem hann skýrði frá voru hugmyndir um skipulagningu skotveiðihlunninda. Hugmyndir um sölu hótela sem bændasamtökin eiga hlut að og sagði þau vera farin að skila verulegum tekjum til bændasamtakanna. Ræddi málefni lánasjóðs landbúnaðarins og óttaðist að ekki myndu allir bændur sitja við sama borð á lánamarkaði ef lánasjóðurinn verður lagður niður. Ræddi um olúgjald og þungaskatt og þær breytingar sem framundan eru í þeim málum. Búnaðarþing ályktaði um að bændur gætu fengið að hafa litada olíu á einn bíl sem notaður væri við landbúnað. Horfur á kjötmarkaði væru góðar, þó hefði sala heldur minnkað í mars s.l. Útflutningsprósenta á dillakjöti á komandi hausti verði væntanlega á bilinu 15 – 20 %. Ræddi um mjólkursölu á komandi árum og verð á mjólkurkvóta. Þá ræddi hann um sinubruna og að það væri nauðsynlegt að framkvæma með varúð, þannig að ekki verði til óþæginda eða skaða fyrir aðra.

Að loknum erindunum voru umræður um þau.

Gísli G. Magnússon.

Hvað kemur mikið fjármagn inn á svæðið gegn um búrekstraráætlanir? Sauðfjársæðingar kæmu mjög misjafnt út og spurði hvað veldur og hvað er til ráða? Gæðastýring mjög umdeild og spyr hvort til standi að endurskoða hana. Ræddi um loftræstingu í gripahúsum og spurði hvort þar væri ekki ýmsu ábótavant.

Skúli Einarsson.

Ræddi um gæðastýringu, búnaðarlagasamninginn og samstarf í kornrækt í héraðinu.

Jón Eiríksson: Fannst vanta hugleiðingar um framtíð BSVH. Alltof mikil skriffinnska væri í gangi og gæðastýringin besta vitnið um það. Ræddi um bókhaldsmál bænda. Ráðunautaþjónustan þyrfti að koma þar meira inn í með aðstoð

til bænda. Ræddi um jarðamál og kaup stórra aðila á jörðum og sagði þá vera að fara illa með sumar sveitir með sínum jarðakaupum.

Ólafur Benediktsson: Ræddi um skil á haustskýrslum varðandi forðagæslu og bæta þyrfti skipulag á voreftirliti. Þá ræddi hann um fækkun varnargirðinga og þær afleiðingar sem það gæti haft í för með sér. Ræddi um félagskerfi bænda og taldi að þyrfti að einfalda það. Gæðastýringuna þyrfti að einfalda og sníða af henni agnúana.

Gunnar Þórarinsson: Sagði að ráðunautar þyrftu að gefa sér tíma til að ræða við bændur á sínum eftirlitsferðum. Hann spurði fyrir hvaða þætti í ráðunautaðjónustunni væri tekið gjald fyrir.

Skúli Einarsson: Taldi að eitt sauðfjárræktarfélag ætti að vera fyrir allt héraðið og það félag yrði vel virkt. Sagði að leiðbeinendur ættu að koma út til bænda.

Gísli Magnússon: Vildi breytingu á félagskerfi bænda, taldi það alltof flókið. Gunnar Sæmundsson: Svaraði framkomnum fyrirspurnum. Sagði að það væri í athugun að endurskoða gæðastýringuna. Tók undir orð Gísla að bændur væru að grafa sína eigin gröf með kaupum á mjólkurkvóta. Ræddi um búgreinasambönd og sagðist vilja sjá hér í héraði þrjú búnaðarfélög, eitt á hverju varnarsvæði. Taldi rétt að ræða sameiningu búnaðarsambanda á næstu árum. Hann taldi að sjónarmið bænda á Suðurlandi væru gjörólík sjónarmiðum bænda annarsstaðar á landinu. Á Suðurlandi væru mikið meira um ráðandi stórbændasjónarmið.

Rafn Benediktsson: Minntist á gæðastýringu, merkingu búfjár og skráningu á sumarreit sauðfjár. Ræddi um félagskerfi bænda. Óánægðir bændur stofnuðu oftast ný félög. Taldi rétt að sameina sauðfjárræktarfélög í héraðinu. Skoða mætti hvort Búnaðarsambönd við Húnaflóann yrðu sameinuð.

Gunnar Ríkhartsson: Svaraði framkomnum fyrirspurnum. Fram kom m.a. að heildarvelta hjá Ráðunautaðjónustunni var um 23 milljónir kr. á s.l. ári. Gjaldtaka er fyrir ómskoðun á sauðfé, kynbótasýningar á hrossum og námskeið.

Skúli Einarsson: Þakkaði Gunnari Ríkhartssyni fyrir mjög góð svör.

## 6. Kosningar:

- a) Kosinn 1 maður í stjórn til þriggja ára. Kosinn var Skúli Einarsson með 5 atkvæðum.
- b) Kosinn 1. varamaður í stjórn til þriggja ára. Kosinn var Ólafur Benediktsson með 4 atkvæðum.
- c) Kosinn 2. varamaður í stjórn til þriggja ára. Kosinn var Gunnar Þórarinsson samkv. uppástungu.
- d) Kosnir 2 skoðunarmenn til þriggja ára. Jóhannes Björnsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Kosnir voru samkvæmt uppástungu Stefán Böðvarsson og Ólafur B. Óskarsson.
- e) Kosinn 1. varamaður skoðunarmanna til þriggja ára. Kosinn var samkvæmt uppástungu Haukur Stefánsson.
- f) Kosinn 2. varamaður skoðunarmanna til þriggja ára. Kosinn var samkvæmt uppástungu Friðrik Böðvarsson.

## 7. Málum vísað til nefnda.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga að nefndarskipun á fundinum:

### Fjárhagsnefnd:

Gunnar Þórarinsson, Jón Eiríksson Skúli Sigurbjartsson.

### Allsherjarnefnd:

Skúli Einarsson, Örn Óli Andrésson, Kristófer Jóhannesson. Halldór Jósafatsson.

### Búnaðarmálanefnd:

Ólafur Benediktsson, Ásgeir Sverrisson Gísli G. Magnússon.

Tillagan samþykkt og var þá gefið fundarhlé kl. 16.40 á meðan nefndir störfuðu.

### 8. Nefndarálit lögð fram.

#### 1. Frá Allsherjarnefnd:

Framsögumaður: Skúli Einarsson

Aðalfundur BSVH haldinn í Barnaskóla Staðarhrepps 24. apríl 2005. Beinir því til stjórnar BSVH að kanna möguleika á sameiningu Búnaðarsambanda á Húnaflóasvæðinu.

Tillagan samþykkt samhljóða, án umræðna.

#### 2. Framsögumaður: Skúli Einarsson:

Aðalfundur BSVH haldinn í Barnaskóla Staðarhrepps 24. apríl 2005. Leggur til að fjármunum þeim er tilheyra RSVH verði við sameiningu við BSVH varið til að stofna sjóð er hafi það hlutverk að lána búnaðarfélögum á svæðinu til tækjakaupa vegna ræktunar 190 þúsund kr. úr skiptabúi Ræktunarfélags Norðurlands verði einnig varið í þennan sjóð.

Til máls um tillöguna tóku: Skúli Einarsson, og Gunnar Sæmundsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### Frá búnaðarmálanefnd:

Framsögumaður Ólafur Benediktsson.

1. Aðalfundur BSVH haldinn í Barnaskóla Staðarhrepps 24. apríl 2005 mótmælir reglugerð um merkingu búfjár eins og hún liggur fyrir og skorar á stjórn Bændasamtaka Íslands að ná fram breytingum þannig að hún eigi við íslenska staðhætti. Tillagan samþykkt samhljóða án umræðna.

#### 2. Framsögumaður Ólafur Benediktsson.

Aðalfundur BSVH haldinn að Barnaskóla Staðarhrepps 24. apríl 2005 skorar á svonefnda sexmenninga að falla frá kröfum sínum á hendur KVH vegna svonefnds 20 milljón króna sjóðs til kvótakaupa. Einnig skorar fundurinn á stjórn KVH að falla nú þegar frá málshöfðun á hendur félagi kúabænda á svæðinu vegna sama máls.

Nokkrar umræður urðu um tillöguna. Til máls tóku: Jón Eiríksson, Skúli Einarsson, Gunnar Þórarinnsson, Rafn Benediktsson, Ásgeir Sverrisson, Skúli Sigurbjartsson, Jón Eiríksson og Skúli Einarsson.

Eftirfarandi breytingartillaga kom fram frá Ásgeir Sverrissyni:

Aðalfundur BSVH haldinn að Barnaskóla Staðarhrepps 24. apríl 2005, samþykkir breytingar á tillögu um 20 milljón kr. sjóð.

Að málsgreinin um að KVH falli frá málshöfðun á hendur félagi kúabænda verði felld út.

Breytingartillagan felld með 6 atkv. gegn 1 atkv.

Aðaltillagan samþykkt með 5 samhljóða atkvæðum.

#### Frá fjárhagsnefnd:

Framsögumaður Gunnar Þórarinnsson

1. Aðalfundur BSVH haldinn í Barnaskóla Staðarhrepps 24. apríl 2005 samþykkir að breyta lögum sambandsins þannig: 5 grein, málsgreinin “ Sé fleiri en einn félagsmaður frá hverju lögbylí greiðist 1/2 gjald af hverjum félagi umfram einn” verði þannig: Séu fleiri en einn félagsmaður frá hverju lögbylí greiðist ¼ gjalds af hverjum félagi umfram einn. Tillagan samþykkt samhljóða án umræðna.

#### 2 Framsögumaður Gunnar Þórarinnsson

Aðalfundur BSVH haldinn í Barnaskóla Staðarhrepps 24. apríl 2005 samþykkir að þóknun til formanns fyrir vinnu, notkun á síma, tölvu og aðra aðstöðu sem til þarf verði 5 % af rekstrartekjum kúasæðinga. Auk þess verði formanni greiddar kr. 6850

fyrir hvern fund auk aksturskostnaðar. Þóknun til annarra stjórnarmanna verði kr. 3425 fyrir hvern fund auk aksturskostnaðar.

Tillagan samþykkt samhljóða án umræðna.

Áætlun um kostnað við kúasæðingar var lögð fram á fundinum.

9. Níundi liður dagskrár kom til afgreiðslu með tillögu 1 frá fjárhagsnefnd.

#### 10. Önnur mál.

Gunnar Þórarinnsson ræddi málefni Ráðunautaðjónustunnar. Varpaði fram þeirri ábendingu að boðaður verði einn fundur á svæðinu vegna kynningar á sauðfjárræktarskýrslum, það spari vinnu ráðunauta. Hann taldi einnig að sauðfjárræktin greiddi mest af þeim tekjum sem innheimt er sérstaklega af bændum.

Skúli Einarsson ræddi um gjaldtöku af einstökum búgreinum og sagði m.a. mikil gjaldtaka væri af kjúklingabændum en þeir fengju litla þjónustu í staðinn.

Sigurður Björnsson ræddi um félagsmálanámskeið.

Rafn Benediktsson þakkaði fundarmönnum góðar umræður á fundinum og ábendingar sem fram hefðu komið.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir fundarsetuna og riturum fundarins þeirra störf og sagði fundi slitið.

Jóhannes Björnsson. ( sign )

Ólafur B. Óskarsson. ( sign )

# Aðalfundur BSS

21. ágúst 2005

Sunnudaginn 21. ágúst 2005 var aðalfundur Búnaðarsambands Strandamanna haldinn í félagsheimilinu og Sauðfjársetrinu Sævangi.

1. Formaður BSS Jóhann Ragnarsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann kynnti dagskrá. Jóhann gerði tillögu um Matthías Lýðsson sem fundarstjóra og Þórð Halldórsson sem fundarritara og var það samþykkt.

2. Formaður minntist tveggja látinna félaga, þeirra Hjalta Guðmundssonar, Bæ í Árneshreppi og Brynjólfs Sæmundssonar héraðsráðunautar Strandamanna. Fundarmenn vottuðu þeim virðingu og þökk með því að rísa úr sætum.

3. **Kjörbréf** voru nú lögð fram fyrir fundinn frá Búnaðarfélagi Bæjarhrepps, Búnaðarfélagi Árneshrepps og Búnaðarfélagi Nauteyrahrepps. Eftirtaldir fulltrúar sátu fundinn:

Frá Búnaðarfélagi Bæjarhrepps

Máni Laxdal og Kristín G. Jónsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Árneshrepps

Björn Torfason og Sigursteinn Sveinbjörnsson

Frá Búnaðarfélagi Nauteyrahrepps

Reynir Stefánsson og Þórður Halldórsson

Ekki höfðu borist kjörbréf né voru fulltrúar frá öðrum aðildarfélagum. Auk framantalinna sátu fundinn Jóhann Ragnarsson, Matthías Lýðsson og framkvæmdastjóri Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda, Gunnar Ríkharðsson

## 4. Skýrsla stjórnar:

Jóhann Ragnarsson flutti skýrslu stjórnar. Hann nefndi að með hugsanlegri sameiningu Búnaðarsambanda við Húnaflóa væri ætlunin að efla starfið og það menn að skoða það með opnum huga. Búnaðarsamböndin væru hálf munaðarlaus eftir að Ráðunautaþjónustan tók til starfa. Búnaðarfélagin yrði að efla vegna þess að þau eru að verða eini samstarfsvettvangurinn í sveitum. Olúgjald var rætt á búnaðarþingi. Einhverjar vonir eru um að fá hluta af olúgjaldinu felld niður af bílum.

Það er svo mörgum málum hrúgað á búnaðarþing að útilokað er að kynna sér öll mál sem skyldi. Farið er að stytast í að þjóðlendunefndar ófreskjan komi til okkar og því ráð að undirbúa sig.

Jóhann formaður las og skýrði reikninga BSS 2004. Jóhann tók fram að þeir væru ekki endurskoðaðir og á árinu 2004 hefðu ekki verið innheimt félagsgjöld né greidd stjórnarlaun.

Tekjur ársins 2004 voru 90.647 og gjöld 34.506

Hrein eign BSS í peningum er 1.050.000.

Að samlagðri skýrslu stjórnar voru umræður. M.a var rætt um lánasjóðinn, þjóðlendumál, ávöxtun fjár, uppkaup jarða og samfélagsbreytingar í framhaldi af því. Gunnar Ríkharðsson tók til máls og sagði frá starfsemi Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda og lagði fram starfskýrslu vegna 2004.

Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

## 5. Önnur mál.

- a. Fyrir fundinn var lagt bréf frá BSVH þar sem óskað var eftir viðræðum um sameiningu Búnaðarsambanda við Húnaflóa.
- b. Rætt um Minningarsjóð Benedikt Grímssonar og Skógræktarsjóð.
- c. Fram kom svohljóðandi tillaga frá Matthíasi Lýðssyni:  
Aðalfundur BSS haldinn að Sævangi 21. ágúst 2005 samþykkir að heimila stjórn BSS að ganga til viðræðna við BSVH og BSAH um sameiningu búnaðarsambandanna. Tillögur verði svo lagðar fyrir fulltrúafund BSS.  
Tillagan samþykkt samhljóða.
- d. Fram kom tillaga frá stjórn BSS um að árgjald á félagi verði 2.500 kr. Hjón eða sambúðarfólk greiði eitt árgjald. Stjórnarlaun verði þannig að formaður fái kr. 60.000, aðrir stjórnarmenn kr. 20.000 auk þess sem tillagður kostnaður verði greiddur.  
Tillagan samþykkt samhljóða.
- e. Máni Laxdal kvaddi sér hljóðs. Hann taldi brýnt að stjórn BSS færi að undirbúa málsvörn vegna þjóðlendumála.
- f. Aðspurðir upplýstu Jóhann og Matthías að Strandir I færi nú senn í prentun, það væri ánægjulegt, kostnaður áfallinn væri mikill, en stjórn BSS muni ekki skorast undan ábyrgð á verkinu. Um er að ræða samfélagsverkefni sem margir verða að koma að.

#### 6. Kosningar:

Úr stjórn átti að ganga Þórður Halldórsson. Fram kom tillaga um að endurkjósa hann og var það samþykkt samhljóða.

Varamaður Þórðar var kjörinn Reynir Stefánsson.

Endurskoðandi var kjörinn Máni Laxdal og varaendurskoðandi Rögnvaldur Gíslason.

#### 7. Fundarslit:

Matthías fundarstjóri og Jóhann kynntu fyrir fundarmönnum verðlaunagrip, gerðan af Valgeiri Ben. Ánesi, en hann gefur BSS til minningar um Brynjólf Sæmundsson og var keppt um hann núna um daginn í meistaramóti Sauðfjárseturs í hrútaðómum. Fundarstjóri þakkaði mönnum góða fundarsetu, bauð til kjötsúpu á Sauðfjársetrinu og sleit fundi kl. 12.45.

# **RHS**

## **Starfsárið 2005**

## Efnisyfirlit - Ársrit RHS v. starfsemi 2005

Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага og starfsmenn RHS 2005 .....	113
Skýrslur starfsmanna	
– Gunnar Ríkharðsson .....	114
– Svanborg Einarsdóttir .....	117
– Anna Margrét Jónsdóttir .....	118
– Guðný Helga Björnsdóttir .....	120
– Þórður Pálsson .....	122
Starfsemi í einstökum búgreinum 2005	
– Sauðfjárræktin – Svanborg Einarsdóttir .....	124
– Nautgriparæktin – Guðný Helga Björnsdóttir .....	128
– Hrossaræktin - Gunnar Ríkharðsson .....	135
– Jarðræktin - Anna Margrét Jónsdóttir .....	136
– Búrekstraráætlanir – Þórður Pálsson .....	138
Niðurstöður heysýna 2005 .....	139
Fundargerð aðalfundar RHS 26. apríl 2006 .....	140
Reikningar RHS 2005 .....	144

# Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda

Stofnuð 15. ágúst 2001

## Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага RHS 2005

### Stjórn RHS:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður  
Rafn Benediktsson, Staðarbakka, gjaldkeri  
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, ritari

### Skoðunarmenn RHS

Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu  
Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli

### Stjórnir Búnaðarsambanda á svæði RHS

#### Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður  
Birgir Líndal Ingbórsson, Uppsölum  
Gauti Jónsson, Hvammi

#### Búnaðarsamband V-Húnavatnssýslu

Rafn Benediktsson, Staðarbakka, formaður  
Sigurður Björnsson, Kolugili  
Skúli Einarsson, Tannstaðabakka

#### Búnaðarsamband Strandamanna

Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, formaður  
Þórður Halldórsson, Laugalandi  
Matthías Lýðsson, Húsavík

### Formenn búgreinafélaga á svæði RHS

Félag sauðfjárþænda í A-Hún: Birgir Ingbórsson, Uppsölum  
Félag sauðfjárþænda í V-Hún: Ari G. Guðmundsson, Bergstöðum  
Félag sauðfjárþænda á Ströndum: Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum  
Félag kúabænda í A-Hún: Magnús Sigurðsson, Hnjúki  
Nautgriparéktarfélag V-Hún: Skúli Einarsson, Tannstaðabakka  
Samtök hrossabænda í A-Hún: Björn Magnússon, Hólabaki  
Hrossaréktarsamtök V-Hún: Pálmi Ríkharðsson, Syðri-Völlum

### Ráðunautar:

Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri  
Guðný Helga Björnsdóttir  
Svanborg Þ. Einarasdóttir  
Anna Margrét Jónsdóttir  
Þórður Pálsson

**Gunnar Ríkharðsson**  
**Framkvæmdastjóri**

## **Starfsemi RHS árið 2005**

Árið 2005 einkenndist af hjartsýni á meðal íslenskra bænda. Sala afurða gekk almennt vel og verð á afurðum fór heldur hækkandi enda mikil þensla og velmegun í þjóðfélaginu. Er óskandi að það ástand vari sem lengst því óneitanlega er skemmtilegra að vinna með atvinnugrein sem er í vexti og hugur er í mönnum heldur en þegar sífellur samdráttur á sér stað.

### **Starfsemi og starfsmenn**

Starfsemi Ráðunautaþjónustunnar var í nokkuð hefðbundnum en árstíðabundnum skorðum. Að lokinni sumarlokun í júlí er ágúst notaður til að klára ýmis verk, vinna í búrekstraráætlunum, vsk-uppgjöri ofl. en í september taka við hefðbundin hauststörf í sauðfjárræktinni ásamt úttektum á jarðabótum. Vaxandi áhugi er á kynbótastarfinu í sauðfjárræktinni – sérstaklega á austurhluta svæðisins – en á Ströndum og í V-Hún er löng og mikil hefð fyrir slíku starfi. Á þessu hausti var einnig mikil vinna við að aðstoða bændur vegna nýrra reglna um einstaklingsmerkingar á sauðfé en ljóst er að mun betur hefði þurft að standa að því verkefni frá byrjun af hálfu ábyrgðaraðila.

Forðagæsluskýrslur eru sendar út í október og þær eru síðan að berast okkur fram eftir desember og sama má segja um hrossaskýrslurnar, sem margir draga að skila til okkar þar til rétt fyrir áramót. Spurning er hvort ekki megi breyta þessu fyrirkomulagi þannig að hrossaeigendur geti prentað sínar folaldaskýrslur af netinu og skilað þeim snemma að hausti eða um leið og öll folöld þeirra eru fædd – enda ekki eftir neinu að bíða.

Sauðfjársæðingar taka síðan við í desember og er vaxandi áhugi á slíku starfi og virðist “Hrútaskráin” ákaflega vinsæl og þallesin á mörgum bæjum. Eftir áramótin hefst vinna við skráningar og ýmis rekstrarleg og fagleg uppgjör á búfjárgögnum frá árinu áður og á það bæði við um sauðfjárrækt, nautgriparækt og hrossarækt. Jafnframt þarf þá að ganga frá forðagæsluskýrslum og skila þeim til Bændasamtakanna. Í febrúar fara að berast umsóknir vegna jarðabóta á lögbýlum og síðan hefst vinna við vorkoðanir í búfjárefirlitinu og úttektir á gæðastýringu í sauðfjárræktinni um mánaðarmót febrúar-mars. Sú vinna stendur yfir langt fram í apríl en þessir sömu mánuðir eru einnig mikið funda og námskeiða tímabil svo á þessum tíma er mikið álag á starfsmenn, en október og apríl hafa verið vinnufrekustu mánuðir ársins hjá okkur.

Í maí minnkar aftur vinnuálag enda bændur þá að sinna vorverkum og sauðburði og það sama á að nokkru leyti við um þá ráðunauta hjá RHS sem sjálfir búa með sauðfé. Í júní er kynbótasýning hrossa haldin en undanafarin ár hefur verið ein sameiginleg sýning á Hvammstanga fyrir allt svæðið. Í júlí höfum við lokað skrifstofum vegna sumarleyfa og hefur það gefist ágætlega. Þannig er hinn fjölbreytti en árstíðabundni vinnuhringur hjá okkur en þar að auki má nefna verkefni sem eru nokkuð stöðug og dreifast nokkuð jafnt yfir árið eins og vinna við búrekstrargreiningar og áætlanir, aðstoð við ýmsar umsóknir, túnkort, bókhald ofl.

Á árinu 2005 var skráð vinna starfsmanna Ráðunautaþjónustunnar um 6.400 klst eða rétt tæp fjögur ársverk og skiptust þau á 5 ráðunauta og er þetta svipað vinnuframlag og árið á undan. Anna Margrét og Þórður voru bæði í fullu starfi á árinu, ég var í um 75% starfi, Svanborg í 70% starfi og Guðný Helga í 25% starfshlutfalli.

Í meðfygjandi töflu má sjá hlutfallslega skiptingu vinnutíma hjá starfsmönnum RHS á einstaka vinnuliði. Undir “Miðlun” flokkast m.a. vinna við fréttabréf, ársrit o.þ.h. en undir “Ýmislegt” fellur m.a. stjórnun og umsýsla, bókhald, fundir ofl. Vinna við búrekstraráætlanir flokkast undir viðkomandi búgrein en samanlagt er vinna við þann þátt um 11% af heildarvinnutíma ráðunauta.

Tafla 1 Hlutfallsleg (%) skipting vinnutíma hjá starfsmönnum RHS á einstaka vinnuliði

	AMJ	GHB	SE	ÞP	GR	RHS
Sauðfé	41,3	0,0	57,2	21,0	0,8	28,5
Nautgripir	0,8	78,3	0,0	55,5	8,1	21,8
Hross	3,7	5,5	4,2	5,3	20,0	7,5
Jarðrækt	13,1	0,0	1,1	2,5	0,0	4,5
Búfjáreftirlit	14,3	2,5	9,5	10,1	9,9	10,6
Símenntun	4,5	3,3	2,1	2,8	5,6	3,7
Miðlun	7,4	2,1	1,7	0,4	1,7	2,9
Ýmislegt	15,0	8,3	24,3	2,4	54,1	20,5
Alls	100	100	100	100	100	100

Líklegt verður að teljast að með auknum kröfum um gjaldtöku fyrir þjónustu þá setji Ráðunautaþjónustan skýrari reglur um að öll vinna sem unnin er fyrir einstakan bónda sé greidd af honum en allt sem unnið er fyrir hóp bænda eða búgrein í heild sinni sé greitt úr sameiginlegum sjóðum.

Aðalfundur Ráðunautaþjónustunnar var haldinn á Blönduósi 3. maí 2005 en nokkrir fulltrúar sáu sér ekki fært að mæta vegna anna við vorverk enda fundatími nokkuð óhentugur. Reynt verður að bæta úr því.

### Búfjáreftirlit

Á haustdögum voru endurnýjaðir samningar á milli Ráðunautaþjónustunnar og sveitarfélaga í Húnavatnssýslum og í Bæjarhreppi í Strandasýslu varðandi búfjáreftirlit. Var þá haft til hliðsjónar hve mikill tími og akstur hefur farið í þennan vinnuþátt hjá starfsmönnum RHS síðastliðin tvö ár og samið út frá því. Af vinnuskýrslum má ráða að um 10% af vinnutímanum fari í þennan lið og akstur hefur verið um 6.700 km á ári.

### Rekstur RHS á árinu 2005

Þegar þetta er ritað liggja ekki fyrir samþykktir reikningar Ráðunautaþjónustunnar fyrir árið 2005. Reksturinn verður þó að líkindum réttu megin við núllið eins og að var stefnt og heildartekjur eru um 23 milljónir sem er nánast sama tala og árið 2004.

Bæði grunnframlög frá Bændasamtökum og tekjur frá búnaðarsjóði lækka milli ára og ekki verður annað séð en þessi lækkun haldi áfram á næstu árum. Þetta eru því skýr skilaboð um að ef halda á svipuðu þjónustustigi gagnvart bændum þá þarf að koma til aukin sala á þjónustu eins og áður hefur verið vikið að.

Um áramótin 2005/2006 var fjárfest í einni bifreið fyrir starfsmenn en undanfarin ár höfum við verið að keyra rúmlega 30 þús km á ári fyrir Ráðunautaþjónustuna. Þó starfsmenn séu dreifðir á þrjá staði þá ætlum við að sjá hversu mikla notkun má fá á einn bíl og meta þá hvort þetta er hagkvæmt m.t.t. kostnaðar við akstur.

Á aðalfundum Búnaðarsambanda V-Hún og Stranda á árinu 2005 voru samþykktar tillögur um að skoða hvort fýsilegt væri að sameina búnaðarsamböndin við Húnaflóa þ.e. Búnaðarsamband A-Hún, V-Hún og Stranda og Ráðunautaþjónustuna í ein “Búnaðarsamtök við Húnaflóa”. Ráðunautaþjónustan er sameiginlegt fyrirtæki þessara Búnaðarsambanda og hefur starfað frá árinu 2002 og séð um faglegar leiðbeiningar á svæðinu en þegar þetta er ritað í mars 2006 er verið að skoða hvort ein heildarsamtök bænda á svæðinu gætu skilað bændum öflugri og skilvirkari þjónustu og verið öflugur talsmaður þeirra út á við. Tillögur þar um verða væntanlega lagðar fyrir aðalfundi búnaðarsambandanna í vor og þá ræðst hvort af þessu verður.

Ég þakka bændum og starfsmönnum ánægjuleg samskipti á liðnu ári.

*Gunnar Ríkhartsson*

**Svanborg P. Einarsdóttir**  
**Sauðfjárræktarráðunautur**

## Starfsskýrsla 2005

Ég ákvað að fengnu samþykki Gunnars Ríkharðssonar að minnka vinnuna hjá RHS úr 100 % starfi í 70 % starf árið 2005. Ég hef reynt að vera mánudaga og fimmtudaga á skrifstofu á Borðeyri, en á þriðjudögum hef ég verið á skrifstofu á Hvammstanga. Það er misjafnt eftir árstímum hversu mikið er að gera og hversu mikið er starfað á skrifstofu.

Taflan hér að neðan sýnir hvernig vinnutíminn hjá mér skiptist á milli verkefna.

<b>Verkefni</b>	<b>Hlutfall</b>
Félagsleg verkefni	8 %
Hrossarækt	4 %
Sauðfjárrækt	57 %
Forðagæsla	9 %
Bókhald	5 %
Ýmis verk	17 %
	100 %

### **Félagsleg verkefni**

Undir liðnum félagsleg verkefni vega þyngst úttektir og umsóknir vegna jarðabótaverkefna. Annað sem fellur undir þennan lið eru fundarsetur, skipulagning námskeiða, upplýsingaöflun og umsóknir.

### **Hrossarækt**

Ég starfaði mest að skýrsluhaldi, það er skráningum í Worldfeng

### **Sauðfjárrækt**

Helmingur af vinnutímanum þetta árið fór í sauðfjárrækt. Lambaskoðun og uppgjör afkvæmarannsóknna vegur þyngst. Önnur störf í sauðfjárræktinni eru þá helst rekstrarleiðbeiningar, Fjárvis, fóðrun, námskeið, gæðahandbók og fleira.

### **Bókhald**

Leiðbeiningar í bókhaldi er að mestum hluta aðstoð við notkun dk-Búbótar og námskeið.

### **Ýmis verk**

Að lokum eru það verkefni sem ekki eru skráð á einstakar búgreinar. Það eru skrifstofustörf, svo sem sími, ljósritun, tiltekt, hreingerningar og verk sem tilheyra fleiru en einu verkefni og því endað undir flokknum ýmis verk.

*Svanborg P. Einarsdóttir*

Anna Margrét Jónsdóttir  
Jarðræktarráðunautur

## Starfsskýrsla 2005

Verkþættir	Hlutfall
<b>Fagleg verkefni</b>	
<i>Sauðfjarrækt</i>	41
<i>Nautgriparækt</i>	1
<i>Hrossarækt</i>	4
<i>Jarðrækt og þróunarverkefni</i>	10
<i>Landnýting</i>	5
<b>Önnur verkefni</b>	
<i>Fréttabréf og ársrit</i>	7
<i>Endurmenntun</i>	5
<i>Búfjárestirlit</i>	14
<i>Fundir og ýmislegt</i>	13

### Sauðfjarrækt

Sem fyrr fór stærsti hluti minnar vinnu á árinu í sauðfjarrækt. Hauststörfin eru þar stærsti liðurinn, þ.e.a.s. ómskoðun og stigun lamba ásamt uppgjöri á afkvæmarannsóknnum í A-Hún. Ég mætti ásamt Svanborgu á flesta fjarræktarfélagafundi á svæðinu. Nokkur tími fór síðan í að panta merki fyrir sauðfjárnætur. Einnig fór mikill tími í umsjón með sæðingum í desember, en síðastliðið haust fengum við nýu sæðingadaga og voru þeir mikið nýttir. Önnur störf í þágu sauðfjarræktarinnar fela í sér aðstoð við skýrsluhald, gerð rekstraráætlana og ýmislegt minni háttar.

### Nautgriparækt

Nær enginn tími hjá mér fer beint í nautgriparækt.

### Hrossarækt

Sá hluti minnar vinnu sem flokkast undir hrossarækt, felur fyrst og fremst í sér vinnu við flettingar í Worldfeng, grunnskráningar og aðra aðstoð vegna skýrsluhaldsins.

### Jarðrækt

Haldið var plæginganámskeið í júníbyrjun og sá ég um skipulagningu á því. Einnig mætti ég á búnaðarfélagafundi þar sem þess var óskað.

Nokkuð var tekið af jarðvegssýnum á svæðinu og reyndi ég að leiðbeina mönnum um áburðarnotkun og kölkunarþörf út frá því.

Áburðaráætlanagerð var að mestu á minni könnu og var svipað umfang á henni á árinu eins og árið áður.

Ég hafði umsjón með jarðabótaúttektum og sá um skráningar á þeim auk nokkurra úttekta. Kom þar að auki örlítið að skurðamælingum, sem eru þó orðnar afar litlar á svæðinu.

**Landnýting**

Undir þennan lið falla fyrst og fremst þau verkefni sem ég sinni fyrir Landgræðslu ríkisins skv. samningi milli hennar og RHS. Þetta einskorðaðist á árinu við heimsóknir til bænda sem eru í „Bændur græða landið“.

**Önnur verkefni**

Ég hef haft umsjón með Fréttabréfi RHS, séð að mestu um uppsetningu og frágang til prentunar, auk þess að skrifa í það. Einnig sá ég um uppsetningu á ársriti RHS fyrir 2003 og 2004 sem koma út með þessu ársriti.

Undir endurmenntun fellur Fræðaðing landbúnaðarins, auk nokkurra námskeiða og endurmenntunarfunda sem ég sótti á árinu. Þar á meðal var norræn ráðsetefna um snefilefni í jarðvegi sem haldin var í Reykjavík á ágúst.

Mikill tími fór í búfjárefnirit og nokkur tími í að taka við skýrslum í haust.

Félagsleg verkefni eru ætíð nokkur, má þar telja aðstoð við umsóknir í Bjargráðasjóð, Framleiðnisjóð og önnur umsóknavinna. Einnig vinna við ýmiss konar úttektir, fundarsetur, skipulagning ýmissa funda og fleira þess háttar.

Flesta daga fer síðan nokkur tími í óskilgreind verkefni og má þar telja til ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og önnur skrifstofustörf sem flokkast undir ýmislegt.

Að lokum vil ég þakka bændum á starfssvæði RHS fyrir gott samstarf á liðnu ári.

*Anna Margrét Jónsdóttir*

**Guðný Helga Björnsdóttir**  
**Nautgripærættarráðunautur**

## **Starfsskýrsla 2005**

Síðastliðið ár var ég í 25% hlutastarfi hjá RHS. Í þessari skýrslu mun ég stikla á því helsta sem starfssvið mitt spannar, en það er alfarið innan nautgripæræktar.

### **Skýrsluhald í nautgripærækt**

Mánaðarlegar mjólkurskýrslur frá bændum þarf ég að yfirfara áður en ég sendi þær áfram suður til innsláttar í skýrsluhaldsforritið. Þar er helst að yfirfara ættfærslur nýrra kúa á skýrslum og stundum þarf að hringja í menn ef þeir hafa gleymt að skrá einhver atriði. Jafnframt þarf að fylgjast með burði hjá nautsmæðrum Þórður sinnir þessu eftirliti með skýrslunum í A-Hún. Mánaðarlega sendi ég bréf með mismiklum fróðleik ásamt nýjum mjólkurskýrslum til skýrsluhaldsbændanna.

Þó nokkur vinna fór á árinu í einstaklingsmerkingar, bæði við að aðstoða bændur og við að fara yfir villulista úr forritinu MARK. Enn getur verið að einhverja gripi vanti inn í kerfið, en það er fyrst og fremst á ábyrgð bændanna að gripir skili sér þangað, en sjálfsgagt að við lögum það með þeim og að við förum yfir villulista sem myndast í byrjun við yfirfærslu úr skýrsluhaldsforritinu yfir í MARK. Það er því mjög áriðandi að bændur skrái samviskusamlega allar upplýsingar um burði og kálfa þannig að gripirnir skili sér inn í kerfið. Ef ekki skráist burður á kú, fæst ekki gripagreiðsla út á hana.

Tvisvar á ári er reiknað út kynbótamat fyrir kýrnar. Ég yfirfer það og reyni að finna út efnilegar nautsmæður með samvinnu bændanna og byggingadóms á kúnum. Bændur eru svo hvattir til að sæða þær með nautsfeðrum og láta vita ef það fæðist nautkálfur. Fyrir nokkra bændur hef ég unnið pörunarskýrslu, þar sem koma fram tillögur að nautum til að halda hverri kú undir.

Ég hef reynt að vera með áróður um að menn skrái þau heimnaut sem þeir nota þannig að dætur þeirra séu ættfærðar þegar þær bera. Þessi áróður hefur skilað nokkrum árangri. Hins vegar viljum við helst að menn noti ekki heimnaut heldur sæði kýrnar, en þar sem þau eru notuð, er nauðsynlegt að þau séu skráð til að dætur þeirra verði virkar í kynbótastarfi nautgripærættarinnar á landsvísu. Nokkuð vel hefur gengið í því að fá menn til að minnka notkun á heimnautum og sæða kvígurnar frekar.

### **Átak til eflingar mjólkurframleiðslu**

Í nóvember og desember var hrundið af stað átaki til að treysta markaðsstöðu mjólkur, viðhalda og auka framleiðslu, bæta heilbrigði, frjósemi og fóðurnýtingu. Bændum var boðið að fá ráðunaut í heimsókn til að ræða um viðkomandi atriði og finna út hvað mætti betur fara á hverju búi. Ég fór til flestra mjólkurframleiðenda í V-Hún.

### **Fundir og annað**

Ég fór á Ráðunautafund í febrúar og aðalfund LK í apríl og beiðslisgreininganámskeið í mars. Var með erindi á aðalfundum nautgripærættarfélaganna.

**Skrifstofan á Hvammstanga**

Yfir vetrartímann er ég flesta daga á skrifstofu RHS eftir hádegi. Það koma oft við á skrifstofunni bændur eða aðrir í ýmsum erindagjörðum og sinni ég þeim eftir bestu getu.

**Forðagæsla**

Ég fór í forðagæslu á nokkra bæi í vor.

**Rekstraráætlanir**

Vann tvær umsóknir til Framleiðnisjóðs og fyrir eitt bú í búrekstraráætlunum.

**Fréttabréf**

Skrifaði af og til pistla í fréttabréf RHS, jafnframt ljósritaði ég stundum fréttabréfið og kom því í dreifingu.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum og stjórn RHS, stjórnnum kúabændafélaganna, búnaðarsambandanna, bændum, sæðingamönnum og öðrum kærlega fyrir samstarfið.

Bestu kveðjur

*Guðný Helga Björnsdóttir*

**Þórður Pálsson**  
Nautgriparæktarráðunautur

## Starfsskýrsla 2005

### *Skipting vinnu á búgreinar*

Nautgriparækt	30%
Búrekstraráætlanir	32%
Sauðfjárrækt	15%
Hross	4%
Jarðrækt	3%
Búfjáreftilit	10%
Símenntun	3%
Annað	3%
Samtals	100%

### **Nautgriparækt**

Sá um skýrsluhald í nautgriparækt fyrir Austur-Húnavatnssýslu, útsendingu og móttöku gagna. Kúabændur í sýslunni eru í sókn og meðal afurðir á svæðinu aukast þrátt fyrir að kúabændum fækki enn. Fór í kvíguskoðun með Jóni Viðari um báðar Húnavatnssýslur skoðaðar voru 185 kvígur.

Aðstoðaði bændur í sambandi við einstaklingsmerkingar nautgripa og glímu þeirra við að koma gripum sínum inni gagnagrunninn Mark. Lagði ég nokkra áherslu á þetta atriði þar sem bændur munu í framtíðinni fá gripagreiðslur byggðar á þessum gagnagrunni og því mikilvægt að allt sé rétt skráð.

Sótti námskeið á Selfossi um hagkvæmni gróffóður verkunar og einnig um námskeið á Hvanneyri um ræktun nautgripa.

Hélt utan um framkvæmd á frjósemisnámskeiði sem haldið var í Víðihlíð fyrir kúabændur þar sem Þorsteinn Ólafsson kom og leiðbeindi bændum um flest það sem að frjósemi nautgripa lítur og hvernig mætti halda frjóseminni góðri.

Átaksverkefnið Meiri Mjólk – Á haust mánunðum var farið í heimsókn til kúabænda og reynt að benda á leiðir til að auka framleiðslu mjólkur en mjólkuriðnaðurinn hefur kallað eftir mikið meiri mjólk heldur en nú er framleidd. Svöruðu bændur þar til gerðum spurningalista og útrá svörum bænda reynt að finna leiðir til að auka mjólkurframleiðsluna á búinu. Þetta voru mjög gagnlegar heimsóknir sem auk þess nýttust til margs fleira t.d. til að laga númera vitleysur í Mark og svona mætti lengi telja.

### **Búrekstraráætlanir**

Gerðar voru 19 rekstraráætlanir á árinu bæði vegna verkefnisins Betra Bú og einnig vegna lánaumsókna eða framkvæmda. Fjöldi þátttakanda í verkefninu Betra Bú er nokkuð stöðugur (16 voru 15 í fyrra) og gengur illa að fjölga þeim. Nýir komu inn en aðrir sem hafa verið með hafa ekki skilað inn gögnum. Ljóst er að gera þarf verkefnið meira spennandi fyrir hinn almenna bónda þannig að hann sjái sér hag í því að taka þátt og skila inn tilheyrandi gögnum. Þrátt fyrir að margir bændur séu nú að

skuldbreyta sínum lánum t.d. gömlu lánasjóðslánunum þá eru þeir ekki mikið að sækja til okkar um leiðbeiningar og bankarnir eru ekki heldur að kalla mikið eftir áætlunum frá okkur þó þeir séu að lána bændum stórfé. Í verkefninu þarf að bjóða uppá eitthvað sem bóndinn fær ekki "ókeypis" hjá Ráðunautaþjónustunni ef hann er ekki inni verkefninu þannig að bændur hafi fjárhagslegan hag af því að vera með í verkefninu. Að óbreyttu finnst mér ekki líklegt að áætlunum í þessu verkefni fjölgi að ráði nema að breytingar komi til.

### **Sauðfjárrækt**

Kom að hauststarfi í sauðfjárræktinni en lítið þess utan. Var við ómskoðanir og lambadóma á 48 bæjum á svæðinu og skoðaði samtals 5397 lömb.

Nokkur tími fór þó í að aðstoða sauðfjárþændur í sambandi við einstaklingsmerkingar sauðfjár og alla þá endaleysu sem það skapaði.

### **Hrossarækt**

Sinnti lítillaga skýrsluhaldi í hrossarækt og þá aðallega við að aðstoða menn við uppflettingar, móttöku gagna og eigandaskipti. Var starfsmaður á héraðssýningu sem haldinn var á Hvammstanga og sá um mælingar og fótaskoðun.

### **Jarðrækt**

Sá um töku heysýna fyrir þá sem það vildu en einnig tók ég nokkuð af jarðvegssýnum í leiðinni. Hélt saman hverjir hefðu sótt um jarðabótastyrk vegna kornræktar og fór síðan í mjög athyglisverða skoðunarferð með Eiríki Lofssyni og Önnu Margréti um sýsluna og voru flestir akrar í sýslunni skoðaðir. Ljóst er að bændur í sýslunni eiga sóknarfæri í kornrækt.

### **Búfjáreftilit**

Sinnti búfjáreftiliti á vormánuðum og heimsótti ég mest kúabændur á svæðinu en nokkra sauðfjárþændur.

*Þórður Pálsson*

## Sauðfjárræktin 2005

Svanborg P. Einarsdóttir  
Anna Margrét Jónsdóttir

### Sauðfjárrækt í Húnaþingi og á Ströndum.

Framleiðsluárið 2004-2005 reyndist bændum á svæði Ráðunautaðjónustunnar ágætt til framleiðslu á dilkakjöti. Hey frá 2004 voru almennt næg og góð, eftir góða tíð til sprettu og heyskarar um sumarið. Veturinn var mildur og voraði ágætlega, í maí kom kuldatímabil en það var þurr. Sumarið var gott og héldu grös sér vel fram eftir sumri. Veturinn kom þó heldur snemma með stórhrið í lok september sem kom illa við haustbeit sláturlamba. Má leiða að því líkum að afurðir hefðu orðið enn meiri ef haustið hefði verið betra, enda auðsjáanlegt að lömb voru víða farin að leggja af undir lok sláturtíðar, sem þó var í fyrra fallinu.

### Úr skýrslum fjárræktarfélaganna 2005

Í töflu 1 eru niðurstöður úr skýrsluhaldi fjárræktarfélaganna. Vegna ársins 2005 vantar ennþá nokkrar skýrslur úr uppgjöri Bændasamtakana, þar sem stutt er síðan loka skiladagur vegna gæðastýringar var og enn nokkrar bækur ekki komnar úr uppgjöri. Þetta lítur út fyrir að verða eitt besta árið hjá Austur-Húnavetningum en nokkuð svipað og í Vestur-Húnavatnssýslu og á Ströndum.

**Tafla 1.**

Fjárræktarfélag	Fj.	Fjöldi á á skýrslu	Reikn. kjötp. eftir á m.lambi	Reikn. kjötp. eftir hv. á	Fædd lömb e. 100 ær	Lömb t. nytja e. 100 ær	Fleirl. %	Geldar %
Hólmavíkurrepps	6	1.125	32	30,1	182	168	3,6	3,0
Blævur	4	1.071	32	29,5	173	158	5,5	4,4
Kaldraneshrepps	4	878	33,5	32,0	182	174	4,5	2,9
Kirkjubólshrepps	13	2.754	31,6	30,0	191	176	9,7	3,0
Norðri	12	2.810	29,9	27,8	180	168	5,5	3,5
Stefnir	13	5.970	29,5	27,9	183	171	4,8	3,1
Von	10	2.039	29,3	27,6	185	171	6,5	2,5
<b>Strandasýsla 2005</b>	<b>62</b>	<b>16.647</b>	<b>30,4</b>	<b>28,7</b>	<b>183</b>	<b>170</b>	<b>5,9</b>	<b>3,1</b>
<b>Strandasýsla 2004</b>	<b>63</b>	<b>15.517</b>	<b>30,5</b>	<b>29,0</b>	<b>184</b>	<b>172</b>	<b>5,8</b>	<b>2,6</b>
<b>Strandasýsla 2003</b>	<b>58</b>	<b>13.529</b>	<b>30,3</b>	<b>28,9</b>	<b>183</b>	<b>172</b>	<b>5,0</b>	<b>2,0</b>
<b>Strandasýsla 2002</b>	<b>53</b>	<b>12.435</b>	<b>29,7</b>	<b>28,3</b>	<b>184</b>	<b>172</b>	<b>5,0</b>	<b>2,0</b>
Staðarhrepps	12	3.693	30,9	29,0	187	172	6,2	1,8
Víðdælinga	13	2.629	29,6	27,0	179	161	4,7	3,0
Ytri-Torfustaðahrepps	19	4.125	30,1	28,2	185	170	6,6	2,2
Fremri-Torfustaðahrepps	12	3.424	28,4	26,5	179	164	4,7	2,5
Vatnsness	21	5.035	32,6	30,0	188	171	9,7	3,9
<b>V-Húnavatnssýsla 2005</b>	<b>77</b>	<b>18.906</b>	<b>30,5</b>	<b>28,4</b>	<b>184</b>	<b>168</b>	<b>6,7</b>	<b>2,7</b>
<b>V-Húnavatnssýsla 2004</b>	<b>79</b>	<b>19.226</b>	<b>29,6</b>	<b>27,6</b>	<b>182</b>	<b>168</b>	<b>5,8</b>	<b>3,2</b>
<b>V-Húnavatnssýsla 2003</b>	<b>65</b>	<b>15.129</b>	<b>30,1</b>	<b>28,4</b>	<b>184</b>	<b>171</b>	<b>6,0</b>	<b>3,0</b>
<b>V-Húnavatnssýsla 2002</b>	<b>61</b>	<b>13.082</b>	<b>29,8</b>	<b>28,0</b>	<b>181</b>	<b>168</b>	<b>6,0</b>	<b>3,0</b>
Sveinstaðahrepps	25	8.203	27,5	25,0	175	159	4,4	4,6
Svínavatnshrepps	29	5.678	26,3	23,1	168	151	3,4	6,7
Skagahrepps	11	2.576	26,8	24,0	171	150	3,1	3,5
Engihlíðahrepps	6	1.188	28,0	25,7	177	160	3,5	3,3
<b>A-Húnavatnssýsla 2005</b>	<b>71</b>	<b>17.645</b>	<b>27,0</b>	<b>24,3</b>	<b>172</b>	<b>155</b>	<b>3,8</b>	<b>5,0</b>
<b>A-Húnavatnssýsla 2004</b>	<b>68</b>	<b>15.686</b>	<b>26,7</b>	<b>23,9</b>	<b>174</b>	<b>157</b>	<b>3,2</b>	<b>4,0</b>

<b>A-Húnavatnssýsla 2003</b>	<b>55</b>	<b>12.427</b>	<b>27,4</b>	<b>25,3</b>	<b>176</b>	<b>161</b>	<b>3,9</b>	<b>3,7</b>
<b>A-Húnavatnssýsla 2002</b>	<b>54</b>	<b>11.101</b>	<b>26,2</b>	<b>24,3</b>	<b>175</b>	<b>160</b>	<b>3,0</b>	<b>3,0</b>
<b>RHS 2005</b>	<b>158</b>	<b>39.526</b>	<b>30,0</b>	<b>27,9</b>	<b>182</b>	<b>167</b>	<b>6,3</b>	<b>3,5</b>
<b>RHS 2004</b>	<b>210</b>	<b>50.429</b>	<b>28,9</b>	<b>26,8</b>	<b>180</b>	<b>165</b>	<b>5,0</b>	<b>3,2</b>
<b>RHS 2003</b>	<b>163</b>	<b>37.942</b>	<b>29,5</b>	<b>27,8</b>	<b>182</b>	<b>169</b>	<b>5,0</b>	<b>3,0</b>
<b>RHS 2002</b>	<b>168</b>	<b>36.618</b>	<b>28,7</b>	<b>26,9</b>	<b>180</b>	<b>167</b>	<b>5,0</b>	<b>3,0</b>

Í töflu 2 eru fimm afurðahæstu búin í hverri sýslu fyrir sig með að lágmarki 100 skýrslufærðar ær, fyrir árið 2005. Efstu búin í V-Hún og á Ströndum raða sér jafnframt í efstu sætin á landsvísu enda um feikimiklar afurðir eftir vetrarfóðraða á þar að ræða.

Tafla 2. Fimm afurðahæstu búin í hverri sýslu fyrir sig með 100 skýrslufærðar ær eða fleiri árið 2005

<b>Sýsla</b>	<b>Eigendur</b>	<b>Bær</b>	<b>Fjöldi áa</b>	<b>Kjöt kg e. hv. á</b>	<b>Lömb til nytja</b>
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrur	236	36,1	1,89
Strandir	Indriði og Lóa	Skjaldfönn	205	35,4	1,71
Strandir	Ragnar Bragason	Heydalsá	212	34,1	1,87
Strandir	Ragnheiður Jónsdóttir	Gestsstöðum	108	34	1,92
Strandir	Reynir og Ólöf	Hafnardal	286	33,9	1,72
V-Hún	Tryggvi og Stella	Gröf	113	38	1,9
V-Hún	Hjálmar og Guðlaug	Bergsstöðum	348	36,4	1,96
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauðá	355	35,5	1,9
V-Hún	Heimir og Þóra	Sauðadalsá	375	34,4	1,82
V-Hún	Baldur og Olga	Saurbæ	359	33,2	1,89
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akur	188	31,9	191
A-Hún	Magnús Björnsson	Syðra-Hóli	126	30,2	166
A-Hún	Sigursteinn Bjarnason	Stafn	243	30,9	179
A-Hún	Lúther og Sigríður	Forsæludalur	123	29,2	181
A-Hún	Guðmundur og Ragnheiður Finnstunga		162	28,8	163

Í töflu 3 eru hæstu búin í hverri sýslu fyrir gerð í kjötmati, að því skilyrði uppfylltu að hlutfall milli gerðar og fitu væri að lágmarki yfir 1,2. Gerðin hefur hækkað markvisst á undanförunum árum og er greinilegt að mikill árangur er að nást þar í ræktunarstarfinu. Fita lækkar því miður ekki jafn hratt en virðist þó altént ekki aukast að neinu marki.

**Tafla 3. Hæsta kjötmat – með að lágmarki 1,2 fyrir hlutfall milli gerðar og fitu.**

Sýsla	Eigendur	Bær	Fj. slátur-lamba	Fallþungi	Gerð	Fita
Strandir	Reynir og Ólöf	Hafnardal	479	19,3	10,79	8,05
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrúm	314	18,3	10,70	7,55
Strandir	Guðbrandur og Lilja	Bassastöðum	312	18,5	10,33	7,91
Strandir	Ragnar Bragason	Heydalsá	327	17,4	10,24	6,36
Strandir	Rögvaldur Gíslason	Gröf	283	18,2	10,15	7,12
V-Hún.	Hjálmar og Guðlaug	Bergstöðum	672	18,2	11,03	6,95
V-Hún	Þóra og Sigvaldi	Urriðaa	476	17,8	10,91	7,88
V-Hún.	Tryggvi og Stella	Gröf	203	20,1	10,70	8,33
V-Hún	Ásgeir og Sverrir	Brautarholti	397	18,2	10,46	8,26
V-Hún	Elín Anna og Ari G	Bergstöðum	563	17,8	10,36	8,06
A-Hún	Ægir og Gerður	Stekkjardal	192	19,35	10,52	7,64
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	329	16,36	10,28	7,00
A-Hún	Gauti og Rannveig	Hvammi	225	16,43	9,20	7,34
A-Hún	Jón og Stella	Stóra-Búrfelli	215	16,41	9,10	7,11
A-Hún	Jóhanna og Grímur	Reykjum	261	15,8	9,09	6,88

**Lambaskoðun og afkvæmasýningar**

Alltaf fjölgar þeim bændum sem láta ómmæla og stiga lömb að hausti, og einnig fjölgar þeim lömbum sem hver og einn lætur skoða. Á Ströndum sá Svanborg að mestu um lambaskoðanir ásamt Jóni Viðari og ómmælingamönnum Guðbrandi Sverrissyni, Guðjóni Sigurgeirssyni og Guðmundi Waage. Í V-Hún átti Svanborg einnig drýgstan hluta af lambaskoðunum en Anna Margrét og Þórður komu einnig nokkuð að því. Í A-Hún var lambaskoðun alfarið á könnu Önnu Margrétar og Þórðar. Lambaskoðunarvertíðin fór heldur seint af stað en gekk afar hratt fyrir sig og var nokkuð stíft að koma skipulagningu heim og saman, suma daga.

Með stærri skoðuðum gimbrahjörðum á mörgum bæjum, færast afkvæmarannsóknir einnig í vöxt. Í ár voru gerðar upp alls 67 afkvæmarannsóknir sem skiptust þannig: Strandasýsla 25, Vestur-Húnavatnssýsla 26 og Austur-Húnavatnssýsla 16.

**Tafla 4. Umfang lambaskoðana haustin 2002 - 2005**

	2005	2004	2003	2002
A-Hún	4.435	4.255	4.060	2.813
V-Hún	5.525	4.296	4.442	3.861
Strandir	5.239	5.321	4.768	4.838
<b>Samtals</b>	<b>15.199</b>	<b>13.872</b>	<b>13.270</b>	<b>11.512</b>

**Sæðingar**

Það er sama hvar er komið við í ræktunarstafinu, það fjölgar alltaf þeim sem taka virkan þátt og hlutdeild hvers og eins. Í ár var boðið upp á 9 sæðingadaga á öllu svæðinu og nýttu bændur sér þetta mikla framboð af dögum. Talsvert mikið er orðið um að bændur sæði sjálfir en einnig hefur Ráðunautaþjónustan boðið upp á sæðingapjónustu. Það verður heldur dýrara í rekstri eftir því sem fleiri bændur inn á milli sæða sjálfir hjá sér og er ekki ólíklegt að í framtíðinni færist þetta alfarið yfir á bændur sjálfa.

Í ár varð breyting á flutningi á sæði frá Sæðingastöðinni í Borgarnesi. Í stað þess að nota þær áætlunarferðir sem í boði eru, sá Sæðingastöðin um að koma sæðinu í Brú og þaðan sá Ráðunautaþjónustan um að dreifa því um þjónustusvæðið. Þetta reyndist ágætlega og var sæði afgreitt ágætlega eftir pöntunum bænda.

**Tafla 5. Umfang sæðinga með fersku sæði árin 2002 – 2005**

	2005	2004	2003	2002
A-Hún	1.733	1.378	1144	1089
V-Hún	1.193	1.174	838	1229
Strandir	558	338	463	586
<b>Samtals</b>	<b>3.484</b>	<b>2.890</b>	<b>2445</b>	<b>2904</b>

# Nautgriparæktin 2005

Guðný Helga Björnsdóttir

**Bú með yfir 400 fyrir summu mjólkurfitu og -próteins á svæði RHS árið 2005**


Raðað eftir samanlögðu magni mjólkurfitu og -próteins.

		Árskýr					
		Fjöldi	Mjólk	Fitu	Prótein	Kjarn-	Summa
		árskúa		%	%	fóður	fitu og
							prót.
Brúsi ehf	Brúsastöðum	51,3	6.724	4,17	3,34	1.544	506
Guðný og Jóhann	Bessastöðum	26,2	6.770	4,03	3,248	1.189	491
Elías og Sigríður	Stóru-Ásgeirsá	17,8	6.458	3,95	3,13	1.053	457
Jón og Sigurbjörg	Búrfelli	24,2	5.974	4,05	3,57	1.248	455
Auðólfstaðabúið	Auðólfstöðum	28,6	6.103	4,15	3,27		454
Kristján og Steinar	Steinnýjarstöðum	33,0	5.894	4,17	3,33	1.198	442
Óli og Dagný	Bakka	16,3	6.079	3,86	3,37	1.041	440
Ingi H. Bjarnason	N-Svertingsst.	12,8	5.915	4,10	3,33	990	440
Sigurður Björnsson	Kolugili	12,6	5.748	4,28	3,28	1.207	435
Björn Magnússon	Hólabaki	24,5	5.600	4,17	3,41	1.049	425
Magnús Sigurðsson	Hnjúki	31,6	5.609	4,17	3,37	1.261	423
Magnús Jóhann Björnss.	Syðra-Hóli	31,7	5.577	4,24	3,33	1.027	423
Pétur og Bjarney	N-Torfustöðum	26,2	5.725	3,98	3,38	788	422
Ólafur Kristjánsson	Höskuldsstöðum	40,1	5.809	3,84	3,40	963	420
Haraldur Kristinsson	Grund	19,2	5.310	4,47	3,33	1.142	414
Jón Gíslason	Stóra-Búrfelli	24,7	5.520	4,09	3,41	970	414
Baldvin Sveinsson	Tjörn	26,9	5.555	4,02	3,41	1.165	412
Sigurður Ingi Guðmundss.	S-Löngumýri	24,6	5.615	3,87	3,31		403
Tryggvi Jónsson	Ártúnum	20,7	5.512	3,95	3,30	952	399
Skúli og Ólöf	Tannstaðabakka	24,8	5.463	3,97	3,33	1.023	399
Björn Sigurbjörnsson	Hlíð	14,5	5.057	4,35	3,54		399
Pálmi Ingimarsson	Árholti	22,0	5.222	4,11	3,53	1.140	398
Halldór Guðmundsson	Holti	18,3	5.591				397
<b>Meðaltal í V-Hún.</b>	<b>Árið 2005</b>	<b>22,9</b>	<b>5.234</b>	<b>4,00</b>	<b>3,32</b>	<b>989</b>	<b>385</b>
<b>Meðaltal í A-Hún.</b>	<b>Árið 2005</b>	<b>24,4</b>	<b>5.219</b>	<b>4,07</b>	<b>3,36</b>	<b>1.100</b>	<b>385</b>
<b>Landsmeðaltal</b>	<b>Árið 2005</b>	<b>30,1</b>	<b>5.281</b>	<b>4,08</b>	<b>3,38</b>	<b>998</b>	<b>396</b>
Meðaltal í V-Hún	árið 2004	23,8	5.142	4,00	3,30	919	373
Meðaltal í A-Hún.	árið 2004	23,9	5.037	3,99	3,33	954	370
Landsmeðaltal	árið 2004	29,3	5.229	4,05	3,36	942	390
Meðaltal í V-Hún.	Árið 2003	23,4	4.847	3,97	3,29	805	348
Meðaltal í A-Hún.	Árið 2003	21,8	4.842	3,93	3,32	885	350
Landsmeðaltal	Árið 2003	28,4	5.063	4,05	3,37	881	377

Taflan hér að ofan raðar nythæstu búum á svæði RHS eftir efnamagni mjólkurinnar, en það ræður verðmæti mjólkurinnar frá afurðastöð. Í töflunni eru öll bú á svæðinu

sem eru með yfir 396 kg í efnamagni mjólkur, þ.e. yfir landsmeðaltali. Það eru 5 bú með yfir 6.000 kg eftir árskúnna, sem eru jafnmörg bú og árið 2004, en samt ekki sömu búin, tvö bú eru ný, en önnur tvö detta niður fyrir 6.000 kg. Árið 2005 eru 18 bú með yfir 400 kg í verðefnum eftir árskúnna, en árið 2004 voru búin 14.

Meðalnyt árskúna á landsvísu eru 0,98% hærri en árið 2004, í A-Hún. eru þær 3,61% hærri en árið 2004 og í V-Hún. 1,79% hærri. Miðað við efnamagn er meðaltal á landinu 1,54% hærra en árið 2004, í A-Hún. 5,68% hærra og í V-Hún. 0,80% lægra. Það er því greinilegt að kýrnar í Austur-Húnavatnssýslu eru að bæta sig verulega í afurðum og efnainnihaldi mjólkur annað árið í röð. Með þessu áframhaldi verða þær komnar yfir landsmeðaltal á næsta ári. Hins vegar eru kýr í Vestur-Húnavatnssýslu að ná sér upp úr lægð sem þær duttu niður í árið 2003 eftir mjög gott afurðaaukningaskeið.



<b>Febrúar 2005</b>	<b>Alls hjá RHS</b>	<b>Strandir</b>	<b>V-Hún.</b>	<b>A-Hún.</b>
Greiðslumarkshafar	66 60	3 3	25 23	38 34
Mjólkurframleiðslubú	63 54	2 2	24 20	37 31
Skýrsluhaldsbú	54 46	1 1	19 16	34 29
Bú utan skýrsluhalds	9 8	1 1	5 4	3 3
Skipting greiðslumarks	100%	2,2% 2,9%	35,4% 34,7%	62,4% 60,4%
Greiðslumark svæðis	6.349.534	186.740	2.203.868	3.958.926
Óvirkt greiðslumark	3,2%	0	8,1%	0,6%
Hlutfall virks greiðslumarks innan skýrsluhalds	90,3% 90,2%	67,7% 67,7%	89,2% 88,5%	91,8% 91,8%

Taflan hér að ofan sýnir upplýsingar um mjólkurgreiðslumark á svæði RHS í janúar 2006 (*litlar skáletraðar tölur sína stöðuna í febrúar 2005*). Þá var heildargreiðslumark á svæðinu 6.349.534 lítrar, sem er óverulega minna en í febrúar 2005 eða 0,03% minna. Greiðslumarkshafar eru fleiri en mjólkurframleiðslubú vegna þess að stundum eru skráðir fleiri en einn greiðslumarkshafi á bú og á sumum búum er geymt greiðslumark, þó ekki sé þar framleiðsla.

### Kýr með yfir 550 fyrir summu mjólkurfitu og -próteins á svæði RHS árið 2005

Raðað eftir samanlögðu magni mjólkurpróteins og mjólkurfitu.

Nafn	Fæð. ár	Frá	Faðir Nafn	Mjólk	Fitu %	Prótein %	Summa fitu og próteins
71 Pála	1995	Bessastöðum	92022 Tjakkur	10.736	3,99	2,98	748
233 Silla	1998	Brúsastöðum	99999	9.351	4,48	3,19	718
78 Adda	1998	Bakka	90019 Almar	10.461	3,67	3,17	716
155 Blökk	1996	Brúsastöðum	88002 Óli	9.047	4,50	3,40	715
112 Lauga	1999	Grund	90023 Tuddi	6.563	5,42	5,20	697
200 Skrauta	1998	Hvammi	88026 Mosi	7.508	5,94	3,25	690
207 Smella	2000	Brúsastöðum	92028 Smellur	9.111	4,34	3,14	682
186 Ljómalind	1999	Brúsastöðum	97001 Teinn	7.836	4,92	3,73	678
228 Bigga	1998	Brúsastöðum	99999	8.390	4,25	3,79	675
106 Anastasía	2000	Bessastöðum	92014 Poki	10.166	3,53	3,05	669
128 Skrauta	1998	Steinnýjarst.	96006 Trefill	8.476	4,63	3,23	666
295 Sýlvía	2001	Brúsastöðum	99999	8.191	4,15	3,57	632
233 Eyja	2001	Auðólfstöðum	90035 Stúfur	8.530	3,97	3,43	632
132 Leysa	1998	Höskuldsst.	99999	8.708	3,85	3,38	629
239 Heddý	1999	Brúsastöðum	99999	8.067	4,70	3,10	629
136 Snotra	1999	Höskuldsst.	99999	8.901	3,82	3,19	624
118 Laufa	2000	Grund	97021 Stöpull	6.560	5,68	3,71	616
241 Flugá	1999	Brúsastöðum	99999	7.689	4,66	3,27	610
26 Þúfa	1999	Tjörn	99999	8.233	4,00	3,40	609
136 Hjálma	1999	Steinnýjarst.	91032 Krossi	6.698	5,23	3,71	599
346 Bera	2000	Brúsastöðum	92021 Beri	8.379	3,86	3,26	597
108 Sóllilja	2000	Bessastöðum	92022 Tjakkur	8.109	3,89	3,40	592
111 Askja	1998	Ártúnum	91002 Negri	7.765	4,47	3,14	591
121 Tóta	2000	Hólabaki	99999	8.024	4,17	3,18	590
130 Brúða	1999	Steinnýjarst.	96020 Höttur	8.022	4,05	3,27	588
140 Heidiþrá	2003	Hnjúki	95010 Soldán	7.991	3,94	3,37	585
112 Hyrna	1999	Hnjúki	99999	7.207	4,33	3,73	580
12 Botna	?	Tjörn	99999	7.323	4,00	3,40	579
149 Sóley	2001	Steinnýjarst.	94032 Punktur	8.746	3,51	3,09	578
146 Búling	2001	Árholti	99999	7.934	3,59	3,68	577

Listinn hér fyrir ofan sýnir 30 afurðahæstu kýrnar á svæði RHS árið 2005. Athygli vekur að þar eru einungis 4 kýr úr V-Hún. en 26 úr A-Hún., en árið 2004 voru 12 af 30 nythæstu kúnum á svæði RHS úr V-Hún. Afurðir afurðahæstu kúnna eru að aukast verulega á milli ára. Sem dæmi um það má nefna að kýrin í 30. sæti mjólkaði 568 kg af mjólkurfitu og -próteini árið 2004, en kýrin sem er í 30. sæti árið 2005 skilar 577 kg. Fjórar kýr mjólka yfir 700 kg af mjólkurfitu og -próteini og 15 kýr mjólka milli 600 og 700 kg. Árið 2004 mjólkuðu 16 kýr yfir 600 kg og þar af ein yfir 700. Á landinu öllu eru 23 kýr sem mjólka yfir 10.000 lítra árið 2005 og þar af eru þrjár sem mjólka yfir 11.000 lítra. Þrjár af þessum tuttuguogþremur eru af svæði RHS, en þær má finna í töflunni hér fyrir ofan.

Hér á eftir fer listi yfir þær kýr sem eru með kynbótaeinkunn yfir 110 og þar með nautsmæðradóm. Kýr með 115 og hærra í kynbótamat eru 11 og eru þær nokkuð öruggar sem nautsmæður og kýr sem hafa kynbótamat frá 110 til 114 koma til greina sem nautsmæður séu þær afburðagripir um júgur- og spenagerð auk góðrar umsagnar um mjaltir og skap. Einnig þurfa þær að hafa jákvætt frávik fyrir eigin afurðir, vera kollóttar og hafa próteinhlutfall yfir 90. Á svæðinu eru 31 kýr með kynbótamat á bilinu 110-114. Feitletruðu kýrnar eru þær kýr sem eru raknar nautsmæður m.v. útlitsdóm þeirra og próteinhlutfall.

Kýr		Frá	Faðir	Æ	E	alls	prótein%	Skr Júg Sp Mj Ska = alls
<b>225 Ösp</b>	<b>N-Torfustöðum</b>	<b>94032</b>	<b>Punktur</b>	<b>112</b>	<b>11</b>	<b>123</b>		<b>28 16 18 18 4 = 84</b>
<b>140 Heiðbrá</b>	<b>Hnjúki</b>	<b>95010</b>	<b>Soldán</b>	<b>111</b>	<b>7</b>	<b>118</b>		
<i>182 Hlíf</i>	<i>Höskuldsst.</i>	<i>94013</i>	<i>Pinkill</i>	<i>112</i>	<i>6</i>	<i>118</i>		<i>ung og ódæmd</i>
75 Sól	N-Svertingsst.	97010	Stígur	115	3	118	105	28 15 15 18 5 = 81
<i>87 Eik</i>	<i>N-Svertingsst.</i>	<i>94017</i>	<i>Kaðall</i>	<i>111</i>	<i>7</i>	<i>118</i>		<i>ung og ódæmd</i>
<b>220 Flétta</b>	<b>N-Torfustöðum</b>	<b>94017</b>	<b>Kaðall</b>	<b>112</b>	<b>5</b>	<b>117</b>	<b>107</b>	<b>27 16 16 18 5 = 82</b>
<b>149 Sóley</b>	<b>Steinnýjarst.</b>	<b>94032</b>	<b>Punktur</b>	<b>109</b>	<b>8</b>	<b>117</b>		
<b>162 Rauðhetta</b>	<b>Eyvindarst.</b>	<b>98027</b>	<b>Fontur</b>	<b>110</b>	<b>6</b>	<b>116</b>	<b>110</b>	
90 Kaníka	Bakka	93026	Blakkur	111	4	115	108	28 16 17 18 3 = 82
383 Raula	Sauðanesi	94017	Kaðall	110	5	115	111	28 16 15 18 5 = 82
<b>136 Hjálma</b>	<b>Steinnýjarst.</b>	<b>91032</b>	<b>Krossi</b>	<b>108</b>	<b>7</b>	<b>115</b>	<b>105</b>	<b>28 17 16 19 5 = 85</b>
<b>248 Slæða</b>	<b>Auðólfstöðum</b>	<b>94026</b>	<b>Frískur</b>	<b>108</b>	<b>6</b>	<b>114</b>	<b>97</b>	<b>31 17 17 18 5 = 88</b>
295 Sýlvía	Brúsastöðum	99999		95	19	114	108	
<b>211 Dís</b>	<b>N-Torfustöðum</b>	<b>93026</b>	<b>Blakkur</b>	<b>110</b>	<b>4</b>	<b>114</b>	<b>107</b>	<b>28 16 16 18 4 = 82</b>
366 Úa	Sauðanesi	92028	Smellur	109	5	114	89	28 17 17 17 5 = 84
<b>388 Pála</b>	<b>Torfalæk 2</b>	<b>88002</b>	<b>Óli</b>	<b>105</b>	<b>9</b>	<b>114</b>	<b>112</b>	
132 Leysa	Höskuldsst.	99999		93	20	113	105	
<b>245 Ljóma</b>	<b>Litlu-Ásgeirsá</b>	<b>97037</b>	<b>Rosi</b>	<b>104</b>	<b>9</b>	<b>113</b>	<b>110</b>	<b>30 18 16 18 5 = 87</b>
<b>233 Eyja</b>	<b>Auðólfstöðum</b>	<b>90035</b>	<b>Stúfur</b>	<b>104</b>	<b>8</b>	<b>112</b>	<b>104</b>	<b>29 16 16 17 5 = 83</b>
243 Vala	Auðólfstöðum	94006	Völsungur	108	4	112	111	27 17 14 18 5 = 81
<b>74 Blanda</b>	<b>Holti</b>	<b>98008</b>	<b>Meitill</b>	<b>109</b>	<b>3</b>	<b>112</b>	<b>103</b>	<b>30 17 18 18 5 = 88</b>
224	Kolugili	88026	Mosi	107	5	112	113	28 16 17 19 5 = 85
149 Skvísa	Syðra-Hóli	98027	Fontur	110	2	112	104	29 15 17 18 5 = 84

89 Sól	Bakka	93026 Blakkur	108	3	111	108	29	16	16	17	4 = 82
116 Hrefna	Brautarholti	91002 Negri	109	7	111	97	28	15	17	18	4 = 82
194 Þruma	N-Torfustöðum	92028 Smellur	106	5	111	89	28	17	16	18	4 = 83
<b>385 Salka</b>	<b>Sauðanesi</b>	<b>94017 Kaðall</b>	<b>107</b>	<b>4</b>	<b>111</b>	<b>109</b>	<b>26</b>	<b>16</b>	<b>17</b>	<b>19</b>	<b>5 = 84</b>
393 Sáta	Sauðanesi	00003 Strokkur	106	5	111	90	26	16	15	18	5 = 80
85 Skjóla	Staðarbakka	88002 Óli	106	5	111	101	28	16	16	16	5 = 81
216 Skrugga	Tannstaðabakka	99883 Flumbri	106	5	111	110	27	17	18	18	5 = 85
<b>444 Rúna</b>	<b>Torfalæk 2</b>	<b>97037 Rosi</b>	<b>106</b>	<b>5</b>	<b>111</b>	<b>86</b>	<b>28</b>	<b>15</b>	<b>16</b>	<b>17</b>	<b>5 = 81</b>
177 Didda	Árholti	99007 Mímir	108	2	110	100	28	17	15	18	3 = 81
126 Frumraun	Bessastöðum	99027 Tinni	107	3	110		29	16	16	18	5 = 84
207 Smella	Brúsastöðum	92028 Smellur	107	3	110	101	30	17	16	16	5 = 84
2 Taug	Grænuhlíð	94017 Kaðall	105	5	110	119					
86 Katla	Holti	98027 Fontur	108	2	110	100	28	17	15	18	5 = 83
139 Smella	Höskuldsst.	92028 Smellur	107	3	110	104					
260 Þruma	Litlu-Ásgeirsá	98023 Tröllli	105	5	110	106	28	17	16	18	5 = 84
68 Gylling	N-Svertingsst.	88022 Sporður	107	3	110	98	28	17	17	19	4 = 85
85 Kolka	N-Svertingsst.	94005 Klaki	105	5	110	113					
223 Sleykja	Steiná 2	99027 Tinni	109	1	110	105	26	17	16	18	4 = 81
183 Frekja	Stóru-Borg	91032 Krossi	105	5	110	110					

Ég sendi sæðingamönnunum og bændunum yfirlit yfir nautsmæðurnar með upplýsingum um byggingadóm þeirra. Nauðsynlegt er að sæða efnilegustu nautsmæðurnar með nautsfeðrum til að eiga von á að úr þeim komi góður gripur, annað hvort efnileg kvíga eða naut sem tekið er til uppeldis sem sæðinganaut. Á árinu voru teknir 3 kálfar af svæði RHS inn á Nautaupveldisstöðina í Þorleifskoti. Það eru kálfar undan Blöndu nr. 74 frá Holti og Stíg 97010, undan Sóldögg nr. 130 frá Bessastöðum og Stíg 97010, og undan Hjálmu 136 frá Steinnýjarstöðum og Fróða 96028. Reyndar hefur kálfurinn frá Steinnýjarstöðum nú verið felldur, en slíkt getur alltaf komið upp á.

Í byrjun maí fór Þórður með Jóni Viðari um báðar sýslurnar til að dæma kýr. Dæmdar voru 185 kýr á 32 bæjum. Einungis er farið á bæi þar sem eru ódæmdar kýr undan óreyndum nautum. Þá er tækifærið notað og litið betur á nautsmæður á bæjunum og dæmdar aðrar kýr sem ekki hafa fengið dóm.

Listinn hér á eftir sýnir kýrnar sem fengu 85 eða hærri dóm, en þær eru 53 í allt. 26 kýr fengu undir 80 í einkunn og telst það slakur dómur, t.d. fá kýr ekki að vera nautsmæður ef þær eru með lægri einkunn en 80 í byggingardóm, þó svo að þær hafi hátt kynbótamat.

**Dæmdar kýr árið 2005 með einkunn yfir 85 í byggingardóm á svæði RHS**

Byggingardómurinn er reiknaður saman úr fimm tölum. Fyrsta talan er einkunn fyrir skrokk (hæst 35), önnur fyrir júgur (20), þriðja fyrir spena (20), fjórða fyrir mjaltir (20) og fimmta fyrir skap (5).

Kýr	Frá	Faðir Nafn	Kynbóta- mat alls	Byggingardómur
200	Hekla	Stóru-Borg	99022 Duggari	31 18 17 18 5 = 89
129	Kleopatra	Bessastöðum	99028 Örvar	104 31 18 14 18 4 = 85
115	Gullbrá	Þórukoti	98886	98 31 17 18 18 5 = 89
289	Maddý	Stekkjardal	00009 Gikkur	31 17 17 18 5 = 88
182	Hlíf	Höskuldsst.	94013 Pinkill	30 17 17 18 5 = 87
257	Auður	St.-Ásgeirsá	99026 Rökkvi	99 30 17 17 17 4 = 85
135	Móða	Hnjúki	92028 Smellur	104 30 17 17 16 5 = 85
142	Baula	Ártúnum	00010 Laski	30 17 15 18 5 = 85
199	Huppa	Stóru-Borg	94013 Pinkill	29 18 17 18 5 = 87
283	Krissa	Stekkjardal	892	29 18 17 18 5 = 87
233	Skráma	Steiná 2	94005 Klaki	29 18 17 18 5 = 87
145	Freyja	Brandaskarði	94005 Klaki	29 18 17 18 5 = 87
99	Regla	Súluvöllum	94016 Sveipur	97 29 18 16 18 5 = 86
120	Oktavía	Þórukoti	99888	29 17 18 18 5 = 85
51	Helena	Hólabaki	94017 Kaðall	107 29 17 18 16 5 = 85
315	Hnota	Syðsta-Ósi	94009 Hamar	29 17 17 18 5 = 86
109	Brota	Súluvöllum	95010 Soldán	29 17 17 18 5 = 86
201	Harpa	Stóru-Borg	99021 Hilmir	29 17 17 18 5 = 86
274	Toppa	Stekkjardal	99007 Mímír	29 17 17 18 5 = 86
282	Svava	Stekkjardal	892	29 17 17 18 5 = 86
118	Blesa	Sólbakka	99014 Spuni	29 17 17 18 5 = 86
396	Kosning	Sauðanesi	00002 Guffi	29 17 17 18 5 = 86
270	Smella	L-Ásgeirsá	99038 Lækur	29 17 17 18 5 = 86
214	Glenna	Fremstagili	98897	90 29 17 17 18 5 = 86
216	Dimma	Fremstagili	90035 Stúfur	105 29 17 17 18 5 = 86
140	Bletta	Brandaskarði	00022 Ísbúri	29 17 17 18 5 = 86
125	Plóma	Þórukoti	99889	29 17 17 18 4 = 85
171	Regina	Höskuldsst.	94005 Klaki	29 17 17 18 4 = 85
479	Grön	Torfalæk	99016 Viti	29 17 16 18 5 = 85
150	Lína	Steinnýjarst.	94017 Kaðall	29 17 16 18 5 = 85
231	Nóta	Steiná 2	94009 Hamar	29 17 16 18 5 = 85
144	Rósa	Súluvöllum	00003 Strokkur	28 18 18 19 5 = 88
229	Skessa	St-Búrfelli	93018 Snarfari	28 18 18 19 4 = 87
174	Líf	St-Búrfelli	99035 Gangandi	28 18 18 18 5 = 87
263	Blanda	St.-Ásgeirsá	1882	104 28 18 18 18 5 = 87
310	Flétta	Syðsta-Ósi	94017 Kaðall	28 18 17 18 5 = 86

273	Brella	Stekkjardal	93026 Blakkur		28 18 17 18 5 = 86
258	Arna	St.-Ásgeirsá	94017 Kaðall	115	28 18 17 18 5 = 86
28	Sokka	Hlíð	99030 Kofri		28 18 16 19 5 = 86
209	Omega	Guðlaugsst.	99028 Örvar		28 17 18 19 4 = 86
314	Krulla	Syðsta-Ósi	94016 Sveipur		28 17 18 18 5 = 86
54	Sóley	Hólabaki	94025 Drómi		28 17 18 18 5 = 86
91	Bella	Holti	94016 Sveipur		28 17 18 18 5 = 86
206	Birna	Guðlaugsst.	98036 Umbi		28 17 18 18 5 = 86
149	Sóley	Steinnýjarst.	94032 Punktur		28 17 18 18 4 = 85
115	Smáralind	Sólbakka	94037 Breiði		28 17 18 17 5 = 85
141	Gulla	Grund	00006 Þumall	97	28 17 17 18 5 = 85
142	Melkorka	Grund	92022 Tjakkur		28 17 17 18 5 = 85
49	Kusa	Blöndudalsh.	99029 Ótti		28 17 17 18 5 = 85
244	Nett	Auðólfst.	99894		28 17 17 18 5 = 85
154	Ugla	Syðra-Hóli	98046 Hræsingur		28 17 16 19 5 = 85
311	Snúra	Syðsta-Ósi	94017 Kaðall		27 18 17 18 5 = 85
30	Vala	Hlíð	94006 Völsungur		27 17 17 19 5 = 85

## Hrossaræktin 2005

Gunnar Ríkharðsson

Á árinu 2005 ríkti nokkur bjartsýni á meðal hrossabænda við Húnaflóann. Sala lífhrossa var nokkuð lífleg og sérstaklega var aukin eftirspurn á innanlandsmarkaði í kjölfar almennrar velmegunar í þjóðfélaginu. Fleiri bændur seldu nú blóð úr sínum hryssum en áður og afsetning folalda var auðveld og verð á folaldakjöti nokkuð gott. Hins vegar fæst lítið fyrir fullorðin hross í sláturhúsi og það veldur því m.a. að bændur eru tregir að hreinsa til í sínum hrossastöðum en fullyrða má að víða eru í högum hross sem ekki skila neinum arði – einungis kostnaði.

Vinna okkar hjá Ráðunautaþjónustunni fyrir hrossaeigendur tengist mest skýrsluhaldi í hrossarækt en önnur verkefni tengjast kynbótasýningum og ýmsum uppákomum og miðlun fróðleiks. Samkvæmt vinnutímaskráningum starfsmanna hafa farið um 480 klst í vinnu við hrossarækt á árinu 2005 eða um 60 dagsverk og þar af um 75% í skýrsluhaldið. Á árinu 2004 var vinnuframlag RHS til hrossaræktar um 450 klst.

Ráðunautaþjónustan sér nú um allt skýrsluhald í hrossarækt á starfssvæði sínu og fær greitt fyrir það frá Bændasamtökum Íslands en stjórn Ráðunautaþjónustunnar hefur undanfarin ár látið hluta af þeim peningum renna til hrossaræktarsambanda í héraði. Þáttaka á svæðinu í skýrsluhaldi hrossaræktarinnar fer stöðugt vaxandi og eru hrossaeigendur nú almennt meðvitaðir um að þeim ber að einstaklingsmerkja öll ásetningsfolöld og í framhaldi af því er Worldfengur gagnabanki BÍ einfaldasta leiðin til að halda utan um allt hrossahald hjá viðkomandi. Nokkuð er um að hrossabændur sem aðallega eru í kjötframleiðslu og blóðtöku geri átak í að skrá allar sínar merar inn í Worldfeng en þegar það er búið er auðvelt að halda utan um ásetning og afsetningu gripa.

Í byrjun júní var haldin kynbótasýning á Hvammstanga og eins og alltaf fór nokkuð mikill tími í skráningar, skipulagningu og framkvæmd hennar. Rúmlega 30 hross komu til dóms en dómarrar voru þeir Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur og Sigurður Oddur Ragnarsson kynbótadómari. Hross voru byggingadæmd í hesthúsi á staðnum og var sú aðstaða í knappara lagi en sýningarvöllurinn ágætur og gekk framkvæmd sýningarinnar að öllu leyti vel fyrir sig. Komu 6 stóðhestar til dóms og 25 hryssur og fengu 5 hryssur 8,0 eða hærra í aðaleinkunn en það voru þær:

Kylja 12v Kolfinnsdóttir frá Steinnesi með 8,16  
Nös 8v Sprotadóttir frá Syðri Reykjum með 8,12  
Flauta 8v Kjarksdóttir frá Tannstaðabakka með 8,00  
Heiður 6v Leiksdóttir frá Sigmundarstöðum með 8,03  
Svala 4v Tývarsdóttir frá Steinnesi með 8,01

# Jarðræktin 2005

Anna Margrét Jónsdóttir

## Fundastarf og námskeið

Töluvert starf fer í jarðræktina á ári hverju. Í júníbyrjun var haldið plæginganámskeið á Hólabaki í Sveinsstaðahreppi. Þátttakendur voru 7 alls, úr báðum sýslum og voru almennt mjög ánægðir með námskeiðið. Farið var yfir stillingu plóga almennt, þeir plógar sem komið var með á námskeiðið voru stilltir og þátttakendur prófuðu hver hjá öðrum. Einnig var rætt um mismunandi plæginga- og jarðvinnsluaðferðir.

Ég mætti á búnaðarfélagafundi þar sem þess var óskað og fjallaði einkum um þarfir fyrir endurræktun og kosti og galla mismunandi grasfræblanda.

## Jarðvegssýni

Haldið var áfram með skipulega jarðvegssýnatöku á svæðinu og stóð til að taka nú í hinum fornu Kirkjubólshrepp, Nauteyrrahrepp og Engihlíðarhrepp. Lítil áhugi reyndist í Engihlíðarhreppi að þessu sinni, en á Ströndum var tekið talsvert af sýnum. Einnig voru að sjálfsögðu tekin jarðvegssýni á öðrum svæðum, þar sem þess var óskað.

Niðurstöður jarðvegssýna á svæðinu má sjá í meðfylgjandi töflu.

Svæði	Bæir	Fj. Sýna	pH	P (al)	Ca	Mg	K	Na
Kirkjubólshreppur	4	14	5,04	40,09	16,94	5,21	1,32	1,39
Nauteyrrahreppur	4	15	5,27	15,73	10,41	3,83	1,14	0,84
Bæjarhreppur	1	4	5,07	27,78	12,78	5,20	0,98	0,85
<b>Strandir alls</b>	<b>9</b>	<b>33</b>	<b>5,15</b>	<b>27,52</b>	<b>13,47</b>	<b>4,58</b>	<b>1,20</b>	<b>1,07</b>
Svínavatnshreppur	6	28	5,37	14,86	19,95	7,39	0,89	0,94
Torfalækjarhreppur	1	3	5,02	9,04	9,82	3,90	0,44	0,93
<b>A-Hún alls</b>	<b>7</b>	<b>31</b>	<b>5,26</b>	<b>13,04</b>	<b>16,78</b>	<b>6,30</b>	<b>0,75</b>	<b>0,94</b>
Vatnsnes	1	3	4,67	20,52	8,05	4,48	0,79	1,14
<b>V-Hún alls</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>4,67</b>	<b>20,52</b>	<b>8,05</b>	<b>4,48</b>	<b>0,79</b>	<b>1,14</b>

Alls voru tekin 67 jarðvegssýni á 17 bæjum á svæðinu. Víða reyndist sýrustig í ákveðnum túnspildum of lágt til að sáðgresi geti þrifist vel, eða undir pH 5,0. Kjörsýrustig vallarfoxgrass er yfir pH 5,3 en meðalsýrustig í jarðvegssýnum sem tekin voru, reyndist aðeins þar fyrir neðan eða pH 5,15. Því er ljóst að víða væri æskilegt að kalka, í það minnsta ef fyrirhuguð er endurræktun þessarra túnspildna.

Fosfór-gildi mældust víðast nokkuð há, P(al) 23,03 að meðaltali, enda mikið tekin sýni úr tünnum í gamalli rækt þar sem fosfór hefur náð að safnast upp í gegnum tíðina. Fosfór var hæstur á Ströndum, enda rík hefð þar fyrir að bera vel á af fosfór. Þar sem fosfór-gildi mælist vel fyrir ofan 10, er oftast óhætt að draga heldur úr fosförgjöf á spildur, án þess að það komi niður á uppskeru.

Kalí-gildi mældust sömuleiðis nokkuð há eða 1,03 að jafnaði. Erfiðara er að ráðleggja með kalískammta í túnaburði út frá jarðvegssýnum, heldur en fosfór þar sem kalí er

afar hreyfanlegt í jarðvegi og getur skolast út yfir veturinn. Þó má ætla að þar sem kalí-gildi fara vel yfir 1 megi draga talsvert úr kalíáburði á tún.

Önnur steinefni; kalsíum, magnesíum og natríum voru yfirleitt í góðu lagi. Þó fer gjarnan saman lágt sýrustig og lítið af þessum efnum.

### **Áburðaráætlanir**

Svipað umfang var í gerð áburðaráætlana og verið hefur. Er þar hvoru tveggja um að ræða, heilstæðar áætlanir og auk þess lausleg áburðarráðgjöf á nokkrum bæjum, út frá jarðvegs- og heysýnum. Afar gott er að hafa jarðvegs- og/eða heysýni til viðmiðunar þegar gerðar eru áburðaráætlanir svo og góðar upplýsingar um jarðvegsgerð, uppskeru og almenna reynslu hvers bónda.

### **Jarðabætur**

Umfang jarðabótaúttekta var svipað og verið hefur. Mest er um hreinsun skurða og hagaskýli fyrir hross. Einnig er nokkuð af úttektum vegna bætts aðgengis almennings að landi í tengslum við ferðaþjónustu. Nokkuð var tekið út af kölkun ræktunarlands og sömuleiðis breytingar á básum og fleira.

Talsvert af umsóknum skilaði sér inn fyrir 2006 og var stærsti flokkurinn þar endurbætur á gripahúsum, til bætts aðbúnaðar gripa og/eða bættrar vinnuástöðu.

## Búrekstraráætlanir 2005

**Þórður Pálsson**

Unnar voru 18 áætlanir fyrir bændur og þar af voru 15 styrkhæfar. Þetta er svipaður fjöldi af styrkhæfum áætlunum og var í fyrra, en nokkrir hafa hætt en aðrir komið í staðinn. Ekki er nægur hvati fyrir bændur að vera með í verkefninu og eru sumir sem ekki hafa skilað inn gögnum fyrir síðasta ár. Á meðan RHS rukkar ekki fyrir þau verk sem boðið er uppá í verkefninu virðist bændum finnast það einfaldara að sleppa því að skila inn bókhaldsgögnum en fá samt þjónustuna.

Einnig þarf að koma leiðbeiningum, sem bændur hafa mikinn áhuga á, inn í verkefnið eins og t.d. sauðfjárbótum þannig að um leið og unnið er að t.d. hagstæðari lánafyrirgreiðslum sé bóndanum einnig gefin ráð um það hvernig hann geti bætt sinn fjárstofn. Þannig held ég að hægt sé að gera verkefnið jákvæðara fyrir bóndann, ekki sé eingöngu rætt um leiðinlegar aðhaldsaðgerðir í fjármálum heldur sé einnig reynt að koma einhverju sem bóndinn hefur brennandi áhuga á í betra horf. Almennt virðast bændur nokkuð áhugalitlir um eigin rekstur og hvernig eigi að bæta hann.

## Niðurstöður heysýna 2005

Gunnar Ríkharðsson

Haustið 2005 voru alls send 94 sýni af heyi til efnagreininga af svæði RHS og fækkaði þeim því nokkuð frá fyrra ári. Kann það m.a. að skýrast af því að bændum finnst niðurstöður berast seint til þeirra en rétt er þó að hvetja þá til að senda sýnin til greininga strax að loknum heyskap.

Af þessum 94 sýnum voru 78 úr rúllum, 12 af þurrheyi, 2 af votheyi og 2 grænfóðursýni. Miðað við heysýni frá 2004 þá mælast sýnin frá 2005 heldur orku-, prótein- og steinefnaríkari en áður en þar sem um er að ræða mun færri sýni er erfitt að draga miklar ályktanir um heygæði milli ára.

Það er slæmt ef bændur - og þá sérstaklega kúabændur- sjá sér ekki hag í því að taka sýni af heyjum sínum til efnagreininga og láta síðan gera fóðuráætlun í framhaldi af því. Ekki hvað síst þegar aðstæður á markaði eru þannig að full ástæða er til að fullnýta afurðagetu allra kúa til mjólkurframleiðslu. Réttari fóðrun tryggir bæði meiri afurðir og betra heilsufar og því er peningum sem varið er til heyefnagreininga yfirleitt vel varið. Til að fá raunhæfa mynd af heyforða sýnum þurfa kúabændur að taka að lámarki 4-6 heysýni en það er þó háð því hve mismunandi túnin eru m.t.t. aldurs, gróðurfars og sláttutíma. Niðurstöður heysýna má síðan einnig hafa til hliðsjónar við gerð áburðaráætlana og ekki hvað síst ef heysýni eru tekin á hverju ári. Má þá oft t.d. sjá hvort ákveðnum steinefnum er ábótavant í vissum túnum og þá bregðast við því með réttri áburðargjöf.

1. tafla Niðurstöður heyefnagreininga á svæði RHS 2005.

	A-Hún	V-Hún	Strandir	2005	2004
Fjöldi	60	13	21	94	170
Þurrefni %	58	59	56	58	59
Meltanleiki %	69,5	70,2	70,5	69,8	69,5
Fem / kg þe	0,79	0,8	0,8	0,79	0,79
Hráprótein % þe	18,2	17,3	17,4	17,9	17,2
AAT g/kg þe	75	76	75	75	74
PBV g/kg þe	51	40	43	48	43
Kalsíum (Ca) g/kg þe	4	3,6	3,5	3,8	3,8
Fosfór (P) g/kg þe	3,7	3,9	3,4	3,7	3,4
Magnesium (Mg) g/kg þe	2,5	2,6	2,3	2,5	2,5
Kalíum (K) g/kg þe	20	19	19	20	17

# Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda

## Aðalfundur í Staðarflöt 26. apríl 2006

Mánudaginn 24. apríl 2006 var haldinn á Staðarflöt í Hrutafirði aðalfundur Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda fyrir árið 2005.

Dagskrá:

1. Formaður setur fund og skipar starfsmenn
2. Hverjir eru mættir
3. Skýrsla stjórnar – Jón Gíslason, formaður
4. Skýrsla framkvæmdastjóra og reikningar RHS – Gunnar Ríkharðsson
5. Umræður um skýrslur og reikninga
6. Starfsemi í einstökum búgreinum 2005
  - Sauðfjárræktin 2005 – Svanborg Einarsdóttir
  - Nautgriparæktin 2005 – Guðný Helga Björnsdóttir
  - Hrossaræktin 2005 - Gunnar Ríkharðsson
  - Markmiðstengdar búrekstraráætlanir – Þórður Pálsson
7. Umræður um skýrslur
8. Kaffi
9. Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda - Nefndarstörf
  - Fagmálanefnd : Starfsáætlun hverrar búgreinar næsta ár  
Aðrar tillögur
  - Allsherjarnefnd : Reikningar ársins 2005  
Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006  
Aðrar tillögur
10. Afgreiðsla mála
11. Kosningar (skoðunarmaður)
12. Önnur mál
  - Kynning á tillögum að sameiningu búnaðarsambanda við Húnaflóa
13. Fundarlök

1. Formaður RHS Jón Gíslason setti fundinn og stakk upp á Birgi Ingbórssyni sem fundarstjóra og Rafni Benediktssyni sem fundarritara og var það samþykkt. Þá tók fundarstjóri við fundarstjórn og kynnti dagskrá fundarins.

2. Á fundinn voru mættir eftirtaldir aðilar:

### **Stjórn RHS:**

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður  
Rafn Benediktsson, Staðarbakka, gjaldkeri  
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, ritari

### **Stjórn Búnaðarsambands A-Hún**

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður  
Birgir Líndal Ingbórsson, Uppsölum  
Gauti Jónsson, Hvammi

### **Stjórn Búnaðarsambands V-Hún**

Rafn Benediktsson, Staðarbakka, formaður

### **Stjórn Búnaðarsambands Strandamanna**

Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, formaður

### **Fulltrúar frá búgreinafélögum á svæði RHS**

Félag sauðfjárbænda í A-Hún:	Gísli Geirsson, Mosfelli.
Félag sauðfjárbænda í V-Hún:	Matthildur Hjálmarsdóttir Þóroddsstöðum.
Félag sauðfjárbænda á Ströndum:	Guðbrandur Björnsson, Smáhömrum.
Félag kúabænda í A-Hún:	Magnús Sigurðsson, Hnjúki
Nautgriparéktarfélag V-Hún:	Sigtryggur Sigurvaldason, Litlu-Ásgeirsá
Samtök hrossabænda í A-Hún:	Björn Magnússon, Hólabaki
Hrossaréktarsamtök V-Hún:	Enginn mættur

### **Ráðunautar:**

Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri

Guðný Helga Björnsdóttir

Svanborg Þ. Einarasdóttir

Þórður Pálsson

Kristján Eymundsson

(Anna Margrét Jónsdóttir er í fæðingarorlofi)

### **3. Skýrsla stjórnar - Jón Gíslason formaður RHS.**

Formaður bauð fundarmenn velkomna. Taldi tekjur RHS fara minnkandi vegna minni framleiðslu sem þýddi að meiri þjónustu yrði að selja út. Þá greindi hann frá því að unnið hefði verið í vetur að því að undirbúa sameiningu búnaðarsambandanna við Húnaflóa og yrði frekar um það rætt hér á fundinum. Nýlega er búið að ganga frá samningum við héraðsráðunauta.

### **4. Skýrsla framkvæmdastjóra og reikningar RHS – Gunnar Ríkharðsson.**

Gunnar taldi að síðasta ár hefði einkennst af bjartsýni hjá bændum vegna betri sölu og herra verðs á afurðum. Sagði að ekki gengi nógu vel að fá forðagæsluskýrslurnar frá bændum og spurning hvernig ætti við að bregðast. Þá sagði hann að fleiri og fleiri væru farnir að sæða sínar ær sjálfir og það gerði sauðfjársæðingarnar óhagkvæmari rekstrarlega séð fyrir RHS en væri að öllu öðru leyti hið besta mál. Varpaði fram hvort RHS ætti að hætta að bjóða upp á sauðfjársæðingar, selja einungis sæðið.

S.l. ár voru um það bil 4 ársverk hjá RHS. Kristján Eymundsson er nýlega kominn til starfa til afleysinga fyrir Önnu Margréti sem er í fæðingarorlofi. Um síðustu áramót var keypt bifreið til nota fyrir RHS. Er ætlunin að sjá hvað mikla notkun er hægt að koma á þennan bíl og meta svo framhaldið eftir því. Þá minntist Gunnar á þann feril sem hefur verið í gangi þ.e. að sameina búnaðarsamböndin þrjú og RHS. Þá fór framkvæmdastjóri yfir reikning RHS fyrir árið 2005 og útskýrði þá. Hagnaður var 223.588 kr. án fjármagnsliða.

Skýrslu Gunnars og reikningum svo og skýrslum ráðunauta var dreift í fjölríti til fundarmanna.

### **5. Umræður um skýrslur og reikninga.**

Sigtryggur Sigurvaldason spurðist fyrir um framkvæmd sauðfjársæðinga. Spurning hvort bændur sjálfir ættu ekki alfarið að sjá um sæðingarnar. Gunnar Ríkharðsson

taldi það alveg eins koma til greina að RHS hætti að veita þessa þjónustu og sem dæmi veitir BSSL ekki þessa þjónustu.

Guðbrandur Björnsson lýsti því hvernig sauðfjársæðingar hefðu gengið fyrir sig í Strandasýslu fyrir stofnun RHS. Taldi réttast að RHS léti sauðfjárræktarfélagunum þessa þjónustu eftir.

Reikningar síðan bornir upp og samþykktir.

## 6. Starfsemi í einstökum búgreinum 2005

### a) Sauðfjárræktin 2005 – Svanborg Einarsdóttir

Sagði að árið hefði verið tillölulega gott og vel gengið hjá Srandamönnum og V-Húnvetningum en slakari útkoma hefði verið í A-Hún. Vænti þess og vonaði að vinna ráðunauta minnkaði mikið við afkvæmarannsóknir með tilkomu nýs Fjávíss. Taldi að ná þyrfti námskeiði í sauðfjársæðingum inn á svæðið og síðan ætti að stefna að því að sauðfjársæðingur sæði sjálfir, þó svo að RHS sjái um að útvega sæðið.

### b) Nautgriparræktin 2005 – Guðný Helga Björnsdóttir.

Fór nokkuð yfir þróun meðalnytta kúa í A-Hún og V-Hún, meðalnytta hefur verið að aukast frá því árið 2004. Í nóv og des s.l. var hrundið af stað átaki til að auka mjólkurframleiðslu og hefur Guðný heimsótt flesta kúabændur í V-Hún vegna þess máls. Þá fór Guðný nokkuð yfir skiptingu sinnar vinnu hjá RHS s.l. ár.

### c) Hrossarræktin 2005 - Gunnar Ríkharðsson

Taldi að árið 2005 hefði verið nokkuð líflegt hjá hrossabændum. RHS sér nú um allt skýrsluhald í hrossarrækt á sínu starfssvæði. Í byrjun júní var haldin kynbótasýning á Hvammstanga þar sem um 30 hross komu til dóms. Töluverður tími fór í undirbúning og framkvæmd þessarar sýningar eins og venjulega.

### d) Markmiðstengdar búrekstraráætlanir – Þórður Pálsson

Á árinu voru um 15 styrkhæfar búrekstraráætlanir unnar. Taldi að áhugi hjá bændum fyrir þessari þjónustu þyrfti að vera meiri.

## 7. Umræður um skýrslur ráðunauta.

Matthildur Hjálmarasdóttir taldi það afturför að geta ekki fengið ráðunauta á fundi hjá sauðfjárræktarfélagunum sem halda fundi fyrir áramót. Birgir Ingþórsson efaðist um að peningum sem veitt væri til búrekstraráætlana væri beint á réttan stað.

Magnús Sigurðsson þakkaði framlagðar skýrslur og einnig þakkaði hann ráðunautum fyrir góð störf. Taldi að bændur þyrftu að huga vel að því að endurrækta tún og rækta græn fóður.

Gunnar Ríkharðsson varpaði því fram hvort ekki væri rökréttara að síðasti skiladagur fjárbóka væri 1. desember en ekki 1. mars. Taldi að kúabændur þyrftu að huga vel að því að hafa græn fóður um mitt sumarið því þá vantaði oft góða beit um það leyti.

Svanborg ræddi um skil á fjárbókum. Gæðastýringin segði að síðasti skiladagur væri 1. mars og RHS gæti ekki breytt því. Vonaði að nýr Fjávís leysti ýmsan vanda.

Guðný Björnsdóttir taldi allt of fá bú standa á bak við hagtölur frá Hagþjónustunni.

## 8. Afreiðsla mála

Guðný fór yfir starfsáætlun í nautgriparrækt og lagði til þá breytingu að markmiðið að fjölga bændum með Ískú verði fellt út. Áætlunin borin upp og samþykkt samhljóða.

Svanborg fór yfir starfsáætlun í sauðfjárrækt. Var hún síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

Gunnar Ríkharðsson fór yfir starfsáætlun í hrossarækt. Björn Magnússon vildi að ungfólaskoðun yrði með í áætluninni. Áætlunin borin upp og samþykkt samhljóða.

Þórður Pálsson fór yfir starfsáætlun í jarðrækt í forföllum Önnu Möggu. Taldi litla möguleika á að halda námskeið í NPK og landnýtingarátaki en full þörf á hvatningu í endurræktun og jarðrækt. Guðbrandur Björnsson spurðist fyrir um hvort athugað hefði verið með að fá skeljasand inn á svæðið á hagstæðum kjörum. Áætlunin borin upp og samþykkt samhljóða.

Þá var fjárhagsáætlun RHS fyrir 2006 dreift og fór Gunnar Ríkharðsson yfir hana og útskýrði. Fundarstjóri bar hana síðan upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

## 9. Kaffihlé.

## 10. Kosningar

Skoðunarmaður til tveggja ára. Stungið var upp á Stefáni Á Jónssyni og var það samþykkt. Varaskoðunarmaður til tveggja ára. Stungið var upp á Magnúsi Ólafssyni og var það samþykkt.

## 11. Önnur mál

Kynning á tillögu að sameiningu búnaðarsambandanna við Húnaflóa í eitt Búnaðarsamband við Húnaflóa (BVH)

Jón Gíslason fór yfir samkomulagsdrög sem búið var að vinna af formönnum búnaðarsambandanna. Var ljósriti af þeim dreift til fundarmanna.

Björn Magnússon spurði um hlutafjareign og um búnaðarþingskosningar.

Magnús Sigurðsson spurði um reglur fyrir Þróunarsjóð. Var ekki alls kostar ánægður með nafnið á nýja Búnaðarsambandinu. Vildi frekar láta það heita Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda (BHS).

Gísli Geirsson var sammála Magnúsi.

Jón Gíslason taldi að ýmis nöfn hefðu komið upp á vinnuferlinum og þetta nafn væri kannski ekki það eina rétta. Þá fór Jón yfir hlutabréfaeignina og hugmynd að framkvæmd búnaðarþingskosninga.

Rafn ræddi um hlutafjareign BSVH og nafnið á hinu nýja Búnaðarsambandi.

Birgir velti því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að hafa búnaðarþingskosningu svæðaskipta.

Jón Gíslason ræddi um kynningu á undirbúningi sameiningar til aðildarfélaganna.

Magnús Sigurðsson ræddi um kynningu sameiningar og sagði einnig að hann væri samþykktur því að stjórn hins nýja búnaðarsambands stjórni Þróunarsjóði.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs, fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og frestaði síðan fundi.

## 12. Fundarlok

## Rekstrarreikningur RHS árið 2005

<b>Rekstrartekjur:</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>Breyting</b>
Seldar vörur og þjónusta:			
1 Nautgriparækt.....	120.000	96.000	24.000
2 Sauðfjarrækt.....	1.298.719	1.355.197	-56.478
3 Hrossarækt.....	330.282	256.627	73.655
Landnýting.....	606.251	0	606.251
Búfjárfeftirlit.....	1.442.000	1.050.000	392.000
Ýmis þjónusta.....	53.500	244.597	-191.097
4 Sauðfjarrækt - vörusala.....	1.311.567	986.520	325.047
5 Námskeið og kennsla.....	156.000	557.000	-401.000
<b>Seldar vörur og þjónusta alls</b>	<b>5.318.319</b>	<b>4.545.941</b>	<b>772.378</b>
<b>Ýmsar tekjur</b>			
Húsaleigutekjur.....	48.000	50.000	-2.000
Akstur án vsk.....	38.310	87.840	-49.530
Akstur m vsk.....	0	62.000	-62.000
<b>Ýmsar tekjur alls</b>	<b>86.310</b>	<b>199.840</b>	<b>-113.530</b>
<b>Framlög og styrkir</b>			
BÍ-v. Búnaðarsjóður.....	7.665.720	8.193.329	-527.609
BÍ-v. Grunnframlag.....	6.904.431	7.206.159	-301.728
BÍ-v. Jöfnunarframlag.....	1.065.459	1.013.191	52.268
Framlag v. nautgriparæktar.....	500.805	410.187	90.618
Framlag v. sauðfjarræktar.....	335.635	835.019	-499.384
Framlag v. hrossaræktar.....	418.000	400.788	17.212
Framlög v búrekstraráætlana.....	750.000	375.000	375.000
Framlög v. búfjárfeftirlits.....	207.000	182.000	25.000
<b>Framlög og styrkir alls</b>	<b>17.847.050</b>	<b>18.615.673</b>	<b>-768.623</b>
<b>Rekstrartekjur alls</b>	<b>23.251.679</b>	<b>23.361.454</b>	<b>-109.775</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
6 Vörur til endursölu.....	1.184.203	964.693	219.510
7 Laun og starfsmannatengdur kostnaður	18.307.645	17.670.301	637.344
8 Aðkeypt þjónusta til endursölu.....	736.705	967.034	-230.329
9 Húsnæðiskostnaður.....	974.474	979.259	-4.785
10 Rekstur áhalda og tækja.....	313.326	451.683	-138.357
11 Skrifstofukostnaður.....	924.237	884.138	40.099
12 Ýmiss kostnaður.....	574.099	1.251.277	-677.178
Búfjárfeftirlit.....	13.402	12.026	1.376
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>23.028.091</b>	<b>23.180.411</b>	<b>-152.320</b>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða..	223.588	181.043	42.545
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
13 Vaxtatekjur.....	326.948	228.907	98.041
14 Vaxtagjöld og innheimtukostnaður	-129.889	-57.267	-72.622
<b>Fjármunatekjur alls</b>	<b>197.059</b>	<b>171.640</b>	<b>25.419</b>
<b>Hagnaður (tap) ársins.....</b>	<b>420.647</b>	<b>352.683</b>	<b>67.964</b>

## Efnahagsreikningur RHS 31. des. 2005

	2005	2004	Breyting
<b>Eignir</b>			
Fastafjármunir:			
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur.....	3.595.577	4.463.153	-867.576
15 Handbært fé.....	5.567.562	4.908.323	659.239
Veltufjármunir alls	9.163.139	9.371.476	-208.337
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>9.163.139</b>	<b>9.371.476</b>	<b>-208.337</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé:</b>			
Óráðstafað fé frá fyrra ári.....	4.166.148	3.813.465	352.683
Hagnaður (tap) ársins.....	420.647	352.683	67.964
Eigið fé alls	4.586.795	4.166.148	420.647
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
16 Viðskiptaskuldir.....	3.281.767	3.283.607	-1.840
17 Ógreitt vegna starfsfólks.....	838.501	1.534.785	-696.284
Virðisaukaskattur.....	325.941	288.092	37.849
18 Skammtímaskuldir.....	130.135	98.844	31.291
Skammtímaskuldir alls	4.576.344	5.205.328	-628.984
<b>Skuldir og eigið fé samtals.....</b>	<b>9.163.139</b>	<b>9.371.476</b>	<b>-208.337</b>

## Sundurliðanir 2005

	2005	2004	Breyting
<b>1 Nautgriparækt</b>			
V.Nautgripasæðinga.....	120.000	96.000	24.000
Nautgriparækt alls	120.000	96.000	24.000
<b>2 Sauðfjárrækt</b>			
Lambaskoðun, ráðunautar.....	648.006	666.500	-18.494
Lambaskoðun, aðstoðarmenn.....	136.887	60.480	76.407
Sauðfjársæðingar.....	375.378	452.112	-76.734
Sauðfjársvampanir.....	138.448	176.105	-37.657
Sauðfjárrækt alls	1.298.719	1.355.197	-56.478
<b>3 Hrossarækt</b>			
Kynbótadómar.....	179.277	167.871	11.406
Leiga á sónartækjum v hrossa.....	151.005	88.756	62.249
Hrossarækt alls	330.282	256.627	73.655
<b>4 Vörusala - Sauðfjárrækt</b>			
Sæði.....	1.210.663	866.417	344.246
Svampar.....	90.904	116.103	-25.199
Sæðingatæki.....	10.000	4.000	6.000
Sauðfjárrækt alls	1.311.567	986.520	325.047
	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>Breyting</b>
<b>5 Námskeið og kennsla</b>			
Kennsla án vsk.....	108.000	315.000	-207.000
Þátttökugjöld v. námskeiða án vsk	48.000	242.000	-194.000
Námskeið og kennsla alls	156.000	557.000	-401.000
<b>6 Vörunotkun - Sauðfjárrækt</b>			
Hrútasæði.....	1.068.300	830.238	238.062
Svampar.....	101.571	109.202	-7.631
Ýmislegt til endursölu.....	14.332	25.253	-10.921
	1.184.203	964.693	219.510
Vörunotkun alls	1.184.203	964.693	219.510
<b>7 Laun og starfsmannatengdur kostnaður:</b>			
Laun og launatengd gjöld:			
Heildarlaun og yfirvinna.....	11.405.394	11.371.095	34.299
Tryggingargjald.....	890.961	859.059	31.902
Lífeyrissj. séreign mótframlag 2%	227.337	201.165	26.172
Lífeyrissjóður mótframl. 6-11,5%	1.309.897	1.235.466	74.431
Sjúkra- og orlofssjóðsgjald.....	201.736	134.376	67.360
Laun og launatengd gjöld	14.035.325	13.801.161	234.164
Starfsmannatengdur kostnaður			
Tryggingar starfsfólks.....	51.175	49.500	1.675
Námskeið starfsmanna án vsk.....	95.460	56.480	38.980
Vinnufatnaður.....	0	57.038	-57.038
Akstur (í staðgr.).....	514.558	502.637	11.921
Akstur (undanþ. staðgr.).....	2.091.827	1.930.085	161.742
Dagpeningar.....	1.519.300	1.273.400	245.900
	4.272.320	3.869.140	403.180
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	18.307.645	17.670.301	637.344
<b>8 Aðkeypt þjónusta til endursölu:</b>			
Aðkeypt þjónusta v sauðfjár m/vsk	629.635	593.350	36.285
Aðkeypt þjónusta v hrossa m vsk.	42.000	37.500	4.500
Aðkeypt þjónusta v hrossa án vsk	40.000	34.255	5.745

Aðkeypt þjónusta v bændabókhalds m v	13.825	135.487	-121.662
Aðkeypt þjónusta v bændabókhalds án	0	33.513	-33.513
Ýmis aðkeypt þjónusta m vsk.....	11.245	132.929	-121.684
Aðkeypt þjónusta til endursólu	736.705	967.034	-230.329
<b>9 Húsnæðiskostnaður:</b>			
Rafmagn 24,5 % vsk.....	59.192	52.598	6.594
Hiti 14% vsk.....	23.720	21.096	2.624
Hiti án vsk.....	13.351	11.864	1.487
Rekstur sameignar.....	0	18.419	-18.419
Húsaleiga Hvammstangi.....	216.696	216.696	
Húsaleiga Blönduós.....	480.000	480.000	
Húsaleiga Borðeyri.....	165.000	165.000	
Hreinlætisvörur.....	16.515	13.586	2.929
	974.474	979.259	-4.785
<b>10 Rekstur áhalda og tækja:</b>			
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	232.647	346.026	-113.379
Gjaldfærður húsbúnaður m.vsk....	72.098	97.374	-25.276
Vátryggingar v tækja.....	8.581	8.283	298
	313.326	451.683	-138.357
	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>Breyting</b>
<b>11 Skrifstofukostnaður:</b>			
Sími og net Hvammstangi.....	94.887	90.211	4.676
Sími og net Blönduós.....	154.334	144.418	9.916
Sími og net Borðeyri.....	93.736	91.706	2.030
Sími ofl án vsk.....	90.000	0	90.000
Sími stofngjöld ofl.....	0	13.574	-13.574
Burðargjöld án vsk.....	161.226	169.511	-8.285
Burðargjöld m vsk.....	26.266	19.711	6.555
Innlendar bækur, blöð og tímarit..	51.285	65.154	-13.869
Rekstrarvörur v skrifstofu.....	28.931	42.864	-13.933
Pappír, prentun og ritföng.....	142.954	136.108	6.846
Rekstur tölvukerfis.....	80.618	110.881	-30.263
	924.237	884.138	40.099
<b>12 Ýmiss kostnaður:</b>			
Námskeið haldin af RHS kostn. án vsk	80.879	130.595	-49.716
Námskeið haldin af RHS kostn. m/vsk	0	36.064	-36.064
Ferðakostnaður.....	188.136	195.860	-7.724
Kaffikostnaður.....	25.512	34.094	-8.582
Eftirlaunaskuldbindingar.....	0	444.835	-444.835
Auglýsingar m/vsk.....	36.522	56.437	-19.915
Auglýsingar án vsk.....	16.500	18.000	-1.500
Annar kostnaður m 24,5% vsk.....	13.331	12.796	535
Annar kostnaður m 14% vsk.....	15.010	13.953	1.057
Annar kostnaður án vsk.....	0	4.809	-4.809
Óendurkræfur innskattur.....	198.209	303.834	-105.625
Ýmiss kostnaður	574.099	1.251.277	-677.178
<b>13 Vaxtatekjur og verðbætur:</b>			
Vaxtatekjur.....	255.553	205.435	50.118
Dráttarvextir (fengnir).....	71.395	23.472	47.923
Vaxtatekjur og gengismunur alls	326.948	228.907	98.041
<b>14 Vaxtagjöld:</b>			
Innheimtu og þjónustugjöld banka	-129.889	-57.089	-72.800
Dráttarvextir.....	0	-178	178
Vaxtagjöld og innheimtukostnaður alls	-129.889	-57.267	-72.622

<b>15 Handbært fé:</b>			
Tékkareikningur 2650.....	458.360	232.813	225.547
Markaðsreikningur 300565.....	5.109.202	4.675.510	433.692
Handbært fé alls	5.567.562	4.908.323	659.239
<b>16 Viðskiptaskuldir:</b>			
Ógreitt um áramót 2004-2005.....	0	1.738.607	-1.738.607
Ógreitt um áramót 2005-2006.....	2.263.490	0	2.263.490
Ógreitt v Jarðræktarv. V-Hun.....	1.018.277	1.545.000	-526.723
Viðskiptaskuldir alls	3.281.767	3.283.607	-1.840
<b>17 Ógreitt vegna starfsfólks:</b>			
Ógreidd laun.....	0	1.031.259	-1.031.259
Ógreiddur lífeyrissjóður.....	333.427	203.451	129.976
Ógreidd félagsgjöld.....	14.318	0	14.318
Ógreidd staðgreiðsla.....	490.756	300.075	190.681
Ógreitt vegna starfsfólks alls	838.501	1.534.785	-696.284
<b>18 Aðrar skammtímaskuldir:</b>			
Ógreidd opinber gjöld.....	0	12.806	-12.806
Ógreitt tryggingargjald.....	130.135	86.038	44.097
Skammtímaskuldir alls	130.135	98.844	31.291